

JÓNA DÖGG ÞÓRÐARDÓTTIR

Alltaf gaman að prófa eitthvað öðruvísi

matur helgin

allt í MIÐJU BLAÐSINS



SKÓLAR OG NÁMSKEIÐ

Listsköpun, línudans og störfín í sveitinni

Sérblað um skóla og námskeið

FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SVAVAR LÚTHERSSON

Í skaðabótamál við Smáis

Ístorrent opnað að nýju á miðnætti

FÓLK 42



FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

16. maí 2008 — 131. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR

### Kunnugleg andlit í Kolaportíð

Ragnhildur Steinunn er ein þeirra kunnuglegu sjónvarpskvenna sem munu selja notuð fót af sjálfum sér í Kolaportinu á morgun.

FÓLK 54



### Rennblaut endalok

Atlantis er merkingarþrungio listaverk sem stillt er upp í Reykjavíkurtjörn.

MENNING 36

### Fjögur lið með fullt hús

FH, Fram, Keflavík og Fjöltnir eru öll með fullt hús eftir fyrstu tvær umferðir Landsbankadeildar karla.

ÍÞRÓTTIR 48



## FÖSTUDAGUR

### Auðga lífið með ástinni

Beggi og Pacas í viðtali þar sem þeir segja frá óvenjulegu lífi sínu.

FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



## VEÐRIÐ Í DAG



LÉTTIR TIL NYRÐRA Í dag verður austan eða suðaustan 3-10 m/s, hvassast með suðurströndinni. Bjart með köflum norðan til og austan, annars skýjað með dálitilli vætu á víð og dreif. Hiti 3-11 stig.

VEDUR 4



LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK HAFIN Listahátíð í Reykjavík hófst í gær en hátíðin var fyrst haldin árið 1970. Sem fyrr verður um fjölmarga viðburði að ræða en meðal verka á hátíðinni er Dialogue eftir pólsku listamennina Önnu Leoniak og Fiann Paul, þar sem myndir af andlitum tæplega þúsund íslenskra barna prýða rústir húsanna á horni Lækjargötu og Austurstrætis.

# Dauðsföllum vegna sprautufíknar fjölgar

Yfirlæknir smitsjúkdómadeildar Landspítalans segir álag þar hafa aukist verulega vegna meðhöndlunar fíkniefnaneytenda. Á síðasta ári létust nær fjórir af hverjum tíu sem lagðir voru inn á gjörgæsludeild vegna sprautufíknar.

**HEILBRIGÐISMÁL** Einn af hverjum tíu sem lagðir eru inn á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi kemur þangað vegna afleiðinga vímuástands. Þóroddur Ingvarsson læknir, sem rannsakað hefur þessi mál, segir hlutdeild sprautufíkla hafa aukist mjög mikið meðal þessa hóps frá árinu 2003 og 2007.

Hann segir að á síðasta ári hafi 38 prósent þeirra sem voru lagðir inn vegna sprautufíknar látið lífið, eða alls sex manns, en enginn þeirra sprautufíkla sem lágu á gjörgæslu árið 2003 lést. „Þetta var allt ungt fólk og sárt að horfa á það fara svona,“ segir Þóroddur og ítrekar að tölurnar eigi aðeins við um þá sem létust á gjörgæsludeild.

„Þetta eru lífshættulegar sýkingar og dánartíðnin fimmtán til þrjátíu prósent. Samt sjáum við í rauninni bara toppinn á ísjakanum.“

**MAGNÚS GOTTFREÐSSON** YFIRLÆKNIR SMITSJÚKDÓMAEILDAR

Þá bendir hann á að dánartíðni þeirra sem leggjast inn á gjörgæslu sé 5,8 prósent en meðal sprautufíkla sé hlutfallið þrettán prósent á þessu fimm ára tímabili, jafnvel þótt meðalaldur fíklanna sé töluvert lægri en annarra sem þar eru lagðir inn.

Álag vegna meðhöndlunar

sprautufíkla hefur aukist mjög á starfsfólk smitsjúkdómadeildar Landspítalans. Að sögn Magnúsar Gottfredssonar, yfirlæknis smitsjúkdómadeildar, hafa alvarlegar en sjaldgæfar blóðsýkingar meðal sjúklinga mjög færst í vöxt. Fíkniefnaneysla eykur mjög hættu á slíkum sýkingum.

„Þetta eru lífshættulegar sýkingar og dánartíðnin fimmtán til þrjátíu prósent. Samt sjáum við í rauninni bara toppinn á ísjakanum. Það er mjög átakanlegt að horfa upp á þetta fólk sem ætti að eiga framtíðina fyrir sér láta lífið eða glíma við króníska sjúkdóma af völdum fíkniefnaneyslu,“ segir Magnús.

## Ráðherrar Sjálfstæðisflokks: Ósammála um þjóðaratkvæði

**EVROPUMÁL** Geir H. Haarde forsætisráðherra tekur ekki undir það sjónarmið Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra að til greina komi að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um hugsanlegar aðildarviðræður að Evrópusambandinu á næsta kjörtímabili.

Björn Bjarnason dómstálaráðherra telur umræðu um þjóðaratkvæðagreiðslu ótímabæra, hagsmunum Íslands sé vel borgið með EES-samningnum. Árni Mathiesen fjármálaráðherra sagði í fyrirspurnartíma á Alþingi í gær að ótímabært væri að tala um dagsetningar um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Afstæða allra ráðherranna til ESB-aðildar er skýr. Þeir eru á móti aðild eins og sakir standa þar sem hún henti ekki hagsmunum Íslands.

- shá / sjá síðu 4

Óskar Ágústsson á tímamótum:

## Unnið í hálföld í sorphirðu

**TÍMAMÓT** Óskar Ágústsson hefur starfað í fimmtíu ár samfelldt við sorphirðu í Reykjavík. Af því tilefni var honum haldið heiðurshóf á Kaffi Flóru í Grasagarðinum í gær.

Þó að slík störf kalli á að menn rífi sig upp fyrir allar aldir virðist það ekkert aftra Óskari en hann hafði einungis tekið tvo veikindadaga á þessari öld þegar veikindi lögðu hann í nokkra daga í vetur.

Þeim virðist haldast vel á mannskapnum í sorphirðu Reykjavíkurborgar því kollegi hans, Þórólfur Þorleifsson, hefur unnið þar í 51 ár. Það er engu líkara en þessi störf gangi í erfðir því feður þeirra beggja unnu einnig við sorphirðu borgarinnar.

- jse / sjá síðu 18



ÓSKAR ÁGÚSTSSON

2834 / 16.04

**IG veiði vörur**

**Vönduð veiðafæri**

Þú færð IG veiðivörur í næstu sportvörverslun

**Kafbátur mánaðarins**

**SUBWAY**

...snjall leikur í hádeginu!

**329 kr**

17 Subway staðir um allt land

**OPIÐ**

til **20** alla daga

**HAGKAUP**

Ein ferð betra verð

## SPURNING DAGSINS



Guðmundur, takið þið Hagavagninn oft?

„Ekki lengur, hann er hættur að ganga.“

Guðmundur Sigurjónsson er formaður Strætókórsins sem fagnar fimmtíu ára afmæli um þessar mundir.

Minnihlutinn vill skýringar eftir að upplýst er um launahæstu borgarstarfsmenn:

## Tuttugu fá milljón á mánuði

**BORGARSTJÓRN** Nærri tuttugu manns fá yfir 950 þúsund krónur í mánaðarlaun hjá Reykjavíkurborg.

Þetta kemur fram í tilkynningu Ólafs F. Magnússonar borgarstjóra, en þar segir einnig að á fimmta tug starfsmanna Reykjavíkurborgar hafi hærri laun en nýráðinn framkvæmdastjóri miðborgarmála, Jakob Frímagnússon. Jakob Frímagnússon fær nú 710 þúsund á mánuði eftir að hann sagði sig úr tveimur nefndum á vegum borgarinnar í gær. Ólafur hafnar því að hafa ráðið Jakob á pólitískum forsendum enda hafi verið leitað til annarra fyrst.

„Sú staðreynd að leitað var til Kristínar Einarsdóttur sem gegndi



**BORGARSTJÓRI OG AÐSTOÐARKONAN** Ólafur F. Magnússon hafnar því að miðborgarstjóri hafi verið ráðinn pólitískt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

starfi miðborgarstjóra í tíð R-listans vitnar um að hér var ekki um pólitíska ráðningu að ræða,“ segir borgarstjórnin.

Svandís Svavarsdóttir, oddviti

Vinstri grænna, vill að mannaúdstjóri borgarinnar taki saman margvíslegar upplýsingar varðandi þessi mál. Meðal annars vill Svandís fá rökstuðning á röðun Jakobs í launaflokk og fyrir því að hann var ráðinn sem starfsmaður en ekki embættismaður, ólíkt fyrri miðborgarstjóra.

Þá sagði minnihlutinn í sameiginlegri bókun að svör Ólafs hrektu í engu að ráðning Jakobs væri „pólitísk ráðning á sérkjörum“. Við blasti að starf Jakobs væri ósamþærilegt við starf fyrirverandi miðborgarstjóra „enda bar miðborgarstjóri fjárhagslega ábyrgð og fór með viðameiri verkefni“.

- gar

Lækkun fasteignaverðs:

## Verðið lækkaði um 1,7 prósent

**FASTEIGNIR** Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu lækkaði um 1,7 prósent í liðnum mánuði samkvæmt upplýsingum Fasteignamatís ríkisins. Sé horft þrjú mánuði aftur í tímann hefur verðið lækkað um þrjú prósent. Yfir tólf mánaða tímabil hefur verðið hins vegar hækkad um sjö prósent.

Velta á fasteignamarkaði hefur dregist verulega saman á undanföllum mánuðum. Í vikunni 2.-8. maí var 62 kaup-samningur þinglýst á höfuðborgarsvæðinu og var veltan um 1,8 milljarðar.

- mh



**VINIR** Ehud Olmert og George W. Bush kasta mæðinni í skoðunarferð um Masada-virkid fornfræga.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bush í Ísrael:

## Lýsir bjartsýni á framtíðina

**ÍSRAEL, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti samfagnaði í gær Ísraelum er þeir héldu upp á sextíu ára afmæli Ísraelsríkis. Hann spáði því að á 120 ára afmæli þess myndi það hafa sjálfstætt ríki Palestínumanna sér við hlið og lýðræðisríki sem náganna allt í kring, sem væru laus við þá kúgun, frelsishömlur og ófgahreyfingar múslima sem væru áberandi þar í dag.

Bush gaf þessa bjartsýnu lýsingu á Mið-Austurlöndum ársins 2068 í ræðu í Ísraelsþingi. „Palestínska þjóðin mun hafa það ríki sem hana hefur svo lengi dreymt um og hún verðskuldað; lýðræðis- og réttarríki þar sem mannréttindi eru virt og hryðjuverkum hafnað,“ sagði hann.

- aa

### KJARAMÁL

#### Sameining félaga í deigluinni

Aðalfundur Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi hefur falið stjórn félagsins að ganga til samninga við stjórn Starfsmannafélags Árborgar með það að markmiði að sameina þessi tvö félög.

## Taka hryllingsmynd í afdönkuðu varðskipi

Varðskipið Þór, sem síðar var breytt í veitingastað og málað gylltum litum, liggur nú við festar í Gufunesi í óþökk Íslenska gámafélagsins sem leigir svæðið af Faxaflóahöfnum. Kvikmyndagerðarmenn vilja gera hryllingsmynd í skipinu.

**UMHVERFISMÁL** Vandráðaskipið Thor hefur verið flutt úr Reykjavíkurhöfn að bryggju við Gufunes.

Thor var áður varðskipið Þór. Skipið var gefið Slysavarnaskóla sjómanna en var síðan breytt í fljóntandi veitingastað í Hafnarfjarðarhöfn og nafni þess breytt í Thor auk þess sem það var málað í gylltum lit frá skut og fram í stefni. Til stóð um tíma að sigla Thor til Spánar og láta það þjóna þar sem diskótek.

Frá árinu 2001 safnaði Thor á sig hafnargjöldum í Reykjavíkurhöfn allt þar til í fyrria að gjöldin voru greidd í þann mund sem efna átti til uppboðs á skipinu. Að sögn Gísla Gíslasonar, hafnarstjóra Faxaflóahafna, hafa hafnargjöldin þó verið í vanskilum síðan.

„Það er auðvitað ekki pláss endalaust fyrir óreiðuskipi Reykjavíkurhöfn. Sumarið er á næsta leiti og þetta skip myndi verða fyrir við Skarfabryggju þegar skemmtiferðaskipin koma,“ segir Gíslur.

Fyrir stuttu var óskað eftir því við Júlíus Vífill Ingvarsson, formann stjórnar Faxaflóahafna, að höfnin styrkti með ýmsum hætti kvikmyndagerðarmennina Ingvar Þórðarson og Júlíus Kemp sem vilja nota Thor í sumar til að taka upp inniatriði í hvalaskoðunar-hryllingsmynd. Júlíus segist hafa rátt við Ingvar og Þórð á einum óformlegum fundi.

„Þetta eru sömu menn og gerðu Astrópiu sem þeir gerðu mjög vel og var skemmtileg mynd. Ég hjálpa þeim eins og ég get í gegnum Faxaflóahafnir og eðlilegt getur



**GYLLTA VARÐSKIPIÐ** Þór, sem þjónaði í þorskastríðunum og átti um tíma að verða fljóntandi diskótek á Ibiza, gæti orðið umgjörð fyrir hryllingsmynd í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



INGVAR ÞÓRÐARSON OG JÚLÍUS KEMP



JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON

gar@frettabladid.is

talist en hef þó ekki getað lofað þeim neinu ennþá,“ segir Júlíus Vífill.

Meðal þess sem kvikmyndagerðarmennirnir óska eftir er aðstoð Faxaflóahafna við að draga vélarvana hvalveiðiskip upp í Hvalfjörð fyrir útitökur þar. „Það komum við til með að veita þeim ljúflega og með ánægju,“ segir Júlíus Vífill.

Sævar Sigurðsson hjá Íslenska gámafélaginu, sem leigir hafnar-svæðið í Gufunesi undir endurvinnslustarfsemi sína, er ósáttur við að Thor hafi verið fluttur að bryggju þar.

„Við erum að reyna að fegra í kringum okkur og þetta gyllta hryllingsskip fellur ekki beint að þeirri mynd,“ segir Sævar Sigurðsson.

Mótmælendur á þingpöllum:

## Hrópuðu að þingheimi

**ALÞINGI** Mótmælendur, sem kenndir eru við atvinnubljástjóra, gerðu hróp að þingheimi í gær á meðan rætt var um hörmungar jarðskjálftanna í Kína. Var kallað að þingmönnum að þeir ættu að hugsa um hag Íslendinga áður en þeir fjölluðu um fólk í útlöndum.

Purfti þingforseti að biðja fólk um að hafa hljóð. Við því var ekki orðið í snarti en skömmu síðar gekk fólk í burt.

Áður en til þessa kom stóð fólk um að fundarhaldi á Austurvelli.

- bps



EM Keppnin dregur að sér milljónir gesta í júní.

Svissneska lögreglan:

## EM skotmark hryðjuverka?

**HRYÐJUVERK** Evrópumótið í knattspyrnu verður skotmark hryðjuverkasamtakanna al-Kaída, samkvæmt talsmanni svissnesku lögreglunnar.

Mótið fer fram í Sviss og Austurríki í júní og dregur að sér milljónir gesta hvaðanæva að úr heiminum. Í viðtali við svissneska dagblaðið La Liberté segir Jürg Bühler, talsmaður svissnesku lögreglunnar, að hótanir um hryðjuverk hafi birst á íslömskum vefsíðum. Af þeim sökum fylgist lögregluþyrirvöld grannt með framvindu málsins og leitað verði sérstaklega á fólk frá „áhættusvæðum“ í Mið-Austurlöndum sem sækja leiki í keppinni.

- kg

Herstjórnin í Búrma viðurkennir að hjálpargögn hafi ekki öll komist til skila:

## Segist refsá þeim sem stela

**BÚRMA, AP** Herstjórnin í Búrma sagðist í gær ætla að taka hart á hverjum þeim sem hirti eða seldi erlend hjálpargögn, sem ætluð eru fórnarlömbum fellibylsins Nargis sem reið yfir landið 12. maí síðastliðinn.

Stjórnin hefur sjálf verið sökuð um að hirða hjálpargögnin og jafnvel selja þau, auk þess sem hún hefur tafið fyrir því að aðstoð berist til nauðstaddra. Fréttir hafa borist af því að hjálpargögnin hafi verið seld á opnum mörkuðum, auk þess sem her landsins hafi tekið eitthvað af þeim til eigin nota.

Með því að hótta refsingu fyrir slíkt viðurkennir stjórnin óbeint að hjálpargögnin hafi ekki öll komist til skila.

Stjórnin sagði í gær að rúmlega 43 þúsund manns hefðu farist, en Rauði krossinn segir að tala látinna geti farið upp í 128 þúsund.

Töluvert magn af hjálpargögnum, svo sem vatni, teppum, flugnanetum, lyfjum og tjöldum, hefur verið sent til landsins á síðustu dögum. Sameinuðu þjóðirnar og Rauði krossinn segja að 1,6 til 2,5 milljónir manna þurfi nauðsynlega á aðstoð að



**MUNKAR Í BÍDRÖÐ** Í einu úthverfa Rangún mátti í gær sjá þessa munga stilla sér upp til að þiggja matargjafir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

halda. Einungis lítill hluti af þeim hafi þó fengið aðstoð.

Herstjórnin hefur staðið fast á því að hleypa engum útlendingum inn í landið til að veita aðstoð eða dreifa hjálpargögnum, heldur krefst þess að sjá sjálf um það erfiða verkefni.

- gb

VÍKKKAÐU  
SJONDEILDAR-  
HRINGINN!

Nemendur Háskólans í Reykjavík  
geta farið í skiptinám til u.þ.b.  
300 háskóla um allan heim.

Umsóknarfrestur er til 30. maí  
Kynntu þér námið á [www.hr.is](http://www.hr.is)

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY





# Opinn dagur á gamla varnarsvæðinu

laugardaginn 17. maí kl. 14 – 17

## OPINN DAGUR

Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, Kadeco, Reykjanesbær og Háskólavellir vinna saman að uppbyggingu háskóla- og þekkingarsamfélags á gamla varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Á morgun, laugardaginn 17. maí, verður opinn dagur þar sem starfsemin á svæðinu verður kynnt.

- Keilir kynnir nám næsta vetrar í höfuðstöðvum sínum og við Menntaveg (Akademían)
- Rúmgóðar og vel búnar námsmannaibúðir svæðisins til sýnis
- Starfsemi Kadeco kynnt
- Reykjanesbær kynnir þjónustu sveitarfélagsins
- Leikskólinn Völlur, sem rekinn er af Hjallastefnunni, verður opinn
- Samkaup bjóða börnum upp á djús og ís
- Langbest opnar nýjan veitingastað og býður upp á vöflur og kaffi
- Línuskautahöllin opin, hoppukastalar og innileikvöllur í boði Háskólavalla
- Goða pylsur og ískalt kók fyrir alla



**Keilir**  
Atlantic Center  
of Excellence

| GJALDMIÐLAR     | KAUP SALA     |
|-----------------|---------------|
| Bandaríkjadalur | 77,33 77,69   |
| Sterlingspund   | 150,38 151,12 |
| Evra            | 119,82 120,50 |
| Dönsk króna     | 16,051 16,145 |
| Norsk króna     | 15,219 15,309 |
| Sænsk króna     | 12,824 12,900 |
| Japanskt jen    | 0,7362 0,7406 |

|     |        |        |
|-----|--------|--------|
| SDR | 125,08 | 125,82 |
|-----|--------|--------|

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

154,7626

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lögreglan á Suðurnesjum rannsakar tilraun til íkveikju í fjölbýlishúsi:

## Ekki vitað hver var að verki

**LÖGREGLUMÁL** „Við vitum ekki hver var að verki en það er ljóst að þetta hefði getað farið illa,“ segir Jóhannesson Jensson hjá rannsóknardeild lögreglu á Suðurnesjum um tilraun til íkveikju í fjölbýlishúsi að Mávabraut 11 í Reykjanesbæ.

Aðfaranótt miðvikudags var gerð tilraun til þess að kveikja í fjölbýlishúsi með því að skvettu eldfimur vökva á gólf og veggi og bera eld að. „Það hafði greinilega verið gerð tilraun til þess að kveikja í en það tókst ekki sem betur fer,“ segir Jóhannes. „Stórhætta hefði getað skapast þar sem það eru vitanlega íbúar í húsinu.“

Íbúar í húsinu sem Fréttablaðið ræddi við í gær vildu ekki tjá sig um málið en sögðu upplýsingum um það hafa verið komið til lögreglu.

Ekki er ljóst nákvæmlega hvenær íkveikjutilraunin átti sér stað. Að sögn Jóhannesar eru sýni sem tekin voru af vökvanum nú í efnagreiningu.



REYKJANESBÆR Lögreglan á Suðurnesjum lítur málið alvarlegum augum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jóhannes biður alla þá sem einhverjar upplýsingar geta veitt um málið að setja sig í samband við lögreglu í síma 420-1700. „Við lítum þetta alvarlegum augum. Sá sem svona gerir er hættulegur,“ segir Jóhannes.

## Stílbrot í skattlagningu lagað: Söluhagnaðurinn orðinn skattfrjáls

**VIÐSKIPTI** Alþingi samþykkti í gær frumvarp fjármálaráðherra um skattfrelsi söluhagnaðar af hlutabréfum.

Hingað til hafa fyrirtæki getað frestað því að greiða skatta af söluhagnaði hlutabréfa, gegn því að endurfjárfesta með söluhagnaðinum innan tveggja ára.

Ríkisskattstjóri sagði í umsögn um frumvarpið til efnahags- og skattanefndar Alþingis að skattfrelsi söluhagnaðar væri stílbrot í skattlagningu.

Einnig var gagnrýnt að samkvæmt frumvarpinu mætti draga frá skattstofni kostnað vegna skattfrjálsra tekna.



VIÐRAR VEL TIL ÚTIVERKA Blíðan og barnabarnið knúðu Ragnar til útiverka í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Blíðviðri í borginni:

## Gert klárt fyrir blíðu og barn

**MANNLÍF** Veðrið síðustu daga hefur minnt marga á að ekki sé seinna vænna að hefja sumarstörfin. Það var þó ekki einungis það sem knúði Ragnar Jónsson til útiverka í garðinum hjá sér á Hofteigi.

„Þannig er mál með vexti að tengdadóttirin sem býr í kjallaranum á von á sér og þau segja að erfinginn komi ekki fyrr en allt sé orðið fínt svo það er best að hafa garðinn til,“ segir hann. „Þá hlýtur hann að koma.“

Ragnar þurfti ekki að láta sér leiðast við störfin í gær en mikil umferð gangandi vegfarenda var við húsið. Enda er veður svo gott að fólk hefur ákveðið að skella sér út og að verki loknu vonar Ragnar að barnabarnið leiki það eftir.

# Sjálfstæðismenn ósamstiga um þjóðaratkvæðagreiðslu

Ólíkar áherslur eru á meðal ráðherra sjálfstæðismanna um leiðir varðandi hugsanlegar aðildarviðræður að Evrópusambandinu. Þjóðaratkvæðagreiðsla kemur til greina á næsta kjörtímabili segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. Geir H. Haarde og Björn Bjarnason útiloka það og segja umræðuna ótímabæra.

**EVROPUMÁL** „Kjarni málsins er sá að við höfum mjög gott samstarf við Evrópusambandið á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og við eigum að nýta þau tækifæri sem það gefur okkur,“ sagði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra að loknum fundi sjálfstæðismanna um Evrópumál í gær. Hann telur ótímabært að ræða þjóðaratkvæðagreiðslu eða stjórnarskrárbreytingar vegna Evrópumála.

Geir H. Haarde forsætisráðherra telur einnig ótímabært að ræða um þjóðaratkvæðagreiðslu um Evrópusambandsaðild á þeim nótum sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra gerði á miðvikudag. Hún hefur þó lýst afdráttarlausri skoðun sinni um að hún sé á mótí ESB-aðild en vill opna umræðuna, sem sjálfstæðismenn eigi að leiða.

Þorgerður ræddi um Evrópumál á fundi í Kópavogi og sagði koma til greina að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um hugsanlegar aðildarviðræður að Evrópusambandinu á næsta kjörtímabili. Hún telur jafnvel nauðsynlegt að gera nauðsynlegar stjórnarskrárbreytingar á þessu kjörtímabili vegna slíkrar atkvæðagreiðslu.

Evrópumál voru rædd á opnum fundi sjálfstæðismanna í Valhöll í gær. Þar kom fram afdráttarlaus skoðun Björns Bjarnasonar

## Snýst um hagsmuni Íslands

„Það mál er ekki tímabært að ræða á þessu stigi og engin leið að tíma-setja slíkt,“ segir Geir H. Haarde forsætisráðherra spurður um orð Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra um þjóðaratkvæðagreiðslu um hugsanlegar aðildarviðræður að Evrópusambandinu á næsta kjörtímabili. „Auðvitað liggur fyrir að ekki verður gengið í ESB án þjóðaratkvæðagreiðslu. Einnig hefur verið rætt um að halda eigi þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort ganga eigi til viðræðna.“

Geir segir að í þingflokki sjálfstæðismanna séu Evrópumálin rædd reglulega. „Við höldum auðvitað áfram að ræða

þetta mál og við munum væntanlega vera virkari í því að kynna okkar afstöðu í málinu heldur en verið hefur. Það er enginn asi eða flýtir í þessu máli. Við höfum verið sakaðir um að vilja ekki ræða þetta. Það er mjög rangt. Við viljum gjarnan ræða þetta. Okkar afstaða er alveg skýr, við teljum Evrópusambandsaðild ekki þjóna hagsmunum Íslands. Málið snýst um það hvað þjónar hagsmunum Íslands, það er ekkert leyndarmál. Það sem við höfum verið að tala um, bæði ég og varaformaðurinn, er að við ætlum að vera duglegri að segja frá því. En hins vegar tel ég ekki að þetta sé forgangsmál í pólitískri umræðu eins og sakir standa.“



GEIR H. HAARDE Segir ESB-aðild ekki forgangsmál í pólitískri umræðu og hún þjóni ekki hagsmunum Íslands eins og mál standi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ekkert benti til þess aðild að ESB myndi bæta einhverju við það.

Spurður um skoðun Þorgerðar segir Björn að hann hafi ekki heyrt málflutning varaformannsins en það sé hans mat að enginn ágreiningur sé innan þingflokksins um Evrópumál. „Menn fara ekki í að breyta stjórnarskrá eða efna til þjóðaratkvæðagreiðslu nema að það sé búið að taka pólitískar ákvarðanir um að það sé nauðsynlegt vegna þess sem stjórnvöld vilja að nái fram að ganga,“ sagði

Björn og vitnaði til þingflokksfundar Sjálfstæðisflokksins í fyrri viku þar sem þessi skoðun var uppi.

Spurður um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður að Evrópusambandinu segir forsætisráðherra umræðuna ótímabæra og enga leið að tíma-setja hvenær slíkt komi til greina. „Það er ekkert sem knýr á um það að taka neinar slíkar ákvarðanir núna eins og sakir standa. Okkar afstaða í Sjálfstæðisflokki er skýr. Við teljum að það þjóni ekki okkar hagsmunum að ganga í bandalagið og það er niðurstaða okkar í billi.“

## LÖGRELUFRÉTTIR

### Hraðakstur á Selfossi

Lögreglan á Selfossi stöðvaði sautján ökumenn vegna hraðaksturs innanbæjar á Selfossi í gær. Flestir öku á 60 til 70 kílómetra hraða á klukkustund þar sem hámarkshraði er 50.

## Kia Sportage

Ekin 30.000 km / Skráður 2007 / Dísel  
Dráttarbeisli fylgir



Verð: 2.990.00,-

Klettháls 11  
www.bilathing.is | Sími 590 5040

BÍLAPING HEKLU

## VEÐURSPÁ




Sigurður P. Ragnarsson veðurfræðingur

### HELGARHORFUR

Um helgina eru horfur á austlægu og suðaustlægu áttum, yfirleitt hægum. Á morgun má búast við vætu vestan til á landinu, einkum fyrir hádegi, en síðan dregur væntanlega úr vætunni. Á sunnudag verður yfirleitt úrkomulítið.

Á MORGUN 8-10 m/s SV-til, annars mun hægari.

SUNNUDAGUR 10-12 m/s SV, annars 3-8. Úrkomulítið.



### HEIMURINN

|                 |     |
|-----------------|-----|
| Kaupmannahöfn   | 19° |
| Billund         | 19° |
| Ósló            | 12° |
| Stokkhólmur     | 10° |
| Gautaborg       | 18° |
| London          | 16° |
| Paris           | 22° |
| Frankfurt       | 23° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Berlín          | 18° |
| Alicante        | 20° |
| Mallorca        | 22° |
| Basel           | 24° |
| Eindhoven       | 22° |
| Las Palmas      | 23° |
| New York        | 14° |
| Orlando         | 32° |
| San Francisco   | 25° |

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig er í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.

# Buon appetito!

## Ítalskir dagar

### GRILLUÐ NAUTALUND

7-800 g nautalund  
4 lúkur klettasalat (rucola)  
200 g parmesanostur  
1 stk. sítróna, skorin í fernt  
ólífuolía  
þykkt balsamikedik  
maldon salt  
pipar

Hitið grillið vel og brúnið kjötið á háum hita, á öllum hliðum, í um 3-4 mín. Lækkið hitann og setjið kjötið á grind fyrir ofan grillið og eldið í um 5-8 mín. eftir því hversu rautt þið viljið hafa kjötið. Setjið þykkt balsamikedik á fjóra diska á meðan og eina lúku af klettasalati á hvern disk. Látið kjötið standa í um 5 mín. á skurðarbretti eftir grillun. Sneiðið nautalundina í þunnar sneiðar og leggið á salatið. Kryddið vel með salti og pipar. Dreypið vel af góðri ólífuolíu yfir, rífið parmesanost gróft yfir og berið fram með sítrónubátum.



25%  
afsláttur

3.198 kr/kg  
Verð áður 4.264.-

Nautalund  
íslensk

Kjöt & Fiskskorgið  
Alltaf ferskt



Sikileyskur  
kálfapottréttur



Napolí lambainnalæri  
m/myntu, hvítlauk og sítrónu



Ungnautagrillsteik  
tilbúin beint á grillið



Lambaspjót  
í ljúffengri marineringu



10%  
afsláttur  
við kassa



Copaim ferskt pasta  
- eðal pasta fyrir sælkera



Ítalía pastasósur 100% lífrænar  
- með basilíku og grænmeti



10%  
afsláttur  
við kassa



Ítalía risotto  
- tómata og basil, osta og trufflusveppa risotto



30%  
afsláttur  
við kassa

Ítalíu ferskt pasta  
- ekta ítalskt

OPIÐ  
til 20  
alla daga

Tilboðin gilda til 18. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP  
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**

Hefur þú komið til Flateyrar?

|     |       |
|-----|-------|
| Já  | 54,8% |
| Nei | 45,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**  
Vilt þú að Íslendingar taki á móti erlendum flóttamönnum?

Segðu skoðun þína á [visir.is](http://visir.is)

Hæstiréttur staðfesti þriggja ára fangelsisdóm yfir Róberti Árna Hreiðarssyni:

## Ítrekuð og alvarleg kynferðisbrot

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær þriggja ára fangelsisdóm yfir Róberti Árna Hreiðarssyni, fyrrverandi lögmanni, fyrir kynferðisbrot gegn fjórum 14 og 15 ára stúlkum. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi Róbert Árna í september síðastliðnum en með dómnum í gær er hann sýknaður af vörslu barnakláms.

Við ákvörðun refsingar var litið til þess að Róbert Árni nýtti sér yfirburði aldurs og reynslu gagnvart stúlkunum sem hann vissi að stóðu höllum fæti en hann tældi hluta stúlkanna til kynferðismaka við sig gegn peningagreiðslu.



**HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS** Sá dæmdi villti á sér heimildir og tældi stúlkurnar til funda við sig.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stúlkurnar komst hann í samband við með því að villa á sér heimildir á netinu. Brot hans eru

í dómnum sögð ítrekuð, þau alvarleg og brotavilji hans einbeittur. Hafði hann meðal annars annast hagsmunagæslu fyrir brotþola í sakamálu og sinnt verjendastörfum í kynferðisbrotamálu.

Er Róbert Árni dæmdur til að greiða stúlkunum miskabætur á bilinu 300 þúsund krónur til einnar milljónar, samanlagt 2,4 milljónir króna auk vaxta og dráttarvaxta. Að auki er honum gert að greiða tæpar þrjár milljónir króna í sakarkostnað. Þá staðfesti hæstiréttur dóm héraðsdóms um sviptingu á lögmannsréttindum Róberts Árna.

- ovd

Fjármál í Noregi:

## Ríkissjóður yfirfyllist af fé

**NOREGUR, AP** Afgangur af fjárlögum Noregs stefnir í það að verða 23 prósentum meiri í ár en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.

Aðalorsökinn er sú mikla hækkun sem orðið hefur á verði olíu og jarðgass. Í nýrri endurskoðun fjárlaga kemur fram að nú er reiknað með að afgangur ársins verði 424,2 milljarðar norskra króna, andvirði um 6.670 milljarða íslenskra. Áður hafði afgangur ársins verið áætlaður andvirði 5.400 milljarða íslenskra króna.

Ríkisstjórnir Noregs reyna jafnan að reka ríkissjóð á núlli að olíugróðnum frátöldum.

- aa

**-2 kr.**

Sæktu um ÓB-lykilinn á [www.ob.is](http://www.ob.is)

## Óskaði umsagna á svig við þingreglur

Formaður heilbrigðisnefndar Alþingis leitaði umsagna um frumvarp um sjúkratryggingar áður en það var tekið á dagskrá þingsins. Stjórnarandstaðan brást illa við og krafðist þess að umsagnabeidnir yrðu kallaðar aftur.

**ALÞINGI** Ásta Möller, formaður heilbrigðisnefndar Alþingis, óskaði fyrir viku eftir umsögnum um frumvarp heilbrigðisráðherra um sjúkratryggingar. Þá hafði frumvarpinu verið dreift í þinginu en ekki verið tekið á dagskrá.

Þar sem frumvarpið var seint fram komið þurfti að leita afbrigða frá þingskaparlögum svo taka mætti það til meðferðar. Var það gert í gær. Greiddu þingmenn Framsóknarflokksins og VG atkvæði gegn þeirri tilhögun enda krafa þeirra að meðferð verði frestað til hausts.

Þegar umræður um málið voru skammt á veg komnar upplýsti Ásta Möller að hún, sem formaður heilbrigðisnefndar, hefði þegar sent málið til umsagnar og að umsagnirnar ættu að liggja fyrir á fundi nefndarinnar á þriðjudag. Við þessi tíðindi brást stjórnarandstaðan ókvæða enda algild vinnubrögð að umsagna við frumvörp sé leitað eftir að þingið hefur vísað málu til nefndar sem svo aftur samþykkir að leita umsagna.

Eftir fund með þingflokksformönnum í hádegishléi ákvað forseti að umræðum um málið yrði



ÁSTA MÖLLER

fram haldið. Kröfðust stjórnarandstaðingar að bréf Ástu Möller með óskum um umsagnir yrðu kölluð aftur en við því var ekki orðið.



**UMRÆÐUR Í ÞINGINU** Stjórnarandstaðingar kröfðust þess í gær að bréf Ástu Möller með óskum um umsagnir um frumvarp heilbrigðisráðherra um sjúkratryggingar yrðu kölluð aftur en við því var ekki orðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í frumvarpinu um sjúkratryggingar er hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu fest í sessi, meðal annars með nýrri stofnun; Sjúkratryggingastofnun.

Þingmenn VG og Framsóknar hörmuðu að ríkisstjórnin ætlaði að keyra málið í gegnum þingið á allf of stuttum tíma. Efaðist Þuríður Backman, VG, um að lýðræðislega væri að verki staðið, slíkur væri hraðinn og málið stórt. Var

einnig bent á fyrri fyrirheit sjálfstæðismanna um samráð um breytingar á málaflöknum.

Stjórnarliðar svöruðu því til að þingmenn þekktu efni málsins, það hefði oftsinnis verið rætt á vettvangi Alþingis auk þess sem í því felust ekki efnislegar breytingar á heilbrigðisþjónustu, aðeins útfærsla á eldra fyrirkomulagi.

Eins og fram hefur komið óttast þingmenn VG að með frumvarpinu sé stuðlað að einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Því hafna stjórnarliðar alfarið.

bjorn@frettabladid.is

Safnkortstilboð í maí

## FERÐAGASGRILLIÐ SEM GETUR ALLT!

Með Carri Chef er hægt að grilla, steikja og sjóða. Taska og hliðarborð fyrir sósur og krydd fylgja með. Fyrirferðarlítið í útileguna.

Aðeins 22.900 kr. auk 1000 punkta.\*



\*Fullt verð: 32.900 kr. Tilboðið gildir til 30.6. 2008 eða á meðan birgðir endast.

N1 ÞJÓNUSTUSTÓÐVAR

N1 VERSLANIR

WWW.N1.IS

N1 - Meira í leiðinni

„...fyrst á visir.is“



**visir.is**

...ég sá það á visir.is



Mál unglings sem hótaði skotárás á netinu komið til barnaverndaryfirvalda:

## Lögreglan rakti óhugnanlegar blogg færslur tveggja unglunga

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan hefur rakið færslur á vefnum blabla.is þar sem segir af fimmtán ára stúlku sem segist hafa þurft að búa við kynferðislega misnotkun fósturföður sín í áráðir og 9. bekkningi sem segist ætla að skjóta bekkjarfélagi sína og sprengja sig í Alþingishúsinu. Hægt er að rekja slíkar færslur í þá tölvu þaðan sem færslan var send inn.

Gunnar Jóhannsson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar á Akureyri, segir að fyrrnefnda færslan hafi verið rakin í tölvu í sínu umdæmi. „Það er búið að tala við viðkomandi, enginn var handtekinn og málið ekki rannsakað meira að svo stöddu en lagt í hendur barnaverndaryfirvalda hér,“ segir hann.

Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn rannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir að einnig sé búið að hafa uppi á hinum höfundinum, sem var á höfuðborgarsvæðinu. Verið sé að kanna málin.

Í gær birtust svo á vefnum blabla.is tvær færslur, nær samhljóða, þar sem bloggarnir segjast hafa verið að grínast og biðjast velvirðingar. Í báðum færslunum er sagt að tilgangurinn hafi



**BLOGGARARNIR ERU FUNDNIR** Lögreglan hefur haft uppi á bloggurunum tveim sem höfðu ófagrar sögur að segja á vefnum blabla.is. Mál annars verður sett í hendur barnaverndaryfirvalda í Eyjafirði.

verið að kanna viðbrögð fólks við frásögunum.

Síðdegis í gær lá svo vefurinn blabla.is niðri um nokkra stund en ekki er vitað hvort það megi að einhverju leyti rekja til þessa máls.

- jse



# Lyf skipta sköpum!

Lífsgæði okkar felast einna helst í þeirri öflugu heilsuvernd sem við njótum.

Að okkur hlúir vel menntað og sérhæft heilbrigðisstarfsfólk sem býr yfir þekkingu og færni til heilsueflingar, lækninga og líknar. Traustur aðgangur að góðum lyfjum á ríkan þátt í að gera okkur kleift að búa við það heilsufarslega öryggi sem við þekkjum og teljum sjálfsgagt hér á Vesturlöndum.

Framfarir á sviði læknávisinda hafa verið samvinnuáðar öllum þeim merku áföngum sem náðst hafa í lyfjavísindum. Víst má telja að lyf komi við sögu í flestum þeim tilvikum sem sjúklingur þarf á lækniástoð að halda og nær bata.

Öll helstu lyf sem við þekkjum urðu til á síðustu öld og nú á 21. öldinni er þekking á sviði lífvisinda að opna nýjar dyr að betri og markvissari meðferð sjúkdóma og forvörnum gegn þeim.

**Það er á þessum vettvangi sem frumlyfjafyrirtækin starfa.**



1. Hversu mörgum starfsmönnum hefur Glitnir sagt upp frá áramótum?
2. Hvert er gælunafn vaxtaræktarmannsins sem kærði Magnús Ver Magnússon fyrir líkamsrás?
3. Hvað heitir yngsti flugumferðarstjóri landsins?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Segir röksemdafærslu Magnúsar Þórs Hafsteinssonar byggða á mjög miklum misskilningi:

## Flóttamennirnir koma til landsins í haust

**AKRANES** „Mér finnst Magnús byggja sína röksemdafærslu á mjög miklum misskilningi,“ segir Guðrún Ögmundsdóttir, formaður flóttamannanefndar, um málflutning Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, varaformanns Frjálslynda flokksins, vegna móttöku Akurnesinga á flóttamönnum.

„Félagsþjónusta á Akranesi hefur alla tíð verið til fyrirmyndar og ef Magnús telur að það eigi eftir að vinna einhverja aðra vinnu þar þá hefur hann ekki verið að standa sig sem formaður félagsmálaráðs.“ Guðrún segist mjög ánægð með að Skagamenn ætli sér að taka á móti hópnun. Akranes verði þá tíunda sveitarfélagið sem taki við flóttamönnum.

„Það er unnið að vali á fólki sem kemur hingað í samvinnu við flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna,“ segir Sólveig



**SÓLVEIG ÓLAFSDÓTTIR OG GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR** Ráðgert er að taka á móti fólkinu í ágúst.

Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi Rauða kross Íslands. Valið fari fram í samvinnu ríkisstjórnarinnar, Rauða krossins og flóttamannastofnunar. Hún segir að tveir síðustu flóttamannahópar hafi samanstaðið af konum og börnum og tilheyrt skilgreindum flokki kvenna í hættu. Flóttamennirnir sem komi á Akranes tilheyri sama flokki. „Þetta eru konur sem eru upprunalega frá Palestínu en koma hingað frá Írak.“ Sólveig segir konurnar búa við mjög slæmar aðstæður, enga heilsugæslu og snákar og rottur séu vandamál í búðunum.

Ekki er vitað hvert hlutfall verður milli kvenna og barna en íslensk sendinefnd velji hópin. Sendinefndin fari út í júní og þá sé vonast til að taka á móti fólkinu í ágúst svo börn í hópnun geti hafið nám í upphafi skólaárs.

- ovd

## + HÆTTU Í ALVÖRU

- Skynsamleg leið til að hætta því þú hættir á eigin hraða.
- NicoBloc hindrar allt að 99% af nikótíni og tjöru í filternum.
- Þú venur þig af nikótíni áður en þú drepur í.



### TILBOÐ MÁNAÐARINS

25% afsláttur

Verð 2.990 kr. í Lyfju.

Verð áður 3.990 kr.



ISLENSKA SÍALIS LÍF 42253 05 2008

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur - Grundarfjörður - Búðardalur  
Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrúkur - Blönduós - Hvammanstangi - Skagastönd - Húsavík - Kópasker - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn  
Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

**LYFJA**  
- Lífið heil



**BIÐUR BJÖRGUNAR** Þessi ungi piltur beið björgunar í rústum skóla síns í Beichuan.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Fáir taldir á lífi lengur

Kínastjórn segir allt að fimmtíu þúsund manns hafa látist. Premur sólarhringum eftir jarðskjálftann er ólíklegt að margir finnist á lífi í rústunum lengur.

**KÍNA, AP** Eyðileggingin eftir jarðskjálftann í Sechuan-héraði í Kína er gífurleg. Í Beichuan-sýslu er talið að fjórar milljónir húsa, eða áttatíu prósent allra húsa í sýslunni, hafi hrunið.

„Sýslan öll er eyðilögð. Í raun og veru er ekki til nein Beichuan-sýsla lengur,“ sagði Gu Qinghui, fulltrúi Rauða krossins, sem kom á svæðið í gær.

Kínversk stjórnvöld sögðust í gær telja að tala látinna geti orðið allt að fimmtíu þúsund. Vitað var um nærri tuttugu þúsund látna, en tuga þúsunda að auki er saknað.

Í gær voru þrjár sólarhringar liðnir frá því skjálftinn varð og ólíklegt þykir að margir finnist á lífi í rústunum eftir að hafa verið fastir undir þeim í svo langan tíma.

Björgunarstarfið hélt engu að síður áfram af fullum krafti. Enn var verið að ryðja vegi til þess að auðvelda aðkomu að þeim tveimur svæðum sem verst urðu úti. Annað þeirra er Beichuan-sýsla, en hitt er Wenchuan-sýsla, þar sem upptök skjálftans voru.

Vegna þess hve vegirnir eru illa farnir hefur björgunarfólk ekki getað flutt stórvirk tæki á þessar slóðir. Björgunarfólk hefur þurft

að fara þangað með þyrlum eða bátum og víða ekki átt annars úrkosta en að grafa fólk út úr rústunum með berum höndum eða fábrotnum verkfærum.

Meira en 130 þúsund hermenn og lögreglumenn unnu að björgunarstörfum, en stjórnvöld sendu í gær út beiðni til landsmanna um að láta björgunarfólki í té skóflur, hamra, gúmmibáta og önnur verkfæri sem nýst geta við björgunarstörfin.

„Þetta er bara upphafið að þessari baráttu, og við eigum enn eftir langa leið ófarna,“ sagði Gao Qiang aðstoðarheilbrigðisráðherra við blaðamenn í Peking. „Við munum aldrei gefa upp vonina,“ bætti hann við.

Kínverjum hafa borist samúðarkveðjur og boð um aðstoð víðs vegar að. Meira að segja Ma Ying-jeou, sem tekur við sem forseti Taiváns í næstu viku, sagði í gær að jarðskjálftinn mikli gæfi íbúum Taiváns tækifæri til að bæta samskiptin við Kína, sem vill ekki viðurkenna sjálfstæði Taiváns.

„Taivan er í einstaklega góðri aðstöðu til að bjóða fram aðstoð sína,“ sagði Ma. „Jarðskjálftinn gefur okkur gott tækifæri til að starfa saman.“ gudsteinn@frettabladid.is



### VISSIR ÞÚ ...

AÐ ÞÚ GETUR NÝTT  
VILDARPUNKTA Í GISTINGU  
Í YFIR 100 LÖNDUM FRÁ  
AÐEINS 14.000  
VILDARPUNKTUM?



**Vildarklúbbur**

512 Auglýsingasími 50 50

Mest lesið



# Sprengitilboð alla helgina

**25%**  
afsláttur af öllu

nema 15% af snyrtivörum og Hugo Boss

Við framlengjum sprengidaginn  
og bjóðum að auki valdar vörur á  
dúndurtilboði alla helgina

**DEBENHAMS**

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR



**HÚNAR Í HEIMSKÖNNUN** Húnarnir Takís og Arko kanna, ásamt móður sinni Mariu, umhverfið í kringum híði þeirra í dýragarði í Goldau í Sviss, í fyrsta sinn frá því húnarnir komu í heiminn nú í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**NEYTENDUR** Velja ódýrari vörur en verið hefur.

Mælingar Hagstofu:

## Neytendur velja ódýrari vörur

**SMÁSALA** Velta í dagvöruverslun minnkaði um 2,3 prósent í apríl samanborið við apríl á síðasta ári á föstu verðlagi. Á breytilegu verðlagi varð hins vegar hækkun á veltu í dagvöruverslun um 11,1 prósent, samkvæmt mælingum Hagstofunnar.

Hækkun á verði dagvöru á einu ári var 13,7 prósent og milli mánaðanna mars og apríl hækkandi verðið um 6,2 prósent.

Samkvæmt þessum mælingum hefur hinn mikli vöxtur sem verið hefur í dagvöruverslun síðan í mars 2007 skyndilega snúist við. Hagstofa gefur sér að ástæður þess séu hækkun vöruverðs og blíkur á lofti í efnahagsmálum sem veldur því að neytendur velji ódýrari matvæli. - kg

### LÖGREGLUFRETTIR

#### Ók undir áhrifum fíkniefna

Lögreglan á Selfossi stöðvaði öku-mann við Eyrarbakka um þrjúleytið á miðvikudaginn. Er maðurinn grunaður um að aka undir áhrifum fíkniefna og var hann fluttur á lögreglustöð til skýrslu og sýnatöku en sleppt að því loknu.

### ÁRBORG

#### Hlaupandi konur synda frítt

Bæjarráð Árborgar hefur samþykkt beiðni Kvenfélags Selfoss um að þátttakendur í kvennahlaupi ÍSÍ fái ókeypis aðgang að Sundhöll Selfoss.

Framsókn og VG gagnrýna formann Samfylkingarinnar vegna eftirlaunamálsins:

## Frumvarp Valgerðar verði tekið til atkvæðagreiðslu

**ALPINGI** „Við krefjumst þess að frumvarp Valgerðar Bjarnadóttur komi til atkvæðagreiðslu í þinginu. Annað er í hæsta máta ólýðræðislegt,“ sagði Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður VG, á Alþingi í gær.

Lögin um eftirlaun þingmanna og ráðherra og hugsanlegar breytingar á þeim voru til umræðu. Rukkaði Ögmundur Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formann Samfylkingarinnar, um afstöðu flokks hennar til málsins. Ingibjörg sagði unnið að málinu í ríkisstjórn; leiða væri leitað til að breyta lögnum. Þá kvað hún mikilvægt að ná samstöðu um málið milli allra flokka.

Ögmundi fannst lítið til svara Ingibjargar koma og orð hennar og athafnir í litlu samræmi við loforð sem hún gaf fyrir kosningar um að lögnum yrði breytt.

Sagðist Ingibjörg þá ekki andsnúin því að skoðað yrði hvornig hægt sé að láta breytingar ná til þeirra sem þegar njóta eftirlauna og eru samhliða í launuðu opinberu starfi.

Siv Friðleifsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, furðaði sig á að um leið og samstarfs væri óskað fjallaði Samfylkingin um hugsanlegar efnislegar breytingar. Sagði hún slíkt ekki góðs vita og efaðist um að breytingar næðu fram að ganga á vorþingi. Undradist Ingibjörg þá skoðun Sivjar að ekki mætti ræða málið efnislega. - bps

**ALPINGI** Lög um eftirlaun þingmanna og ráðherra og hugsanlegar breytingar á þeim voru til umræðu á þinginu í gær.



## Útilokað að sakfella fyrir lánveitingar

Verjandi Jóns Ásgeirs segir Hæstarétt ekki geta snúið sýknudómi vegna meintra ólögmetra lána. Ef dómarrar telji refsheimild óskýra skorti augljóslega á gagnsæi laga. Verjandi Jóns Gerald segir meint brot hans fyrnt og vill sýknu.

**BAUGSMÁL** Útilokað er að Hæstiréttur sakfelli Jón Ásgeir Jóhannesson fyrir meintar ólögmetar lánveitingar úr Baugi til tengdra aðila, sem sýknað var fyrir í héraðsdómi, sagði verjandi hans í Hæstarétti í gær.

Héraðsdómur taldi í dómi sínum að lög hefðu verið brotin, en að ekki væri hægt að refsa einstaklingum vegna óskýrra refsheimilda.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, benti á að ef þeir dómarrar héraðsdóms kæmust að þeirri niðurstöðu að refsheimild væri óskýr hefði Jón Ásgeir engan möguleika átt á því að átta sig á því hvort verið v væri að brjóta lög eða ekki. Slíkt yrði að vera skýrt í lögum.

Verjendur sakborninga fluttu í gær málið í Hæstarétti, en sækjandinn átti sviðið á miðvikudag. Ákærðir í málinu eru þeir Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs Group, Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs, og Jón Gerald Sullenberger, eigandi Nordica Inc.

Um er að ræða þann hluta Baugsmálsins sem varð til þegar settur ríkissaksóknari gaf út endurákæru í nítján liðum, eftir að Hæstiréttur vísaði frá eða sýknaði í upphaflegri ákæru.

Gestur krafðist í gær frávisunar eða sýknu fyrir hönd Jóns Ásgeirs. Hann krafðist frávisunar í ákveðnum liðum á þeirri forsendu að áhöld væru um að settur saksóknari hefði áfrýjað málinu innan setts tímafrests.

Jakob R. Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, gagnrýndi sækjanda fyrir að flækja málið með miklu gagnamagni, og gera verjendum erfitt fyrir við að taka til varna. Sækjandi hefði í málflutningi vísað í ýmis gögn án þess að lesa upp úr þeim, og fullyrt ýmislegt án rökstuðnings.

### KÆRA TIL MANNRÉTTINDADÓMSTÓLS EVRÓPU

Tveir sakborninga í því sem eftir stendur í Baugsmálinu, þeir Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson, hafa kært ýmis átíðli varðandi meðferð málsins til Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg.

Meðal þess sem kærendur vilja

fá umfjöllun um hjá Mannréttindadómstólnum er að hægt hafi verið að gefa út endurákæru löngu eftir að Hæstiréttur vísaði 32 ákæru-liðum frá dómi 10. október 2005, segir Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs.

Lögmenn Jóns Ásgeirs og Tryggva njóta aðstoðar Tyge Trier, dansks sérfræðings um mannréttindalöggjöf. Hann vann greinargerð fyrir Baug Group árið 2006 þar sem hann taldi fulla ástæðu til að vísa málinu til Mannréttindadómstólsins.



**GAGNAMAGN** Þeir Gestur Jónsson (til vinstri) og Jakob R. Möller gagnrýndu báðir gríðarlegt gagnamagn í málinu, og tíðar tilvísanir sækjanda í gögn á meðan málflutningi stóð. FRÉTTABLAÐIÐ/CVA

„Þetta gerir það algerlega útilokað fyrir verjendum að svara málalíbúnaði ákærvaldsins,“ sagði Jakob.

Brynjar Nielsson, verjandi Jóns Gerald Sullenberger, krafðist sýknu, meðal annars á grundvelli þess að málið væri fyrnt fyrir Jón Gerald. Hann var sakfelldur í héraðsdómi fyrir að gefa út tilhæfulausan kreditreikning.

Brynjar benti á að Jón Gerald hefði látið lögreglu vita af reikningnum ágúst 2002, en hann hefði ekki fengið stöðu sakborninga fyrir en í febrúar 2006. Þar sem fyrningarfrestur fyrir minniháttar brot af þessu tagi séu tvö ár, sé málið fyrnt. brjann@frettabladid.is

### ORÐRÉTT

„Vörnin getur byggt málið nánast án tillits til þess hvað ákærvaldið sagði, vegna þess að ég veit ekki hvað ákærvaldið sagði.“

Jakob R. Möller gagnrýndi sækjanda harðlega fyrir að fara hratt yfir í munnlegum málflutningi, og vísa svo hratt í gögn í alls ellefu möppum að ekki hafi verið möguleiki að fylgjast með því sem hann hafi verið að fjalla um.

„Þetta er nánast eins og abc í lestrarkunnáttu, þetta er svo mikið grundvallaratriði.“

Gesti Jónssyni þótti ekki mikið koma til kunnáttu starfsmanna efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra, sem hafi ruglað saman debet og kredit þegar þeir skoðuðu reikning sem varð ástæða húsléitar hjá Baugi í ágúst 2002.

„Þetta er bara spengilegt.“

Heldur glaðnaði yfir Garðari Gíslasyni dómsformanni þegar dómarrar fengu yfirlit yfir málflutning Brynjars Nielssonar, verjanda Jóns Gerald Sullenberger, trúlega þar sem það var mun styttra yfirlit en yfir ræðu saksóknara og verjanda annarra sakborninga.

„Hann átti að fá einn grán og við getum verið sammála um að það er ekki mikill hagnaður.“

Brynjar Nielsson sagði Jón Gerald Sullenberger eiga sér fjölmargar málsbætur, meðal annars þær að hann hefði ekki hagnast á meintu broti. Tryggvi Jónsson játaði í héraðsdómi að hafa aldrei launað Jóni Gerald útgáfu tilhæfulausa kreditreiknings með „einum gráum“ eins og hann lofaði í tölvupósti.



# HAPPY HOUR

2  
FYRIR  
EINN

**rex**  
REYKJAVIK  
ICELAND

AUSTURSTRÆTI 9. 101 REYKJAVIK ICELAND  
WWW.REX.IS E-MAIL: REX@REX.IS



Í SUMAR OPNAR REX KL 21.00  
MEÐ HAPPY HOUR (2 FYRIR EINN)  
ALLAR HELGAR TIL 24.00.

# Gott bragð gegn kólesteróli

Nokkur atriði um heilnæmi og sérstæða eiginleika gúrkunnar



Hefur góð áhrif á þvagfærin

Húð gúrkunnar inniheldur efni sem lækkar kólesteról

Hreinsar ristilinn, innyflin og þarmana

Hefur þann sérstæða eiginleika að geta verið 20 gráðum kaldari að innan en utan

Virkar sem mótefni gegn gigt

Minnkar bólgur og er því vinsæl til að leggja yfir augun

96% vatn

Rík af A og C vítamínum

islenskt.is

ÞÚ VEIST  
HVADAN ÞAÐ  
KEMUR





## Þjóðleikhúsið

Á öllum sviðum lífsins

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00.  
Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala í síma 551 1200 og á [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)

„Þetta er fjörugt verk og var vel sungið, leikið og dansað...“  
SA, tmm.is



„Það er svona sumarfilmingur í þessu.“  
KJ, Mannamál/Stöð 2

**Ástin er diskó, lífið er pönk**  
e. Hallgrím Helgason  
Stuðið er á Stóra sviðinu  
sýn. fös. 16/5 uppselt, lau. 17/5 örfá sæti laus

„Þetta er vel unnin sýning, skemmtileg og óvenju skýrt hugsuð.“  
MA, MBL 8/4



**Sá ljóti**  
e. Marius von Mayenburg  
sýn. fös. 16/5 örfá sæti laus  
lau. 17/5 ATH. síðasta sýning

Leikhús  
tilboð  
vor á minni  
sviðunum



**Skoppa og Skritla í söng-leik**  
e. Hrefnu Hallgrímsdóttur  
sýningar lau. 17/5 uppselt  
sýningar sun. 18/5 uppselt

Forsætisráðherra um samningaviðræðurnar við BSRB:

## Höfum ekki sett úrslitakosti

**VINNUMARKAÐUR** Forystumenn BSRB áttu fund með forsætisráðherra, utanríkisráðherra, fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra í Stjórnarráðinu í gær. „Þetta er í eðlilegum farvegi og jákvæður tónn milli manna,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra eftir fundinn.

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, segir að ekkert handfast hafi komið út úr fundinum annað en góður vilji beggja til að leiða málin til lykta. Samninganefnd fjármálaráðuneytisins og BSRB muni hittast á fundi á næstu dögum og þá sé allt til skoðunar, lengd samninga og innihald þeirra.



**EKKI LÆSTIR LENGUR Í TILBOÐUM**  
Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, gekk ásamt öðrum forystumönnum bandalagsins á fund ríkisstjórnarinnar í Stjórnarráðinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Menn eru ekki að læsa sig lengur í þau tilboð sem upphaflega voru sett fram. Ég geri ráð fyrir að við

munum hittast aftur eftir törn við samningaborðið,“ segir Ögmundur og gerir ráð fyrir að eitthvað fast fái í hendi með aðgerðir ríkisstjórnar áður en endanlega verði gengið frá samningum.

Geir er vongóður um að hægt sé að ganga örugglega til verks og ljúka málinu hratt. „Mér heyrir að tóninn sé þannig í BSRB að þau hafi ekki neinn sérstakan áhuga á að draga það á langinn.“

Fulltrúar Starfsgreinasambandsins, SGS, hitta fulltrúa ríkisins í dag og vonast til að skriður komist á viðræðurnar eftir fundinn. Kjarsamningur SGS við ríkið hefur verið laus frá 1. apríl.

- ghs

## Ríkislögreglustjóri verði lagður niður

Pingflokksformaður Samfylkingarinnar vill skoða að leggja niður embætti ríkislögreglustjóra. Pingmenn allra flokka, utan Sjálfstæðisflokksins, eru andsnúnir breytingum á fyrirkomulagi toll- og löggæslu á Suðurnesjum.

**ALÞINGI** Lúðvík Bergvinsson, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, segir embætti ríkislögreglustjóra hafa þróast með öðrum hætti en til stóð þegar því var komið á laggirnar. Rétt sé að skoða að leggja það niður í núverandi mynd.

Lúðvík vék að þessu í utandagskrárumræðum á Alþingi í gær um stöðu toll- og löggæslumála á Suðurnesjum. Orðrétt sagði Lúðvík: „Þegar horft er til þróunar löggæslumála undanfarin misseri þá er það mitt mat að við höfum misst embætti ríkislögreglustjóra langt umfram það sem hefði átt að gerast og ég held að við þurfum núna að skoða það mjög vandlega að leggja niður embætti ríkislögreglustjóra í þeirri mynd sem það er.“ Sagði hann að við stofnun embættisins hafi það átt að vera „lítil samræmingarmiðstöð í löggæslumálum í landinu“.

Árni Páll Árnason, flokksbróðir Lúðvík, sagði mikilvægt að efla almenna löggæslu enda fyndi fólk fyrir auknu óöryggi á götum og

„við höfum misst embætti ríkislögreglustjóra langt umfram það sem hefði átt að gerast...“



**LÚÐVÍK BERGVINSSON**  
FORMAÐUR ÞINGFLOKKS SAMFYLKINGAR

nærumhverfi. „Ég held því að við ættum frekar að horfa til þess að flytja verkþætti frá ríkislögreglustjóraembættinu til hinna kröftugu lögreglustjóra í Reykjavík og á Suðurnesjum og gefa þeim þannig færi á því að nýta þau samlegðar-áhrif sem þannig kunna að verða til.“

Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra kom á óvart að samfylkingarþingmennirnir skyldu ræða um embætti ríkislögreglustjóra í umræðum um stöðu toll- og löggæslumála á Suðurnesjum. Sagði hann að ef ræða þyrfti um embættið

ætti að gera það sérstaklega.

Siv Friðleifsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, var málshefjandi. Spurði hún hvers vegna ráðast ætti í boðaða breytingu á fyrirkomulagi löggæslu á Suðurnesjum en ríkisstjórnin hefur ákveðið að skilið verði á milli tollgæslu, löggæslu og öryggiseftirlits á Keflavíkurflugvelli. Svaraði Björn Bjarnason því til að til aðskilnaðar væri gripið þar sem ekki væri hægt að reka löggæslu-embættið í núverandi mynd innan fjárheimilda. Þá væri eðlilegt að skipan mála væri í anda verkskiptingar innan stjórnarráðsins.

Um yfirlýsingu Lúðvíks sagði Siv að hann hefði gefið dómsmálaráðherra „á lúðurinn með stálkreppum hnefanum“. Greip hún til júdómáls og sagði Lúðvík hafa tekið ráðherra á ippon. Í júdo þýðir ippon fullnaðarsigur.

Pingmenn allra flokka á Alþingi, utan Sjálfstæðisflokksins, hafa lýst sig andvíga uppskiptingu embættisins á Suðurnesjum.

[bjorn@frettabladid.is](mailto:bjorn@frettabladid.is)



## Vor og haustveiði í Langá á Mýrum

Vegna breytts veiðitíma óskum við eftir tilboðum í veiði í Langá 25.júní – 1.júlí fyrir 10stangir. Og 20.- 25.september fyrir 8 stangir.

Samtals 100 stangardagar.

Upplýsingar á [ihj@langa.is](mailto:ihj@langa.is) eða í s. 864 2879  
Langárveiðar ehf.

Garðsett  
**KEROS**  
5 stykki  
**39.900,-**


Glerborð 564748 kr. 12.900,-  
Staflanlegur stóll 564755 kr. 6990,-  
Garðsett 5 hlutir 564762 kr. 39.900,-



the  
**PIER**

Full búð af nýjum sumarvörum

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 / laugardagar 10:00 til 18:00 / sunnudagar 12:00 til 18:00



ENEMMI / SA / IM3274

Okc. 3G  
**3G**



## 0 krónur á netið með 3G

Nú kemstu á netið innanlands fyrir 0 krónur á kvöldin og um helgar með 3G síma eða netlykli í tölvuna. Með netlyklinum kemst fartölvun í netsamband hvar sem er á 3G þjónustusvæði Símans á mesta hraða sem boðið er upp á í 3G hérlendis. Taktu þátt í framtíðinni og fáðu þér 3G síma eða netlykil í næstu verslun Símans.

800 7000 • siminn.is

**Mesti hraðinn!**  
Með 3G netlykli nærðu allt að 5 Mbit/sek tengingu!



Sími



Netið



Sjónvarp

Það er **Síminn** 



**SÚKKULABIDRENGUR TIL ÍSLANDS**  
Flugfreyja heldur á súkkulaðieftirlíkingu af „Manneken Pis“, pissustráknunum frá Brussel, en 55 slíkar stytur verða sendar út um heiminn, meðal annars til Íslands, í tilefni af 20 ára afmæli konfektffyrirtækisins Belcolade.

NORDICPHOTOS/AFP

Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri ósáttir við auglýsingu Keilis:

## Segja auglýsingar ekki standast

**MENNTUN** „Hreint og klárt eru þeir að auglýsa nám sem þeir hafa ekki leyfi til að bjóða upp á,“ segir Árún K. Sigurðardóttir, brautarstjóri í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri, um auglýsingar um nám í hjúkrunarfræði á vegum Keilis.

Í tilkynningu frá hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri segir að deildirnar leggi áherslu á að menntun hjúkrunarfræðinga sé einungis bundin við háskóla sem fengið hafa viðurkenningu á tilteknum fræðasviðum samkvæmt lögum um háskóla. Síðast hafi HÍ og HA fengið viður-



**FRÁ LANDSPÍTALANUM** Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri hafa einir íslenskra skóla leyfi til að mennta hjúkrunarfræðinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

kenningu frá menntamálaráðuneytinu 22. apríl síðastliðinn.

Í tilkynningunni er enn fremur

ítrekað að undanfarið hafi aðgengi að hjúkrunarfræðinámi opnast verulega. Fjöldatakmörkun hafi verið lögð af og námsplássum fjölgað. Því sé greiður aðgangur að námi í hjúkrunarfræði hér á landi.

Árún segir viðræður hafa átt sér stað milli skólanna um nám í hjúkrunarfræði. „En það hafa engir formlegir samningar verið undirritaðir.“ Hún segir Háskólann á Akureyri ekki útiloka samstarf við Keili í framtíðinni en gagnrýnir auglýsingar um hjúkrunarfræðinámið við Keili. „Við viljum ekki að verið sé að auglýsa eitthvað sem ekki stenst.“ - ovd

Líbanonstjórn hættir við:

## Hizbollah boðar lok átaka

**LÍBANON, AP** Sheik Naim Kassem, aðstoðarleiðtogi Hizbollah-samtakanna í Líbanon, segir samtökin muni nú koma ástandinu aftur í eðlilegt horf eftir að stjórnvöld hættu við ákvarðanir, sem leiddu af sér hörð átök í landinu dögum saman.

Átök milli Hizbollah-liða og stuðningshópa stjórnarinnar brutust út í síðustu viku eftir að ríkisstjórnin hafði lýst því yfir að símanet hreyfingarinnar væri ólöglegt og ákvað jafnframt að reka yfirmann öryggismála á flugvællinum í Beirút fyrir meint tengsl hans við Hizbollah.

- gb

Edwards styður Obama:

## Fátt virðist geta stöðvað Obama

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama færðist enn nær takmarki sínu í gær þegar John Edwards lýsti yfir stuðningi við hann.



OBAMA OG EDWARDS

Edwards keppti í upphafi við Obama, Hillary Clinton og fleiri demókrata um að verða forsetaefni flokksins í haust. Eftir að hann dró sig í hlé í lok janúar

hafa aðrir frambjóðendur lagt mikið kapp á að fá stuðning hans.

Stuðningur Edwards getur stuðlað að því að efla fylgi Obama meðal verkamanna, sem til þessa hafa ekki greitt honum mörg atkvæði. Jafnframt dvína enn möguleikar Hillary Clinton á sigri.

- gb

Starfsmenn Glitnis eru slegnir vegna fjöldauppsagna en um leið fegnir að óvissuástandi sé lokið:

## Sorgin er ríkjandi meðal starfsmanna

**VINNUMARKAÐUR** Starfsmenn Glitnis eru slegnir eftir uppsagnirnar í vikunni, að sögn Önnu Karenar Hauksdóttur, aðaltrúnaðarmanns og formanns starfsmannafélagsins í Glitni. Hún segir að starfsmennirnir séu sorgmæddir og daprir, þeim sé eftirsjá í hæfu starfsfólki og góðum félögum. „Við hörmum að það hafi þurft að grípa til uppsagna,“ segir hún.

Ástandið hefur verið erfitt hjá Glitni síðustu mánuði. „Fólk hefur haft þessar aðgerðir hangandi yfir sér mjög lengi. Það er óviðunandi ástand að vinna við til lengdar, menn verða kvíðnir því að enginn veit hver er næstur. Að því leyttinu til er fólki kannski létt, óvissuástandinu er vonandi lokið,“ segir hún.

Anna Karen segir að þetta sé „erfið tímamót sem við erum að fara í gegnum akkúrat núna. Fólk er umhugað um hvað verður um þá sem hætta. Sterkt stéttarfélag stendur á bak við þetta starfsfólk, það fær aðstoð hjá Capacent á kostnað bankans við að gera starfsferilsskrá og umsóknir um störf, sálfræðiaðstoð er í boði og aðstoð stéttarfélagsins,“ segir hún.



**ERFIÐ TÍMAMÓT** „Þetta eru erfið tímamót sem við erum að fara í gegnum,“ segir Anna Karen Hauksdóttir, aðaltrúnaðarmaður og formaður starfsmannafélagsins í Glitni.

Lárus Welding, forstjóri Glitnis, hélt starfsmannafund á Kirkjusandi og Lynghalsi í gærmorgun og var fundinum varpað til allra starfsmanna á innri vef. Anna Karen

segir að á fundinum hafi komið fram að aðgerðunum væri vonandi lokið. „Það líður öllum illa með þetta. En síðan þurfum við auðvitað að halda áfram og reka sterkara fyrirtæki.“

Ægir Már Þórisson, mannaússtjóri hjá Capacent, segir að fyrrverandi starfsmenn Glitnis geti hitt ráðgjafa sem sé þjálfaður í því að ræða við fólk undir tilfinningalegu álagi. „Það er farið í gegnum þennan eðlilega tilfinningalega rússibana sem fólk gengur í gegnum þegar svona gerist og fólki veittur stuðningur,“ segir hann og bendir á að ferlið sé lausnamiðað.

„Það miðar að því að fólk undirbúi sig vel fyrir það að finna sér nýja vinnu. Við hjálpum fólki við að útbúa góða ferilsskrá, átta sig á styrkleikum sínum og veikleikum og búum það undir ráðningarviðtöl.“

Ægir Már telur að enn sé líf á vinnumarkaði og hann er ekki svartsýnn á atvinnuástandið, margt sé að gerast í virkjanamálum og stóriðjum, verkfræðistofur hafi næg verkefni „þannig að það eru eflaust tækifæri fyrir mjög marga.“ - ghs



## Náttúrulegar snyrtivörur

Einstakar snyrtivörur sem innihalda hrein náttúruleg efni úr Dauðahafinu

Allt fyrir andlitsmeðferðir og líkamsmeðferðir

Bjóðum upp á faglega ráðgjöf

Föstudag 14-18

Laugardag 13-16

Sunnudag 14-17

komdu til okkar og við hjálpum þér að setja saman þinn eigin dekurpakka

the  
**PIER**



**HONDA**  
The Power of Dreams

CIVIC HYBRID

# SPARNEYTNASTI FJÖLSKYLDUBÍLLINN\*

NÁTTÚRULEGA FRÁBÆRT VAL



# 3,66 L/100km

Honda hefur unnið fyrsta sprettinn á leiðinni að útblástursfríum bílum sem halda aksturs-eiginleikum, jafnhliða því að hlífa umhverfinu og buddunni. Honda Civic Hybrid er búinn rafmótor sem aðstoðar bensínvélina. Þessi tækni (IMA) dregur stórkostlega úr losun koldíoxíðs og uppfyllir ströngustu kröfur KYOTO og CAFÉ ályktana. CO<sub>2</sub> útblástur Civic Hybrid er 109g/km. Fyrir utan að bíllinn er einstaklega sparneytinn í akstri, leggur þú honum frítt í bílastæði Reykjavíkuborgar.

Í sparaksturskeppni FÍB og Atlantsolíu þar sem eknir voru 143,1km eyddi Civic Hybrid 3,66L/km að meðaltali. Honda Civic Hybrid er því sparneytnasti fjölskyldubíllinn á Íslandi.

**Það er ástæða til að óska væntanlegum eigendum Honda Civic Hybrid til hamingju með náttúrulega frábært val.**



www.honda.is

Civic Hybrid verð kr. 3.195.000  
Tilboðsverð kr. 2.890.000  
**Aðeins kr. 34.134 á mánuði\*\***



Vatnagördum 24 - 26 • Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

UMBOÐSADILAR: Bílver - Bernhard, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

\*Honda Civic Hybrid þar sigur úr bitum í flokki 2B í sparaksturskeppni FÍB og Atlantsolíu, 3. maí 2008. \*\* 70% erlent lán í myntkórðu (LÝS10) frá Lýsingu í 84 mánuði, hlutfallstala kostnaðar 11,1%.

## „ORÐRÉTT“

## Samdráttur

„Samdrátturinn er að koma fram í þeim greinum atvinnu-lífsins þar sem þenslan hefur verið mest.“

GISSUR PÉTURSSON, FORSTJÓRI VINNUMÁLASTOFNUNAR, UM UPPSAGNIR GLITNIS.

Fréttablaðið, 15. maí

## Allsnægtapjóðfélagið

„Mér þykir það nokkuð undarlegt að við í allsnægtapjóðfélaginu getum ekki tekið við fólki sem býr við bágar aðstæður.“

LÚÐVÍK GEIRSSON, BÆJARSTJÓRI HAFNARFJARÐAR UM HÖFNUN MAGNÚSAR ÞÓRS HAFSTEINSSON-AR Á MÓTTÖKU FLÓTTAMANNA.

Fréttablaðið, 15. maí

# tilveran

nær og fjær

## SJÓNARHÓLL

SAMGÖNGUMIÐSTÖÐ

### Stærðin ekki höfuðatriði



ELLIÐI VIGNISSON

„Ég fagna því að það eigi að byggja samgöngumiðstöð í Reykjavík,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. Hann telur að nánast öll önnur sveitarfélög en Reykjavík

myndu standa saman um jafn mikilvægt verkefni og samgöngumiðstöð. „Mér finnst alveg ótrúlegt í hvaða ferli skipulagsmál eru almennt komin í borginni. Þá skiptir miklu máli að hafa þessa greiðu leið sem flugvöllur í Vatnsmýrinni gefur okkur landsmönnum að höfuðborginni okkar. Við höfum mikilla hagsmuna að gæta og höfum fjallað um þetta á vettvangi sveitarstjórna.“ Hann telur samgöngumiðstöð og flugvöllinn náteng mannvirki. „Samgöngumiðstöðin er aukin þjónusta við borgarbúa og gesti þeirra þannig að mér þykir með ólíkindum að menn séu að festa sig í karpi um stærð á mannvirkinu, sem er ekki höfuðatriði. Það er nokkuð sem ríki og borgarstjórn þurfa að leysa saman.“

# Herrann sem hirðir ruslið mitt

Óskar Ágústsson hefur starfað við sorphirðu í Reykjavíkurborg í samfelld fimm tíu ár. Þórólfur Þorleifsson, samstarfsmaður hans til fimm tíu ára, var við veislu sem haldin var Óskari til heiðurs vegna þessa áfanga. Óskar kallar ekki allt ömmu sína og tók einungis tvo veikindadaga á sjö ára tímabili.

Það er engu líkara en störf í sorphirðu í Reykjavík gangi í ættir en feður Óskars og Þórólfs unnu saman á þeim vettvangi. „En því miður, Óskar minn, þá er enginn



GÓÐAR VEITINGAR Ólafur og Óskar fá sér tertu í tilefni dagsins.

erfingi frá þér í þessu starfi til að taka við af þér,“ sagði Elly Katrín Guðmundsdóttir, sviðsstýra umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar, í ræðu sinni við veisluhöldin.

„Ég byrjaði að fara með tunnur á trillum sem þá voru,“ segir Óskar þegar hann er spurður um upphafið. „Þá var notast við olíutunnur. Svo var ég látinn leysa af sem bílstjóri og svo festist ég bara í því. En þetta er skemmtileg vinna en ég hef líka verið með góðan mannskap.“

Haft var eftir samstarfsmönnum Óskars að hann væri skemmtilegur í samstarfi. Þó ætti hann það til að vera harður í horn að taka þegar honum þurfa þætti. Ídulega var þó brosið á honum.

Þórólfur hélt upp á sitt hálfrar aldar starfsafmæli í janúar á síðasta ári. Hann er bílstjóri eins og Óskar og segir hann að stundum hafi verið erfitt að senda öskukallana út í veðurofsa og kulda á eftir tunnnum þegar veturinn var harðari og aðstæður erfiðari. „Það má segja að ég hafi stundum verið alveg í rusli þegar ég sendi þá út,“ segir hann og hlær við.

Þótt sorphirðumenn verði að vakna fyrir allar aldir til að sinna vinnu sinni virðist það ekki hafa verið erfitt hjá Óskari að rífa sig upp þessi fimm tíu ár. „Við kíktum aðeins í fjarveruskrána,“ sagði Elly í ræðu sinni. „Hann lenti reyndar í nokkrum veikindum í vetur en þar áður voru veikindadagar hans á þessari öld heilir tveir.“

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri lét ekki sitt eftir liggja og heiðraði Óskar með nærveru sinni og færði honum veglegar gjafir fyrir vel unnin störf. [jse@frettabladid.is](mailto:jse@frettabladid.is)

að ég hafi gaman af Eurovision, sem ég hef reyndar alls ekki. Finnst þessi keppni orðin ansi þreyttur brandari.“

Ólafía starfar sem kynningarfulltrúi hjá bókaforlaginu Sölu, jafnframt því að kenna íslensku á vegum Alþjóðahússins. „Salka var að gefa út Hugmyndabókina og nú er í gangi ýmis kynningarvinna í kringum hana. Svo er pólska fólkið sem ég kenni allt orðið mjög klárt í íslensku.“

Ólafía ætlar sér að ferðast innanlands í sumarfríinu. „Í júlí ætlum við fjölskyldan að dvelja í tvær vikur á ættaróðalínu Dvergasteini í Álftafirði, eins og við gerum á hverju sumri. Þangað til er fint að röltu um bæinn með tíu mánaða gamlan son minn, kíkja kannski á Austurvöll af og til og passa að barnið borði ekki sigarettustubbana sem liggja á grasinu,“ segir Ólafía og brosir breitt.



KOLLEGAR Í FIMMTÍU ÁR Óskar Ágústsson hélt upp á fimm tíu ára starfsafmæli í gær. Menn skyldu ekki halda að það sé neinn nýgræðingur við hlið hans því Þórólfur Þorleifsson hefur starfað einu ári lengur en Óskar í sorphirðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## VIKA 15

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

### Rachid Benguella: Hrósar bæjarstjórn Akraness



„Það var gott hjá bæjarstjórn Akraness að samþykka að taka á móti þessum flóttamönnum,“ segir Rachid um atburði undanfarna daga á Akranesi þar sem nýr meirihluti tók við vegna deilna um hvort bæjarfélagið eigi að taka á móti palestínskum flóttamönnum. „Auðvitað er fólkið sem kemur með annan bakgrunn og þarf að aðlagast en við erum öll mannleg og verðum að hjálpa hvert öðru. Sérstaklega þurfum við að hjálpa þessu fólki sem misst hefur allt sitt. Að mínu mati skiptir mestu máli að hjálpa börnunum. Þau þurfa mjög á menntun að halda sem er góð hér á Íslandi.“

### Algirdas Slapikas: Stofna samfélag Litháa

Nú styttest í alþjóðahátíðina Þjóðhátíð sem haldin verður í Hafnarfirði. Hún verður haldin 31. þessa mánaðar og mun Algirdas láta til sín taka þar. „Ég er byrjaður á undirbúningnum og það er gaman að sjá hve margir góðir landar mínir eru búsettir hér á landi,“ segir Algirdas, sem kynna mun land sitt og menningu á hátíðinni. „Allir eru staðráðnir í því að breyta slæmri mynd

### Charlotte Ólöf Ferrier: Stóðst öll próf í Háskólanum



„Ég stóðst öll próf í Háskólanum og svo hef ég verið á fullu vegna IceAid. Við höfum til dæmis verið að safna baukum, pennum og fleiru hjá bönkunum sem við ætlum svo að gefa krökkunum á munaðarleysingjaheimilinu í Líberíu, þangað sem ég er að fara. Styrktartónleikar IceAid síðasta föstudag tókust vel. Við söfnuðum einhverju af peningum og bárum út boðskapinn. Núna erum við að skipuleggja næsta viðburð sem verður í enda júní. Það verður allt mun stærra og höfum við þegar bókað sal í Háskólabíói. Það hefur því verið rosalega mikið að gera hjá mér í vikunni en ég hef á móti komið miklu í verk.“



Litháens og sýna Íslendingum okkar björtu hliðar. Svo erum við að vinna að stofnun samfélags Litháa héraendis. Stofnfundur verður í Alþjóðahúsinu á morgun klukkan sjö. Þetta samfélag er einnig opið Íslendingum sem tengjast Litháan á einn eða annan hátt.“

14

Frumsýnd 14. maí

Frumsýnd 7. maí

FRÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM

## PROM NIGHT

NÓTT DAUDANS

9. HVER VINNUR!

Sendu SMS JA PNV á númerið 1900

Þú gætir unnið bíomiða!

Vinningar eru Bíomiðar fyrir tvo, DVD myndir, varningur tengdur myndinni og margt fleira!

SMÁRA BÍÓ HÁSHÓLA BÍÓ

SMS LEIKUR

BÍÓ

200%

AFSLÁTTUR

af ÖLLU  
á dömuna;  
fatnaði, undirfötum  
& skóm

föstudag, laugardag og sunnudag

Nýtt  
þortatímabil!

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

**BONUS****BONUS****BONUS**

# FERSKUR ÍSLENSKUR KJÚKLINGUR Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

**NÝTT  
KORTATÍMABIL****40%  
AFSLÁTTUR 1679**Holta ferskar kjúklingabringur  
**1679 kr./kg.** MERKT VERÐ 2799 KR./KG.**40%  
AFSLÁTTUR**Holta ferskir kjúklingabitar blandaðir  
**359 kr./kg.** MERKT VERÐ 598 KR./KG.**40%  
AFSLÁTTUR**Holta ferskir kjúklingavængir  
**239 kr./kg.** MERKT VERÐ 398 KR./KG.**40%  
AFSLÁTTUR**Holta fersk kjúklingalæri með legg  
**449 kr./kg.** MERKT VERÐ 748 KR./KG.


**998**  
**DANSKAR frosnar  
KJÚKLINGALUNDIR**  
700g **998 kr. pokinn.**




**79**  
Bónus flatökur 5 stk  
**79 kr.**



**1798**  
Bónus hangiálegg  
**1798 kr./kg.**



**198**  
Bónus nýkabakaðir kleinuhringir  
2 stk. **198 kr.** SÚKKULADI & VANILLU.



**98**  
Bónus nýbakað baguette  
**98 kr.**

Bónus ís 2 ltr. **198 kr.**  
SÚKKULADI OG VANILLU**198**Bónus ís bragðarefur 1 ltr. **198 kr.****198**Bónus íspinnar 24 stk **498 kr.****498**Með fyrirvara um prentvillur  
eða uppseldar vörur.**BONUS BÝÐUR BETUR****NÝTT  
KORTATÍMABIL**

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

**BONUS****BONUS****BONUS**

# ÍSLENSKT LAMBAKJÖT

**1198**KS frosnar lambalærisneiðar  
1198 kr./kg. KRYDDIÐ SJÁLF**2498**KS ferskt lambafillet  
2498 kr./kg. KRYDDIÐ SJÁLF**879**KS frosin lambalæri  
879 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.**498**Nautaat ferskir ungnautahamborgarar  
4 stk með brauði 498 kr.**FERSKT***Ali***SVÍNAKJÖT****30%**  
AFSLÁTTURAli ferskt svínaríf  
769 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.**30%**  
AFSLÁTTURAli ferskar svínahnakkasneiðar  
1259 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.**40%**  
AFSLÁTTURAli ferskar svínakótilettur  
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.**498**

Ali ferskur svínabógur 498 kr./kg.

**98**Bónus appelsín  
2 ltr 98 kr.**NÝTT  
KORTATÍMABIL****BONUS BÝÐUR BETUR**Með fyrirvara um prentvillur  
eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15  
4.798 -0,66%Fjöldi viðskipta: 436  
Velta: 10.954 milljónir

## MESTA HÆKKUN

BAKKAÐUR  
GLITNIR  
MAREL

+3,63%  
+1,47%  
+1,30%

## MESTA LÆKKUN

ATL. PETROL.  
LANDSBANKINN  
ATL. AIRWAYS

-3,47%  
-2,63%  
-1,94%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 7,08 -0,28% ... Bakkavör 32,80 +3,63% ... Eimskipafélagið 20,50 -0,49% ... Exista 10,10 -0,20% ... FL Group 6,44 +0,16% ... Glitnir 17,30 +1,47% ... Icelandair Group 21,55 -1,15% ... Kaupþing 783,00 -1,14% ... Landsbankinn 25,90 -2,63% ... Marel 93,70 +1,30% ... SPRON 4,40 +0,23% ... Straumur-Burðarás 11,36 -0,96% ... Teymi 3,48 -1,14% ... Össur 95,80 -0,42%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

návar á visir.is

## Peningaskápur ...

## Gerðu athugasemd

Margir urðu nokkuð hvumsa þegar þeir lásu hvað haft var eftir Arnóri Sighvatssyni, aðal-hagfræðingi Seðlabankans, í þýska blaðinu Frankfurter Allgemeine Zeitung í síðustu viku. Stöðugleiki krónunnar og þrautavarlán voru þar meðal annars til umræðu. Varð það til þess að vinsamleg athugasemd var send til Seðlabankans frá Samtökum fjármálafyrirtækja. Þar var fundið að ákveðnu orðalagi Arnórs en samkvæmt heimildum Markaðarins var um misskilning að ræða þegar textinn var þýddur úr þýsku yfir á ensku. Munu engir eftirmálar verða vegna þessa en líklegt að stjórnendur bankans endurskoði samskipti sín við erlenda



fjölmiðla. Ekki er fýsilegt að skrúfa fyrir öll samskipti enda mikilvægt að koma réttum skilaboðum á framfæri á milli útgáfu peningamála.

## Aukið sjálftraust

Lárus Welding forstjóri Glitnis hefur styrkt sig í sessi eftir uppstokkun í starfsmannahaldi og rekstri bankans frá áramótum. Forstjórinn ætlar greinilega að láta til sín taka eftir nokkuð brösluglega byrjun. Lárus hefur tekið hressilega til í rekstrinum sem er nauðsynlegt þegar öll umsvif minnka um leið og búið er að tryggja fjármögnun ársins. Þá hefur hann einnig styrkt stjórnendateymið með fólki sem hann treystir og styður hans hugmyndir. Sjálfstraust Lárusar ætti því að vera nokkuð eftir þessar sviptingar og staða hans sterkari innan bankans og eins gagnvart eigendahópnum.

Glitnir:

## Vill fjölga erlendum hluthöfum

„Það eru engar viðræður í gangi við erlenda fjárfesta um kaup á hlutum í bankanum,“ segir Már Másson, talsmaður Glitnis.

Financial Times birti í gær frétt um að forsvarsmenn Glitnis hefðu átt í viðræðum við erlenda fjárfesta um kaup á hlutum í bankanum. Haft er eftir Lárusi Welding, forstjóra Glitnis, að bankinn hafi hug á að fjölga erlendum hluthöfum, en hann tjái sig ekki um einstakar viðræður.

Gengi hlutabréfa í Glitni hækkaði um 1,47 prósent í gær. Velta með bréf í Glitni var hátt í sjö milljarðar króna í um 100 viðskiptum.

- ikh

## Reglan hefur verið að bjarga bönkum

„Ríkisvald í hverju landi hefur í raun ábyrgst greiðsluhæfi bankastofnana og því má segja að aðstoðin sé í raun orðin reglubundin en útfærslan í hverju tilviki mismunandi,“ sagði Ásgeir Jónsson hagfræðingur þegar hann ræddi um lánveitingar til þrautavara í málstofu Seðlabankans íslands á þriðjudeginum.

Ásgeir sagði reynsluna sýna að bankar sem væru í greiðsluvandráðum en ekki gjaldþrota hefði alltaf verið bjargað þannig að skuldunautar fengu sinn hlut bættan nema í nokkrum undantekningartilvikum. Bankar væru yfirleitt meira virði lifandi en dauðir jafnvel þótt eigið fé væri horfið. Þeir gegndu lykilhlutverki í greiðslukerfinu og jafnvel lítil bankagjaldþrot gætu skapað hættu fyrir fjármálakerfið.

Ásgeir sagði björgunaraðgerðum

yfirleitt skipti í fjóra flokka. Í fyrsta lagi myndi bankinn starfa áfram eftir þrautalánsaðstoðina eins og ekkert hefði í skorist. Í öðru lagi að Seðlabanki fjármagni eða skipuleggi aðstoð og yfirtöku annarra banka á viðkomandi banka í vanda. Þeirri aðferð hefði verið hætt upp úr 1980 þó dæmið um yfirtöku JP Morgan á Bear Stearns hefði orðið til með þessum hætti. Í þriðja lagi væri inngríp hins opinbera í rekstur viðkomandi banka samhliða því að leggja fram nýtt eigið fé og jafnvel þjóðnýta. Í fjórða og síðasta lagi væri hægt að hluta bankann í sundur og leysa upp.

„Það sem skilur á milli er hversu mikla refsingu stjórn og eigendur bankans eru látnir taka út,“ sagði Ásgeir. Venjulega væri það þannig við þessar aðstæður að hluthafar töpuðu öllum sínum fjármunum.

- bg

## Reknir fengu innan við þriðjung tekna stjórnenda

Íslensku starfsmennirnir 88 sem voru reknir frá Glitni fengu að líkindum innan við þriðjung af launum og hlunnindum nokkurra æðstu stjórnenda bankans undanfarnin tvö ár.

Sextán æðstu stjórnendur Glitnis fengu í laun, hlunnindi og hagnað af kaupréttum, samanlagt um 2.900 milljónir króna á árunum 2006 og 7. Þetta kemur fram í ársreikningi bankans.

Tilkynnt var í fyrradag um að 88 starfsmönnum bankans hérlandis hefði verið sagt upp störfum, en alls hafa yfir 250 manns horfið frá bankanum í heild það sem af er ári.

Ætla má að þeir tæplega níutíu sem hverfa frá störfum hér innanlands hafi samtals haft tæplega 440 milljónir króna í laun á ári, eða um 880 milljónir á tveimur árum. Þá er miðað við miðgildi heildarlauna þeirra sem starfa við fjármálaþjónustu. Samkvæmt Hagstofnunni voru þau 415 þúsund krónur á mánuði í fyrra. Fram kemur í tilkynningu Glitnis til Kauphallarinnar að fólkið hafi starfað í flestum deildum og sviðum bankans.

Starfsmennirnir sem voru reknir hefðu samkvæmt miðgildinu samanlagt fengið vel innan við þriðjung af því sem sextán stjórnendur fengu frá bankanum í fyrra og hittifyrra.

Sé einungis horft til launa Bjarna Ármannssonar sem lét af starfi forstjóra bankans fyrir um ári, þá fékk hann á þessum tveimur árum samtals ríflega 790 milljónir



ALLIR SIGRA? Starfsmenn Glitnis í startholunum í Glitnismaraboninu. Ætla má að þeir 88 sem voru reknir hafi haft innan við þriðjung tekna nokkurra æðstu stjórnenda bankans.

króna. Tekjur Bjarna einar og sér hefðu því næstum dugað til að hafa hina tæplega níutíu brottreknar starfsmenn í vinnu.

Launakostnaður bankans hefði verið meiri en sem þessu nemur, því meðal annars þarf að gera ráð fyrir launatengdum gjöldum, aðstöðu og framlagi í lífeyrisjóð.

Lárus Welding, forstjóri Glitnis, vildi ekki gefa upp hversu mikið bankinn sparði í launakostnaði vegna þeirra sem sagt var upp, þegar hann var spurður um það í fyrradag.

Launakostnaður Glitnis í fyrra nam tæpum 28 milljórdum króna og voru starfsmenn um tvö þúsund.

Inni í tölu um tekjur stjórnenda Glitnis eru ekki milljónirnar þrjú hundruð sem Lárus Welding, forstjóri Glitnis, fékk fyrir að hefja störf hjá bankanum. Jafnframt er ekki tekið tillit til þess að stjórnarmenn fengu um sjötíu milljónir króna á sama tíma. Þá er heldur ekki gert ráð fyrir mörg hundruð milljóna starfslokasamninga Franks Ove Reite, sem hætti störfum hjá Glitni í Noregi fyrr á árinu.

Á síðasta aðalfundi Glitnis, nú í vor, var ákveðið að lækka laun stjórnarmanna og Lárus Welding forstjóri lækkaði eigin laun um helming. Hann hefur nú tæpar þrjár milljónir í laun á mánuði.

ingimar@markadurinn.is

## Blackstone í mínus

Blackstone Group, umsvifamesta fjárfestingarfélag heims, tapaði 66,5 milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði rúmra 5,2 milljarða íslenskra króna, á fyrsta fjórðungi ársins. Félagið hagnaðist um 838,5 milljónir dala eftir skatt á sama tíma í fyrra.

Tapið nemur sex sentum á hlut samanborið við 75 senta hagnað í fyrra. Þetta er talsvert undir væntingum markaðsaðila sem höfðu reiknað með 12 senta hagnaði í ár, samkvæmt Bloomberg-fréttaveitunni.

Fyrirtækið hefur um árin gengið á skuldsettum yfirtökum en lent

í vandræðum eftir því sem lánsfjármarkaðurinn hefur þurrkast upp síðustu misserin. Þá hafa helstu eignir félagsins fallið í verði í niðursveifla á hlutabréfamarkaði, að sögn Bloomberg.

Blackstone var skráð á bandarískan hlutabréfamarkað í júní í fyrra þegar helstu markaðir stóðu nálægt hæstu hæðum og stóð gengið í 35 dölum á hlut á fyrsta degi. Það hefur dalað mikið síðan, fór lægst í 14,5 dali á hlut um miðjan mars. Gengið féll um rúm þrjú prósent fyrir upphaf viðskipta í gær en hækkaði skömmu síðar og fór yfir 19 dali á hlut.

- jab

## Dregur úr verðbólgu á evrusvæði

Til samanburðar mældist 11,8 prósent verðbólga hér á landi í síðasta mánuði og standa stýrivextir í 15,5 prósent, sem eru hæstu stýrivextir í heimi með þróaðan fjármálamarkað.

Verðbólga mældist 3,3 prósent á evrusvæðinu í síðasta mánuði, samkvæmt nýjustu útreikningum Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins, sem birtir voru í gær. Verðbólgan stóð í 3,6 prósentum í mars og hafði hún aldrei verið meiri.

Evrópski seðlabankinn hækkaði stýrivexti snarlega fram undir mitt síðasta ár en hefur haldið þeim óbreyttum í fjórum prósentum síðan í júní vegna erfiðra aðstæðna á fjármálamörkuðum.

Þrátt fyrir að verðbólga sé rúmu prósentu yfir tveggja prósentu verðbólgu markmiði Evrópska seðlabankans er reiknað með að vextirnir haldist óbreyttir næstu

## VERÐBÓLGA Í NOKKRUM EVRÓPURÍKJUM

## Lönd innan myntbandalagsins

|           |      |
|-----------|------|
| Slóvenía* | 6,2% |
| Frakkland | 3,4% |
| Þýskaland | 2,6% |
| Holland   | 1,7% |

\*Tók upp evru í byrjun árs 2007

## Lönd utan myntbandalagsins

|          |       |
|----------|-------|
| Lettland | 17,4% |
| Búlgaría | 13,4% |
| Ísland   | 11,8% |
| Lítháen  | 11,9% |

mánuði þrátt fyrir undirliggjandi verðbólguþrýsting af völdum verðhækkana á matvöru og olíu enda sé hættu á að aðstæður á markaði geti dregið mjög úr hagvexti á myntsæðinu, að því er fram kemur í vefútgáfu BusinessWeek.

- jab

## Þjóðarsátt er forsenda hjöðnunar

Kaupþing spáir 13,5 prósent hámarksverðbólgu í ár. Hröð hjöðnun á næsta ári.

Í nýrri verðbólguþá Kaupþings er ráð fyrir því gert að nokkurs konar þjóðarsátt náist á vinnumarkaði um hófstíllta samninga, en slík sátt er sögð forsenda þess að verðbólga náist hér niður. Er í spánni áréttuð þessi skoðun sem fram kom í hagspá bankans fyrir helgi sem kynnt var undir heitinu „Efnahagshorfur að vori“. Forsendur kjarasamninga koma til endurskoðunar í byrjun næsta árs.

Í verðbólguþánni er gert ráð fyrir að 12 mánaða verðbólga ná hér hámarki í 13,5 prósentum á þriðja fjórðungi ársins og mælist svo yfir 12 prósentum það sem eftir lifir árs. Um leið er bent á að 12 mánaða verðbólga mælist nú 11,8 prósent og hafi ekki mælst hærrí í 18 ár. „Verðbólguhraðinn mun hins vegar ganga hratt niður á árinu 2009 þegar draga mun úr almennri eftirspurn í hagkerfinu ásamt því sem fasteignaverð mun lækka,“ segir þar. Gert er ráð fyrir að Seðlabankinn ná 2,5 prósentu verðbólgu markmiði sínu á öðrum fjórðungi 2009 og að meðalverðbólga það árið verði um 4,9 prósent. Árið 2010 er svo gert ráð fyrir verðbólgu innan vikmarka Seðlabankans, að meðaltali 3,3 prósent.

Greiningardeild Kaupþings bendir jafnframt á að



NÝBYGGINGAR Í nýrri spá Kaupþings er gert ráð fyrir að íbúðaverð lækki um 17 prósent fram til ársins 2010 þegar það taki að hækka á ný.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

viðsnúningur á fasteignamarkaði hafi verið hraður og gerir ráð fyrir að íbúðaverð taki að lækka á þessum ársfjórðungi með nafnlækkuðum fasteignaverðs í kringum fimmm prósent. „Í ljósi verðbólguhorfa mun raunlækkuð líklega verða í kringum 17 prósent. Þeirrar lækkunar mun gæta allt fram til ársins 2010, er fasteignaverð tekur að hækka á ný.“

- óka

Þ V O T T A

**AEG**

FULLKOMIN LÖGUN & LEIKNI

15.-31.  
MAÍ

D A G G A R

**TILBOÐSVERÐ**

ÞVOTTAVÉLAR  
ÞURRKARAR

UPPÞVOTTA-  
VÉLAR



## EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS

AEG þvottavél  
með íslensku stjórnborði

LAVAMAT 76820 ÍSLAND

- Taumagn: 7 kg
- Vinduhraði 1600/1200/1000/600 snúningar á mín.

AEG barkalaus þurrkari  
með íslensku stjórnborði

LAVATHERM 57820 ÍSLAND

- Taumagn: 6 kg
- Fjöldi prógramma

**TILBOÐVERÐ: Kr. 189.000 / PARIÐ**



AEG þvottavél  
með íslensku stjórnborði  
LAVAMAT 64810 ÍSLAND  
• Vindingarhraði 1400/1000/600 sn. á mín.

**TILBOÐVERÐ: Kr. 172.000 / PARIÐ**



AEG þurrkari  
LAVATHERM 54810  
• Mjög hljóðlátur  
• Fjöldi prógramma



**15% afsláttur**

*Gerðu hreinlega góð kaup!*

Fjöldi einstakra þvottavéla, þurrkara og uppvottavéla eru nú á tilboðsverði.

**ORMSSON**



[www.ormsson.is](http://www.ormsson.is)

ORMSSON  
LÁGMÚLA 8  
SÍMI 530 2800

ORMSSON  
SMÁRALIND  
SÍMI 530 2900

ORMSSON  
KEFLAVÍK  
SÍMI 421 1535

ORMSSON  
MÓDEL-AKRANESI  
SÍMI 431 3333

ORMSSON  
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI  
SÍMI 456 4751

ORMSSON  
AKUREYRI  
SÍMI 461 5000

ORMSSON  
BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1515

ORMSSON  
VÍK-EGILSSTÖÐUM  
SÍMI 471 2038

ORMSSON  
VÍK-NESKAUPSTAÐ  
SÍMI 477 1900

ORMSSON  
VÍK-REYÐARFIRÐI  
SÍMI 474 1477

ORMSSON  
ÁRVIRKINN-SELFOSSI  
SÍMI 480 1160

**UMBOÐSMENN  
UM LAND ALLT**

Íslenskt  
stjórnborð  
og ítarleg  
notendahandbók  
á íslensku fylgir  
okkar vélum.

Ósk um þjóðarvilja án þingvilja:

## Loddaralist

**PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

**H**ugsanleg aðild Íslands að Evrópusambandinu er bæði viðamikil og margslungið viðfangsefni. Brýnt er að menn glöggvi sig sem best á í hvaða farveg rétt er að fella umræðuna. Enn fremur þarf tímarammi hennar að vera sæmilega ljós. Miklu skiptir síðan að þær leikreglur sem gilda eiga um ákvörðunarferilinn liggi fyrir áður en endanleg efnisafstaða er tekin.

Ofar öllu öðru þarf þó að vera ljóst að þetta mál verður aldrei til lykta leitt fremur en önnur stærstu mál þjóðarinnar án þess að Alþingi og ríkisstjórn hafi þar um forystu. Allar tilraunir til þess að koma málinu úr höndum Alþingis byggja annað hvort á mis-skilningi um stjórnskipulegt hlutverk þess eða vilja til að drepa málinu á dreif.

Viðskiptaráðherrann hefur gengið lengst allra í að afvegaleiða umræðuna með yfirlýsingum um að taka verði málið úr höndum stjórnvaldaflokkanna. Það þýðir á mæltu máli að því eigi að yta út fyrir vegg Alþingis. Þó að lífleg umræða í samfélaginu sé ekki aðeins mikilvæg heldur óhjákvæmileg er málið stjórnskipulega í lausu lofti ef hugmyndir af þessu tagi eiga að ráða ríkjum. Þær hljóta í þessu tilviki annað hvort að byggja á bráðræði eða reynsluleysi með því að enginn efast um efnislega afstöðu ráðherrans.

Formaður Framsóknarflokksins sýndi talsverð hyggindi í miðstjórn flokksins á dögum þegar hann breytti neikvæðri afstöðu sinni í jákvæða hugsun án þess þó að taka af skarið um álit sitt. Hann sameinaði flokkinn með því að leggja til að umsóknarspurningin yrði lögð í dóm þjóðarinnar. Vera má að lítil flokkur í stjórnarandstöðu komist upp með að hlaupa þannig í kringum þessa spurningu eins og köttur um heitan graut. En þannig nálgun er þó ekki unnt að taka alvarlega í stærra samhengi.

Í kjölfar þess að formaður Sjálfstæðisflokksins lýsti því yfir á Akureyri í vikunni að flokkurinn ætlaði á haustdögum að taka Evrópumálin til opinna og víðtækrar umræðu gerði varaformaður flokksins heyrinkunna þá afstöðu sína að leggja ætti umsóknarspurninguna í dóm kjósenda. Þó að í þessum yfirlýsingum felist engin efnisleg afstöðubreyting bera þær eigi að síður vott um nýtt og jákvætt viðhorf til umræðunnar.

Annað verður ekki ráðið af hugmynd varaformanns Sjálfstæðisflokksins um þjóðaratkvæðagreiðslu en hún byggir á forsendu Framsóknarflokksins um að vísa málinu efnislega út fyrir vegg Alþingis. Ekki verður séð að stærsti flokkur þjóðarinnar og forystuflokkur í ríkisstjórn geti staðið þannig að meðferð þess án þess að setja niður. Hugmynd varaformannsins um tímasetningu þjóðaratkvæðagreiðslu í byrjun næsta kjörtímabils er hins vegar mjög raunhæf og skynsamleg.

Rétt er og eðlilegt að leggja í dóm kjósenda hvort sækja á um aðild eða ekki. Það hlýtur hins vegar að gerast með þeim hætti að ríkisstjórn leggi til við Alþingi að slíkar viðræður verði hafnar með þeim fyrirvara að hugsanlegt samþykki löggjafarsamkomunnar verði síðan háð því að þjóðin fallist á niðurstöðuna í almennri atkvæðagreiðslu. Loks ber svo að leggja sanningsniðurstöðuna fyrir þjóðina eftir samþykki Alþingis.

Þjóðarvilji án þingvilja er loddaralist. Á hinu verður þjóðin að hafa skilning að tíma getur tekið að móta þingviljann í svo örloga-ríku máli. Verði ráð Alþingis að henda umsóknarspurningunni í þjóðina án þess að taka sjálf afstöðu væri rétt að kjósendur fengju samtímis að velja nýja þingmenn sem þeir vita þá hvar standa.

### Að flýta sér hægt

Stundum hlaupa kjörnir fulltrúar fram úr sér og málefnum. Í gær var það Ásta Möller sem ætlaði að flýta fyrir afgreiðslu frumvarps um sjúkratryggingar, en gleymdi í flýtinum hlutverki nefnda Alþingis. Meðal annars er það þeirra að ákveða hverjir skuli fá frumvarp til umsagnar. Þrátt fyrir að Ásta sé formaður heilbrigðis- og trygginga-nefndar er það ekki svo að hún geti sagt; nefndin, það er ég og sent frumvörp til umsagnar í eigin nafni. Fyrir frumhlaupið fékk hún því orð í eyra frá forseta Alþingis, sem áréttaði hver hefði valdið í þessum málum.



### Að flýta sér í fri

Ekki eru margir starfsdagar eftir á Alþingi og alþingismenn í spreng að klára öll þau verkefni sem fyrir þinginu liggja. Á þessum tíma árs er svo hefð fyrir því að ræða um starfstíma Alþingis og skorpuvinnuna á síðustu dögum til að klára allt sem þarf fyrir lokun. Ekki hafa þó allir þingmennirnir áhyggjur þessa síðustu dagana. Þrjú þingmenn, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðni Ágústsson og Sturla Böðvarsson, eru á fjarvistarstrá þingsins. En fleiri eru í leyfi því það fréttist að Bjarni Benediktsson væri ekki í vinnunni, þar sem hann ferðaðist nú um Kaliforníuríki á mótörhjól.



### Að flýta sér burt

Frjálslyndi flokkurinn var fyrr í vikunni í fyrsta sinn í aðstöðu til að koma innflytjendastefnu sinni í framkvæmd og missti öll völd á Akranesi fyrir vikið. Bæði fyrir og eftir síðustu kosningar var um það talað að flokkurinn væri í raun óstjórnstækur vegna þessarar stefnu, enginn annar flokkur vildi taka það í mál að yta undir hana og skipti þá engu máli hversu (ó)hagganlegir þingmenn Frjálslynda flokksins væru í kvótamálum. Í ljósi reynslunnar af því að reyna að beita fyrir sig innflytjendastefnunni munu flokksmenn væntanlega velta fyrir sér hvort sé betra, að halda í þessa stefnu og skrifa sig sjálfkrafa frá völdum, eða hugsa málið upp á nýtt.

svanborg@frettabladid.is

## SPOTTIÐ



# Skattalækkun skynsamleg

Fréttir berast nú af fjöldauppsögnum í bönkum og byggingarfrýrtækjum. Fátt er sárara en að missa starfið fyrirvaralaust. Við höfum öll samúð með því fólki, sem hefur orðið fyrir slíku áfalli, og vonum, að það finni fljótlega önnur störf. Sem betur fer er atvinnuástandið á Íslandi miklu betra en í ríkjum Evrópusambandsins, þar sem atvinnuleysi er stórfellt, einkum hjá ungu fólki. Tækifærin til að brjótast í bjargálnir eru nú miklu fleiri hér en fyrir röskum sextán árum, þegar ráðist var í hinar miklu breytingar í frjálsræðisátt. Það breytir því ekki, að fyrstu merkin um samdrátt eru að koma fram á venjulegu launafólki. Íslendingar gátu ekki búist við, að þeir slyppu einir þjóða við afleiðingar hinnar alþjóðlegru lánsfjákræppu eða verðhækkunar á olíu og matvælum.

Undir slíkum kringumstæðum er skynsamlegt að lækka skatta á launþega og fyrirtæki, því að það örvar neyslu og fjárfestingu, svo að störfum fjölgar á ný. Með skattalækkun er fé fært frá ríkinu, sem kann lítt með það að fara, og til einstaklinganna, sem nýta það miklu betur, annaðhvort til eigin ánægju eða í sparnað og með honum fjárfestingu. Ríkisstjórnin hefur þegar tilkynnt, að tekjuskattur á fyrirtæki verði lækkaður úr 18%



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON Í DAG | Efnahagsmál**

í 15% frá og með næstu áramótum. Það er skref í rétta átt, en vegna fyrirsjáanlegs samdráttar ætti að ganga enn lengra og lækka tekjuskattinn niður í 12%. Jafnframt ætti að lækka tekjuskatt á einstaklinga verulega, til dæmis um 2%.

Þegar minnst er á skattalækkun, heyrir jafnan í úrtöllumönnum. Þeir segja, að nú sé þensla og þess vegna sé skattalækkun ótímabær. Þetta er rangt af tveimur ástæðum. Þenslan er fyrirsjáanlega að snúast í samdrátt, svo að það, sem er óheppilegt í dag, verður heppilegt á morgun. Í öðru lagi er skattalækkun ekki aðallega hagstjórnaraðgerð, þótt vissulega megi með henni örva neyslu og fjárfestingu á næsta ári. Hún er tilfærsla á fé til þeirra, sem hafa aflað þess og eiga það skilið. Eitt brúnasta langtímaverkefni okkar er að minnka umsvif

ríkisins. Skattheimta hér nemur nú röskum 40% af landsframleiðslu. Það er allt of hátt hlutfall.

Þá spyrja úrtöllumenn: Hvar vilja skattalækkunarsinnar nema staðar? Hvað er eðlilegt hlutfall? Ekkert endanlegt svar er til við þeirri spurning, en til dæmis er skattheimta rétt yfir 30% af landsframleiðslu í Sviss, sem þykir mikið fyrir myndarríki. Er það ekki hóflegt markmið? Enn segja úrtöllumenn: Hvernig á ríkið að afla fjár til nauðsynlegra verkefna, ef skattar lækka? Svarið er einfalt. Til skamms tíma þurfum við ekki að hafa neinar áhyggjur af afkomu ríkissjóðs, því að íslenska ríkið er nánast skuldlaust. Tímabundinn fjárhagsvandinn er því auðleysanlegur. Til langs tíma mun verðmætasköpun aukast við lægri skatta, svo að skatttekjur ríkisins munu hækka, eins og reynslan hefur margfalt sýnt.

Það er engin lausn á aðsteðjandi vanda að taka upp annan gjaldmiðil. Ráðstöfunarfé einstaklinga eykst ekki, þótt það sé skráð í evrum. Skuldir fyrirtækja lækka ekki, þótt þær séu skráðar í pundum. En afkoma einstaklinga og fyrirtækja batnar, ef opinberar álögur á þessa aðila léttast. Við bæggjum atvinnuleysisvofunni best frá með myndarlegri skattalækkun.

## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTODARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Hóskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRAR:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## Aðalfundur Samfylkingarinnar í Kópavogi

Aðalfundur Samfylkingarinnar í Kópavogi verður haldin mánudaginn 19. maí kl 20:30 í sal félagsins að Hamraborg 11.

### Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf

Önnur mál

### Athugið:

Aðalfundur húsfélagsins verður haldin í framhaldinu

Stjórnin.





Suðurnes

Akureyri

Reykjavík

Húsavík

# Nú geta fleiri notið góðs...

...Múrbúðin hefur opnað á Akureyri og á Suðurnesjum



NOVA Batterisborvél 18V + 91 stk. verkfæri

**1.695 kr.**



Veggflísar 15x15 cm, ljósgráar

**595 kr.** pr. m<sup>2</sup>



Verkfærasett 55 hlutir

**495 kr.**



DEKAPRO útimálning, 10 lítrar

**3.990 kr.**



Hjólborur 90L

**1.700 kr.**



DEKACRYL 7, 10 lítrar

**3.290 kr.**



DRIVE Slípirokkur 1150w

**1.900 kr.**



Plastparket, eik, planka

**790 kr.** pr. m<sup>2</sup>



Bilskúrs- og þvottahúsflísar 30x30 cm

**990 kr.** pr. m<sup>2</sup>



Verkfærasett 5 hlutir

**195 kr.**



3 tangir og skiptilykill

**95 kr.**



Háþrýstidæla Max140 bör

**3.990 kr.**



NOVA 4,8V Skrufvél og skrufbitar

**495 kr.**

**Grillum samkeppnina**



### GAS GRILL

4 ryðfríir brenningar og hliðarplata. 60,000-BTU. Kveikja í stillihnapp. Grillgrind er postulínshúðuð. 44x56cm Extra sterk hjól v. gaskút Þrýstijafnari og slöngur fylgja.

**34.900 kr.**



### GAS GRILL

4 ryðfríir brenningar og hliðarplata. 52,000-BTU. Elektrónísk kveikja. Grillgrind er postulínshúðuð. 43x38cm Hitaplata er postulínshúðuð. 43x19cm Þrýstijafnari og slöngur fylgja.

**36.900 kr.**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM



# MÚRBÚÐIN

- Afslátt eða gott verð?

Klettháls: Opið virka daga kl. 8-18, laugardaga 9-16  
Suðurnes: Opið virka daga kl. 8-18, laugardaga 9-14  
Akureyri: Opið virka daga kl. 8-18, laugardaga 9-14

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



**1.749** kr/kg. áður 2.498 kr/kg.  
Goða grísalund meistarans



**862** kr/kg. áður 1.436 kr/kg.  
Goða BBQ grísarif



**1.229** kr/kg áður 1.889 kr/kg.  
Bacon bunkar



**Palmolive**  
sturtusápa



**Zendium**  
tannkrem



**147** kr/pk. áður 245 kr/pk.  
Orville örbylgju popp - 6 pk

**allt í matinn á einum stað**

Birt með fyrirvara um prentvillur  
Tilboðin gilda 15. maí til 18. maí eða á meðan birgðir endast  
[www.netto.is](http://www.netto.is)

**30%  
afsláttur**



GODI

**398** kr/pk. áður 568 kr/pk.  
Goða alvöru hamborgarar - 2x 175 gr.

**40%  
afsláttur**



GODI

**659** kr/kg áður 1.099 kr/kg.  
Goða blandað hakk

**50%  
afsláttur**



**99** kr/pk. áður 198 kr/pk.  
Pykkvabæjar franskar - Tilboð 700 gr.

**45%  
afsláttur**



**98** kr/stk. áður 179 kr/stk.  
Toppur - 2 ltr. - 3 tegundir

**50%  
afsláttur**



**99** kr/pk. áður 198 kr/pk.  
Nettó samlokubrauð - gróft

**35%  
afsláttur**



**77** kr/stk. áður 119 kr/pk.  
Brazzi 1 ltr. - 4 tegundir

**nettó**

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# Hvaða stjórnmalaflokk styður þú?



Eftir Guðmund Hallgrímsson

Þessa spurningu fékk ég nýlega í símakönnun. Spurningin kom nokkuð flatt upp á mig, jafnvel þótt ég hafi verið flokksbundinn sama flokki í hálföld. Þegar stúlkan í símanum heyrði að það var eitt-hvert hik á mér bauð hún mér að sleppa þessari spurningu. Ég sagði að það stæði fremur illa á hjá mér í augnablikinu, hvort hún gæti ekki hringt eftir hálf tíma og samþykkti hún það.

## Gleymdur uppruni

En hvernig stóð á þessu hiki mínu? Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á stjórnmalum og gegndi formennsku í þremur félögum á vegum flokks míns, Sjálfstæðisflokksins, og um tíma var ég varaformaður SUS. Ýmislegt fleira gæti ég tínt til, en aðalatriðið er að ég hef verið



sauðtryggur flokksmaður lengst af lífi mínu. Hin síðari ár finnst mér flokkurinn hafa gleymt uppruna sínum og stefnu og sveigst æ meir til nýfrjálshyggju (neo-conservatism). Þetta finnst mér koma skýrast fram í Evrópustefnu flokksins. Í því sambandi bendi ég á ummæli Davíðs Oddssonar sem sennilega eru viðhöfð öðru hvorum megin við árið 1990.

„Og þrátt fyrir allt er líklegt að smæð okkar verði styrkur ásamt með því að við erum að véla við bandalagsþjóðir okkar í Atlanshafsbandalaginu og margar hefðbundnar vinapjóðir þar sem við njótum trausts. Það er því óheppilegt að borið hefur á því, að við séum sjálfir að búa til okkur skilyrði og mála skrattann á vegginn og þar með að veikja okkar eigin samningsstöðu er við mætum með sjálfskapada annmarka til viðræðna við Evrópu-bandalagið. Við megum síst af öllu ganga að þessu viðfangsefni með þrá fyrir forna innilokun og einangrun, alteknir af ótta og kjarkleysi. Við verðum að sýna reisin og styrk og forðast einangrunarþörf og minnimáttarkennnd. Til slíkra viðræðna hljótum við að ganga sannfærðir um það að reyna að ná fram hinu besta, en jafnframt tilbúnir að hverfa frá þeirri leiðinni, ef niðurstaðan er ekki þolanleg.“

Að mínu mati er þetta sjálfstæðis-stefnan í hnotskurn.

## Örlogarík sinnaskipti

Sjálfur get ég ekki orðað afstöðu mína í þessu mikilvæga máli betur en Davíð. Ég man að ég gladdist yfir þessum ummælum en nokkru síðar gerðist það eins og Hallgrímur Pétursson orðaði það. „Þetta sem helst nú varast vann, varð þó að koma yfir hann.“

Ég hef reynt að skilja algjöran viðsnúning Davíðs, en hef aldrei getað það fremur en aðrir sem ég hef rætt við. Ég tel að

þessi sinnaskipti séu eitt af því örlogaríkasta sem yfir þjóðina hefur gengið í seinni tíð, því ég er sannfærður um að annars værum við Íslendingar nú þegar í ESB og búnir að taka upp evru. Eg hef alltaf litið á það sem hornstein í stefnu Sjálfstæðisflokksins að Ísland ætti að efla tengsl sín við vinapjóðir í Evrópu og taka þátt í einni merkilegustu tilraun sögunnar til að efla frið og samvinnu fullvalda ríkja. Jákvaður árangur Evrópusambandsins er sífellt að koma betur í ljós.

Það hefur vissulega verið erfitt að vera Evrópusinni í Sjálfstæðisflokki. Á síðustu landsfundum var markvisst unnið að því að þagga niður umræður um Evrópusamrunann. Það eru mikil öfugmæli þegar talað er um að það hafi farið fram miklar umræður um ESB í flokknum, það er þá einhvers staðar annars staðar en á landsfundum hans. Þeirri litlu umræðu, sem þar hefur farið fram, er best lýst með orðum Davíðs að þar hafi menn „málað skrattann á vegginn“. Fáfróðustu menn um ESB hitti ég í mínum flokki. Skilyrði Sjálfstæðisflokksins í núverandi ríkisstjórn um að aðild að ESB sé ekki á dagskrá er árangur nýfrjálshyggjumannanna í flokknum. Þetta eru örlogarík mistök sem bitna nú hart á þjóðinni.

En hverju svaraði ég stúlkunni í skoðanakönnuninni? Ég dreg engadul á að ég nefndi þann eina stjórnmalaflokk sem ég tel fylgja sjálfstæðisstefnunni í Evrópumálum. Þrátt fyrir þetta svar á ég erfitt með að segja skilið við minn gamla flokk sem mér fannst einu sinni einkennast af víðsýni og heilbrigðum metnaði á sviði einkaframtaks en studdi jafnframt húnániska velferðarstefnu fyrir þá sem minna máttu sín. Þessar áherslur hafa því miður vikið fyrir nýfrjálshyggjunni og einangrunarstefnunni sem Davíð varaði alvarlega við á sínum tíma.

Höfundur er lyfjafræðingur.

# Óspillt náttúra er mannréttindi

## UMRÆÐAN

Ásta Þorleifsdóttir skrifar um mannréttindi



ÁSTA ÞORLEIFSDÓTTIR

Dagurinn í dag, 16. maí, er helgaður mannréttindum.

Mannréttindi eru að mati flestra algild, óháð stund og stað, óháð samfélagsgerð eða efnahag. Til þess að lýðræðisþjóðfélag sem byggir á jafnræði þegnanna fái þrífist er mikilvægt að auka meðvitund allra um mannréttindi og þátttöku í að virða og efla þau.

Í inngangi Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 1948 segir: „Það ber að viðurkenna að hver maður sé jafnbörinn til virðingar og réttinda, er eigi verði af honum tekin, og er þetta undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum.“

„Hafi mannréttindi verið fyrir borð borin og lítilsvirt, hefur slíkt í för með sér siðlausar athafnir, er ofboðið hafa samvisku mannkynsins, enda hefur því verið yfir lýst, að æðsta markmið almennings um heim allan sé að skapa veröld, þar sem menn fái notið málfrelsis, trúfrelsis og óttaleysis um einkalíf og afkomu.“

*Með ábyrgri umgengni um náttúru landsins og okkar nánasta umhverfi tryggjum við mannréttindi barna okkar og barnabarna.*

Þessi orð eru leiðarljós þeirra sem vinna að eflingu og virðingu mannréttinda og fela í sér von þegar mannréttindi eru brotin um heim allan. Inntakið er einfalt: virða ber mannréttindi allra, alltaf og alls staðar, réttindi til lífs, frelsis og mannhelgi.

Að ekki megi mismuna fólki vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ættternis eða annarra sambærilegra aðstæðna og að allir skuli jafnir gagnvart lögum.

## Staða mannréttinda á Íslandi

Hin hefðbundna skilgreining fyrstu kynslóðar mannréttinda snýst um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, svo sem réttindi til lífs, sem varin eru af stjórnarskrá og alþjóðasáttmálum.

Skömmu síðar komu fram auknar kröfur til mannréttinda þ.e. réttur til félagslegra og efnahagslegra þátta svo sem atvinnu og menntunar.

Á liðnum áratugum hafa komið fram enn nýjar áherslur í grundvallarmannréttindum þar sem fyrst og fremst er horft til friðhelgi einkalífs og umhverfis. Þar undir fellur rétturinn að hreinu vatni og lofti en ekki síður að óspilltri náttúru. Náttúru- og umhverfisverndarbaráttan síðustu ára byggir á þessari afstöðu.

Á Íslandi eru hin borgaralegu, stjórnmálalegu og félagslegu mannréttindi almennt viðurkennd og það ríkir samhljómur um að þau séu ávallt

höfð að leiðarljósi, nema þar sem rekst á eignaréttur eins við almannahagsmuni annars, svo sem í umhverfismálum.

Á síðasta áratug voru sett lög sem leitast við að tryggja áhrif almennings til að fá notið grundvallar umhverfisréttinda litið dagsins ljós, þar á meðal lög

um mat á umhverfisáhrifum og um hollustuhætti og mengunarnar. Þessi lagasetning er fyrsti vísir að nýrri hugsun og að viðurkenningu stjórnvalda á að aðgangur að náttúrugæðum flokkist undir grundvallarmannréttindi. En betur má ef duga skal; í skammsýni er víða vegið að framtíðarhagsmunum óborinna Íslendinga.

## Mannréttindi afkomenda okkar

Það viðhorf nýtur vaxandi viðurkenningar að standa beri vörð um grundvallarhagsmuni komandi kynslóða með því að mæta þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum. Sjálfbær þróun er því skynsöm heildræn umgjörð fyrir mannlega hegðun, ekki einungis gagnvart umhverfinu og náttúrunni, heldur líka náunganum og samfélaginu, boðberi mannréttinda, jafnréttis og jafna tækifæra.

Aðeins með því að standa vörð um hreint vatn, ómengað loft og óspillta náttúru getum við tryggt afkomendum okkar þau lífsgæði sem við öll teljum sjálfsögð og eru, eins og önnur grundvallarmannréttindi, forsenda lífs okkar og heilsu og forsenda þess að við getum notið þeirra tækifæra sem lífið býður upp á. Til að þetta geti orðið að veruleika er nauðsynlegt að auka meðvitund fólks, réttindi og skyldur, frelsi þeirra til að hafa áhrif og ábyrgð á eigin umhverfi. Hér gegnir hugmyndin um íbúalýðræði lykilhlutverki.

Með ábyrgri umgengni um náttúru landsins og okkar nánasta umhverfi tryggjum við mannréttindi barna okkar og barnabarna. Sjálfbær þróun er forsenda mannréttinda framtíðarinnar og þar með vinnur hún einnig að því að auka frelsi fólksins en um leið gera það meðvitaðra um réttindi, skyldur og samfélagslega ábyrgð.

Umhverfisstefna Reykjavíkur er mannréttindamál og borgaryfirvöld eru meðvituð um ábyrgð sína fyrir ráðstöfun þeirra verðmæta sem þau hafa umsjón með. Til að vel takist til þarf samráð við íbúana. Það eru mannréttindi að fá að hafa áhrif á ákvarðanatöku í sínu nánasta umhverfi með virku þátttöku-lýðræði, samvinnu yfirvalda og íbúa um betri borg, heilnæmt umhverfi og hrein torg.

Hjálpumst að við að vernda náttúru landsins, vatnið og loftið. Verndum lífsgæði komandi kynslóða með því að koma vel fram hvert við annað og ganga vel um, alltaf og alls staðar.

Höfundur er jarðfræðingur og á sæti í umhverfis- og samgönguráði Reykjavíkur.

Túristarnir\* eru mættir!

Leyfðu öðrum að vita hvað þú ert frábær!

...túristinn kemur þínum skilaboðum áleiðis

\*Algengast er að tala um túrista sem erlenda ferðamenn en í prentun er talað um túristabrot á smábæklingum.



Torfi litaklessa markaðsgúrú Prentun.com

smábæklingar  
33% afsláttur í maí

prentun.com

EINFALT OG ÁRANGURSRÍKT

REYKJAVÍK  
Sími 5276500

REYKJANESBÆ  
Sími 4210001

KÓPAVOGI  
Sími 5522930

HORNAFIRÐI  
Sími 4782052

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

## EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Pýrnir Hálfðanarson matreiðslumeistari rekur Fiskbúðina við Lækjargötu í Hafnarfirði þar sem hægt er að fá alls konar fisk og fiskrétti.

MATUR 2



## UMHVERFIÐ FEGRAD

Íbúar Lunda- og Gerðahverfis á Akureyri ætla að hittast á morgun og fegra umhverfi sitt og skemmta sér saman á umverfisdegi og hverfishátíð.

HELGIN 3



# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ HELGIN O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ



## Ódýrt og gott í hádeginu

Í kaffiteríunni Perlunnar er hægt að fá alls kyns góðgæti á frábæru verði: Fylltar pönnukökur (crêpes), samlokur, pizzur, súpubar, nýbókuð brauð og gómsætan salatbar. Eins er hægt að fá heimatilbúinn ítalskan ís, alls kyns ísrétti, kökur og tertur. Nýlega bættust svo belgískar vöfflur á matseðilinn (láttu það eftir þér – þær eru algerlega þess virði).

Við Perluna eru næg ókeypis bílastæði.

Gjafabréf Perlunnar  
Góð tækilærisgjöf!



### 4ra rétta tilboð

á veitingastað Perlunnar

Léttreiktur lax  
með granateplum og wasabi sósu

Tom Yum súpa  
með grilluðum tigrisrækjum

Kryddlegin dádýralund  
með seljurótarsósu

Banana- og súkkulaðifrauo  
með vanillúsósu

Verð: 6.290 kr.



Veitingahúsið Perlun - Sími 562 0200 - Fax 562 0207  
Netfang perlan@perlan.is - Heimastöða www.perlan.is



Jóna Dögg finnst gaman að bragða á einhverju sem er frábrugðið hefðbundnum réttum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Fljúgandi kjúklingur

Jóna Dögg Þórðardóttir, nemi í stjórn málafræði við Háskóla Íslands, hefur gaman af matargerð og matreiðingum oft bragðgóða rétti. Hennar uppáhaldsréttur nefnist Fljúgandi Jörgen og hefur fengið góðar viðtökur hjá vinum og vandamönnum.

„Ég smakkaði réttinn í fyrsta skipti í matarboði hjá systur vinkonu minnar og fannst rétturinn alveg frábær. Það er alltaf gaman að bragða á einhverju sem er aðeins frábrugðið hefðbundnum réttum. Rétturinn er einfaldur og og ekki erfitt að finna hráefnið í hann,“ segir Jóna Dögg.

Í réttinn þarf einn grillaðan kjúkling eða þrjár til fjórar kjúklingabringur. Síðan þarf tvo banana, eina teskeið af ítölsku salatkrýddi, einn desilíttra af chili-

sósu (einnig hægt að blanda saman chili-krýddi og tómatsósu), einn pakka af beikoni, tvo og hálfan desilíttra af rjóma og einn pakka af salthnetum.

Aðferðin er eins og áður sagði einföld og hún hljómar svona. „Kjúklingurinn er úrbeinaður þó svo að ég mæli frekar með því að nota kjúklingabringur eða kjúklingalundir. Þá er bringunum raðað í eldfast mót og þær kryddaðar með salti, pipar og ítalska salatkrýddinu. Kljúfa skal bananana eftir endilöngu og leggja þá yfir bringurnar. Léttþeyta á rjómann og blanda chili-sósunni saman við og hella yfir bringurnar. Síðan er þetta eldað í ofni í um það bil tuttugu mínútur við 200 gráður.

Salthnetum og þurrsteiktu beikoni er síðan stráð yfir áður en borid er fram. Gott er að bjóða upp á hrísgrjón, maís eða brauð og rétturinn hentar afar vel sem aðalréttur,“ útskýrir Jóna Dögg.

mikael@frettabladid.is



TRANS  
FITA

LO  
SALT

MSG

Við kappkostum að notast við lífrænt ræktað hráefni og høgum innkaupum okkar í samræmi við það.

## Heilsuréttir Nings

Fullir af trefjum, próteinum og góðum kolvetnum. Kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og chilli.

60. Tofukjöt og blandað grænmeti með sósu að eigin vali.

62. Lífrænt ræktað brún hrísgrjón með túnfiski, eggjum og grænmeti.

nytt! 64. Ristaðar Green tea núðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.

66. Lífrænt ræktað brún hrísgrjón með kjúklingi, eggjum og grænmeti.

68. Ristaðar hrísgrjónanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.

61. Heilar grillaðar kjúklingabringur með ristudum brúnum hrísgrjónum, eggjum og grænmeti.

nytt! 63. Ristaðar bókhveitinúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.

65. Steiktur eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.

67. Ristaðar kjúklingabringur með tofu og grænmeti.

nytt! 69. Ristaðar Konnyaku núðlur með eggjum, kjúklingi og grænmeti.

# NINGS

SUÐURLANDSBRAUT 6 • HLÍÐASMÁRA 12 • STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI 588 9899

allt

# matur o.fl.

Ávextir eru ferskir næringargjafir í sumarsalatið. Bætið appelsínunum og jarðarberjum í hrásalatið og kreistið sítrónu yfir.



## Hafrótt spilar um helgina



Reykjanesbæ • Hafnargötu 10 • Sími: 422 4601 • www.rain.is • rain@rain.is

Við erum í svo miklu vorskapi að við ætlum að ljósra upp leyndarmálinu okkar bakvið Eika Feita-borgarann!

### UPPSKRIFTIN

Setjið 40 mg af þurrgrjóttu osti og 20 g af vortuðum osti á brennslu. Eitthvað af þessum ostum er best að nota í þessum salati. Setjið því næst restina af ostunum á sama stigi. Þetta er góð ekki satt og bragðið ómótstæðlegt.



**EIKI FEITI**  
Barðastöðum 1-5  
S: 517-0667  
www.eikifeiti.is

EF UPPSKRIFTIN HEPPNADIST  
EKKI HIÁ ÞÉR ÞÁ ERTU ALLTAF  
VELKOMIN TIL OKKARI



## Kryddolíur Pottagaldra við grillið í allt sumar



Þyrnir tók við rekstri búðarinnar í fyrra. Allir réttir sem fást í henni eru lagaðir á staðnum eftir uppskriftum Þyrnis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Ferskleikinn alltaf í fyrirrúmi

Í Fiskbúðinni við Lækjargötu 34 í Hafnarfirði má nálgast hvers kyns góðgæti úr hafinu, allt frá þjóðlegum harðfiski upp í fagurlagað sushi.

„Við reynum að hafa úrvalið sem fjölbreyttast svo allir finni eitthvað við sitt hæfi,“ segir Þyrnir Hálfðanarson, matreiðslumeistari og einn eigenda Fiskbúðarinnar. Þyrnir segir að þrátt fyrir allt tal um að Íslendingar borði ekki nægan fisk sé alltaf nóg að gera í búðinni. Sumir viðskiptavinirnir komi meira að segja oft í viku.

„Fyrri hluta vikunnar kemur fólk og kaupir sér eitthvað einfalt, ýsu í sodið eða þorsk á pönnuna. Svo þegar líður á vikuna seljum við meira af fínun fiski á grillið

eða tilbúnum réttum,“ segir Þyrnir, sem kaupir allan fisk ferskan af markaðnum og vinnur hann á staðnum. „Ég er með ýmsa rétti sem ég útbý og fólk getur skellt beint á pönnuna, grillið eða í ofninn. Til dæmis ýmsar marineraðar grillsteikur, plockfisk, sælkerafiskibollur og hefðbundinn fisk í sósu. Á föstudögum er síðan alltaf boðið upp á sushi sem við lögum á staðnum,“ útskýrir Þyrnir og bendir á að fólk eigi að vera óhrætt við að viðra sínar hugmyndir og óskir. „Þú getur komið og beðið mig um að skera fiskinn eftir þínum óskum og marinera hann í uppáhaldsmarinerunni þinni svo eitthvað sé nefnt og stundum hringir fólk og biður mig um að útvega fisk sem ég á ekki til í búðinni og þá redda ég því,“ segir Þyrnir. *thorgunnur@frettabladid.is*

### Góð marinerung á fisk

- 1 rauðlaukur
- 200 g sólburrkaðir tómatar
- 2-3 hvítlauksgeirar
- 1 bolli matarolífa

Öllu blandað saman í matvinnsluvél og síðan smurt á fiskinn áður en hann er settur á grillið eða í ofninn.

Þyrnir segir að marinerungin passi vel með öllum feitum fiski. Í búðinni hjá honum má til dæmis kaupa roðflettan og tilskorinn karfa sem gott er að marinera heima áður en honum er skellt á grillið.



## VANDAÐU VALIÐ GRILL OG GARÐHÚSGÖGN SEM ENDAST

**69.900**  
FULLT VERÐ 79.900

**34.900**  
FULLT VERÐ 42.900

16,5 kw/h

Þetta er aðeins brot af úrvalinu. Skoðið [www.grillbudin.is](http://www.grillbudin.is)

**Grillbúðin**  
www.grillbudin.is

LANDMANN  
er frá Þýskalandi

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400 Opið laugardaga til kl. 17:00 [www.grillbudin.is](http://www.grillbudin.is)

## allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga




# ÚRVALS Eldhús

...með hækkanði sól

ÚRVALS ELDHÚS EHF AUSTURMÖRK 20 HVERAGERÐI SÍMI 555 3637 WWW.URVALS.IS

STÓFA 93



Sædis Gunnarsdóttir, formaður hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis á Akureyri, hlakkar til að sjá sem flesta á morgun á hverfishátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

## Umhverfisprýði með fjölskyldunni

**Umhverfisdagur og hverfis-  
hátíð í Lunda- og Gerðahverfi  
á Akureyri fer fram á morgun.  
Þar sameinast íbúar um að  
fegra umhverfi sitt og skemmta  
sér, ungir jafnt sem aldnir.**

„Hverfisnefndin var stofnuð fyrir rúmlega tveimur árum og þá kom strax upp hugmynd að umhverfisdegi og hverfishátíð. Í kjölfarið fengum við foreldrafélag Lunda-skóla í lið með okkur og ætlum að blása til þessarar hátíðar í annað sinn á morgun,“ segir Sædis Gunnarsdóttir, formaður hverfisnefndar í Lunda- og Gerðahverfi á Akureyri.

Hverfisnefndir eru starfandi í öllum hverfum bæjarins en þeim var komið á laggirnar fyrir nokkrum árum að frumkvæði Akureyrarbæjar. Að sögn Sædisar hafa nefndirnar frjálssar hendur en mikill velvilji er hjá bæjaryfirvöldum, sem styrkja einnig hátíðina á morgun.

„Framkvæmdadeild bæjarins gefur okkur ruslapoka og hirðir

ruslið. Auk þess fáum við hljóðkerfi frá bænum fyrir hátíðahöldin,“ útskýrir Sædis, sem byrjar daginn klukkan 10 við Lundaskóla, þar sem hún deilir út ruslapokum og korti til þátttakenda. „Í byrjun dags ætlum við að tína rusl af göngustígum, opnum svæðum og leiksvæðum í hverfinu. Síðan söfnumst við aftur við skólann klukkan 11.30 þar sem grillaðar pylsur og kókómjólk eru í boði. Þar eru einnig sýningar í skólanum á verkum nemenda í myndmennt og handmennt. Auk þess er boðið upp á skemmtiatriði frá leikskólabörnum, nemendum Lundaskóla, kór eldri borgara og frá X-faktor-þáttakandanum Sigga Ingimars,“ segir Sædis, sem hlakkar til að sjá sem flesta.

Um 3.200 íbúar eru í hverfinu en að sögn Sædisar er hátíðin hugsuð fyrir þá sem búa, starfa og stunda nám í hverfinu. „Þetta er frábær vettvangur til að spjalla og koma af stað frekara jákvæðu starfi hverfisnefndarinnar. Auk þess er dagurinn tilvalinn fyrir fjölskylduna til að eiga saman góða stund.“ rh@frettabladid.is

**BK**  
**KJÚKLINGUR**  
alvöru grillaður kjúklingur


**hollt eð gott**

Grensásvegi 5 | Reykjavík Sími 588 8585 | Opið alla daga 11:00-22:00

**ENGAR Transfitusýrur**

Ný framleiðsluaðferð,  
engar transfitusýrur,  
ennþá betra bragð!

**Það verður að vera Orville...  
...án transfitusýra!**



## Vantar eitthvað á veisluborðið?

Við útbúum girnilega og gómsæta ostabakka á veisluborðið.

Mesta úrval landsins af íslenskum og erlendum ostum.

**OSTA  
BÚÐIN**

Ostabúðin | Bitruhálsi 2 | 110 Reykjavík  
Pöntunarsími 515 8665 | ostar@ostar.is

## BÍLAR & FARARTÆKI



**Útsala 159.000.-**  
100% lánað án ábyrdamanna Toyota Hilux X-CAB X/C SR-5. Árgærd 1991, ekinn 216 þ.km, bensín, 5 girar. Verð 199.000. Bilabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Var á 490 þús.



**útsala 1.190.000.- 100% lánað**

Nú er gott að eiga einn svona 6 lítrar á 100/ km Toyota Aygo H/B sjálfskiptur. Árgærd 2006, ekinn 76 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.290.000. Bilabankinn S. 588 0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is tilboð 1190 þús. Nú væri gott að eiga einn svona aðeins 6.L á hundraði.



**Einn með öllu Útsala 2790.000.- 100% lánað**  
Ford F350 Kingranch CREW 4X4 Kingranch. Árgærd 2004, ekinn 86 þ.km, diesel, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Bilabankinn S. 588 0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is útsala útsala -Tilboð 2790 þús.



Fellihýsi Coachmen Futura Pocono. Árgærd 7/ 2006, rafmang, fortjald 220 v. Verð 1.190.000. Bilabankinn S. 588 0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

**Bilabankinn**  
Breiðhöfða, 112 Reykjavík  
Sími: 588 0700  
www.bilabankinn.is



Nýr Daihatsu Sirion2. 1.0L. 69 hp., eyðsla 5.0L/100km. Fæst einnig 1.3L, 4x4 og 1.5L vél. Til afhendingar strax. Komdu í reynsluakstur í dag. www.X4.is



Nýr Mazda CX-9. Luxury. 3.7 L. V6 273 hp., ssk. www.x4.is Uppl. í s. 565 2500.

Vegna mikillar sölu vantar okkur allar tegundir bíla á skrá og á staðinn. Erum með kaupendur af M.Benz C-200 árg. 2007 eða 2008., endurhjóll verð 300-500þús., Ford F-150 árg. 2005-2008, Toyota Avenis wagon árg. 2004-2007, Audi A4 árg. 2003-2007, M.Benz ML árg. 2004-2007., Mazda 6 árg. 2001-2006.

**X4 ehf**  
Nethylur 1, 110 Reykjavík  
Sími: 565 2500  
Opið virka daga 10-18 Vantar bíla á söluskrá og á staðinn.  
www.x4.is



Hjól og ferðavagnar. Vegna eftirspurnar vantar okkur á skrá vélhjóll, húsbíla, hjólhýsi og fellihýsi á skrá og á staðinn.

**Bilásalan Bilás**  
Þjóðbraut 1, 300 Akranes  
Sími: 431 2622  
www.bilas



Toyota Landcruiser VX 04/2006, sjálfskiptur, ekinn aðeins 33þ.km, leður, tölvufjórðun ofl. Skipti athugandi á ódyrari.



Toyota Corolla H/B 06/2006, 5gir, ABS, rafm. í rúðum, ekinn 51 þ.km, sumardekk. Gott lán áhvalandi.



Toyota Landcruiser 200 V-8 5,7Luxury. Nýr bíll. Leður, sóllúga, DVD, leiðsögukerfi, kæling í sætum, 6 manna, fjarlægðarskynjarar og margt fleira. Skipti athugandi á ódyrari.

**automobile.is**  
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík  
Sími: 580-0010  
Opið mán. til föst. 10 - 18.  
Lau. 12.00-16.00.  
http://www.automobile.is



VW Transporter Kasten, árg. 2007, ek. 28 þús.km, bsk. Verð 2390 þús.kr, áhv. 1600 þús.kr.



Volvo XC90 T6 AWD, árg. 2005, ek. 48 þús.km. Ssk., fjarlægðarskynjarar, topp-lúga ofl. Stgr. tilboð 4190 þús.kr. Ásett verð 4490 þús.kr.



Chrysler Town And Country Limited AWD, árg. 2001, ek. 135 þús.km. Ssk. DVD, leður, minni í sætum og fl. Stgr. tilboð 1700 þús.kr. Ásett Verð 2190 þús.kr.

**100 bilar ehf**  
Funahöfða 1, 110 Reykjavík  
Sími: 517 9999  
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16  
www.100bilar.is



Mercedes Benz E 200 K Avantgarde Model 2007, ekinn 27 þ.km. Ásett verð kr. 5.550.000.- Nú kr. 4.750.000.- 70% fjármögnun möguleg.



BMW X5 3,0 diesel Model 2006, ekinn 46 þ.km. Ásett verð kr. 7.190.000.- Nú kr. 5.890.000.- 70% fjármögnun möguleg.



Mercedes Benz E 200 K Classic Model 2007, ekinn 17 þ.km. Ásett verð kr. 4.950.000.- Nú kr. 4.450.000.- 70% fjármögnun möguleg.



Mercedes Benz SLK 200 Kompr. Model 2007, ekinn 28 þ.km. Ásett verð kr. 5.950.000.- Nú kr. 4.750.000.- 70% fjármögnun möguleg.



Audi Q7 4,2 Quattro Model 20078, ekinn 11 þ.km. Ásett verð kr. 8.900.000.- Nú kr. 7.250.000.- 70% fjármögnun möguleg.



Range Rover HSE Model 2006, ekinn 32 þ.km. Ásett verð kr. 9.300.000.- Nú kr. 7.600.000.- 70% fjármögnun möguleg.

**Bilaport / Interport ehf**  
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík  
Sími: 569 3300 / 897 1928  
www.interport.is



VW Golf Trendline nýja lagið, árg. 04/2004, 5 girar, ek. aðeins 49 þ.km. Mjög gott eintak. Verð 1.490 þ. Tilboð 1.290 þ.stgr. Nánari uppl. á www.arnarbilar.is r: 110868 S. 567 2700.

Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á staðinn og á skrá

**Arnarbilar ehf**  
Gylfahlöfða 5, 112 Reykjavík  
Sími: 567 2700  
www.arnarbilar.is



Nissan Patrol árgærd 2000, 3.0, sjálfskiptur, ekinn 160 þús., ný vél frá Kistufelli, sk. '09, 100% lánað. Verð kr. 1.590.000. Uppl. í s. 821 6292.



VW Transporter pick-up árgærd 2002 diesel, TDI, ekinn 130 þús., nýleg tímareim, sk.'09, 100% lánað. Verð kr. 1.290.000.- m.vsk. S. 821 6292.



Toyota Hi-Ace bensín árgærd 2004, ekinn 110 þús., ný vetrardekk, sk. '09, 100% lánað, verð kr. 1.250.000.- m.vsk. S. 821 6292.

**Breiðan ehf**  
Sími: 821 6292

## Bílar til sölu



**Fáðu Betra Tilboð!**  
10% áhættu- og fjármögnun  
**islandus.com**  
www.islandus.com - Sími 552 2000



**Adur Óþekkt Haghvæmni!**  
10% áhættu- og fjármögnun  
**islandus.com**  
www.islandus.com - Sími 552 2000

Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi bensín og dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 5522000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com



Til sölu BMW 320 diesel árg. 2002. Sjálfskiptur. Einn sá flottasti. Lán 1800 þúsund. Verð 2.490 þúsund. Upplýsingar í síma 863 0403.



**M5 INDIVIDUAL 2001**  
M5 2001 individual með öllu + lækkunar kitt,20" felgur,18" felgur bad lúdd, sport siur og margt annað einn sá falletgasti. verð 3.9 mill. lán 3,1 mill. Uppl. í s. 8477663



Til sölu Ford Focus 1600 skráður 06.04.2004. Svartur, beinskjurtur á álfelgum. Góður bíll sem fæst á tilboðsverði. 990.000 krónur staðgreitt. Upplýsingar í síma 6969518 / 4338714



Til sölu er Toyota Rav4 2004. Ekinn 74.000km. Sjálfskiptur. Mjög velmeðfarinn. Verð 2.2m, eða Yfirtaka á láni og 150út. Upplýsingar í s: 897-2730



**HÖFÐAHÖLLIN**  
Bens E200 Compressor 12/06 ekinn 25 þ. Topplúga og rafmagn í öllu. Til sýnis í Höfðahöllinni - Uppl. í síma 895 8873.



**Flottastur**  
Lincoln Naivogator 24" chrome felgur '03. Ekinn 103 þ. með öllu leðri, lúga ofl. ofl. Til sýnis í Höfðahöllinni - Uppl. í s. 895 8873.



Hjól og ferðavagnar. Vegna eftirspurnar vantar vélhjóll, húsbíla, hjólhýsi og fellihýsi á skrá og á staðinn. Bilás Bilasala Akranes Smiðjuvöllum 17 Akranesi



**Fæst gegn yfirtöku á láni 5.4 m.**  
BMW 545 árgærd 2004 ekinN 117.000 km. Bíllinn er með öllum helsta aukabúnaði og vel farinn. Áhugasamir hafið samband í síma 868 5001.



**MMC L300 árg. '93 ek. 160 þ.km** Bíllinn er í góðu ástandi með nýrri tímareim, vatnsdælu, bremsum og þústi. S+vetrad. á felgum. Bsk., 2,4 bensín & 8 manna. Nánari uppl. í s. 696 3040.



Til sölu VW Transporter langur pallbill '91. Rauður. Ek. 150 þ.km. tilb. 100 þ. S. 869 9921.



**Tilboð**  
Santa Fe V6 árg. '06 ek. 83 þ. Dökkur rúður, álfelgur, hiti í sætum ofl. Tilboð 2390þ. Áhv. 1550 þ. S. 660 1334.



**Volvo S40 árgærd 2005**  
Ekinn aðeins 33 þúsund. 1800 cc, steingrár, ljóst leður, 17" felgur, ProSoundSystem, 170 hestöfl, þokuljós fram og aftan, sumar- og vetrardekk, beinskjurtur. Glæsilegur bíll. Upplýsingar í síma 695 3822 eftir kl. 17.00 Verð kr. 2.550 þús.



Cherokee árg. '02 diesel ek. 96 þ. Verð 2180 þ. S. 699 4543.



VW húsbíll, árg. '80. Tilboð/skipti. S. 896 2552.



Einn með öllu. Tilboð/skipti. S. 896 2552.



Mercedes Benz E500 2003, V8, ek. 98þ. km. 18" AMG felgur, Navi, hiti/minni/rafm. í sætum, glerþoppur, hlaðinn aukabúnaði. Nýskoðaður. Áhv. 2,3M. Verð 3,9M. Skoða skipti. S. 669 4477.



**100% Lán 100% í án!!**  
VW Passat TDI Highline Diesel árg. 2007 ekinn 18þ. 170 hð. Einn með öllu verð 3790. Tilboð lán 3450. S. 898 2811.



Volvo S40 '97 ek. 170 þ. 2.0 vél, bsk. Nýsk., nýleg sumar & vetrard. fylgja. Engin skipti. Uppl. í s. 863 7447.



Til sölu Renault Cango '03 ek. 67 þ. 1.4 B5 farþega, listav. 1160 þ. Ásett 890 þ. Ath skipti á ódyrari. S. 892 7852.



VW Golf 2L, árg. 2000, sjálfskipt, topp-lúga, dráttarbeisli, sk. '09. Verð 720 þús. Áhv. ca 500 þús. Uppl. í s. 820 3880.



**TYM Fjöllnota tæki**  
Grefur, slær, mókar, plægir, tætir, borar og margt fl. 3ja ára ábyrgð. Hagstæð lán. tym.is s. 697 3217.



Nýjar vélar, 2ja ára ábyrgð. www.tafe.is s. 697 3217.

Til sölu Honda Civic 1500 Vtec árg. 97 hlaðinn aukahlutum. Ek. 130 þ. Skoða skipta á Ford F150. Uppl. í s. 866 9861.

Til sölu Toyota Yaris 2007, 1300, ek. 20 þús. ljósgrár, sk. '10, 5d. Listaverð 1830 þús., Tilboð 1550 þús. S. 892 7852.



# FÖSTUDAGUR

16. MAÍ 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLADSINS

ÞÓRUNN Í KISUNNI OG TOPP-10

**BLAÐAMENN VANITY FAIR**

Grandskoðuðu næturlífið  
í Reykjavík

**FATASTÍLL SESSELJU  
THORBERG**



**Beggi og Pacas  
eru alsælir**

Hæðin opnadi margar dyr

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

Inga Lind Karlsdóttir  
fjölmíðlakona

„Á laugardaginn eru börnin mín að sýna á vorsýningu fimleikadeildar Stjórnunnar. Stelpurnar eiga að vera strumpar og strákurinn minn á að vera herra Ótrúlegur þannig að ég þarf að finna út úr þessu með buntingana. Á sunnudaginn er ég að hugsa um að fara með allt gengið í sauðburð upp Borgarfjörð. Annars er ótrúlega lítið að gera hjá mér því ég er að bíða eftir barni,“ segir hún og hlær.



# Nýtt hönnunarblað

„Við erum að fara af stað með þriðja fríblaðið okkar, tímarit sem mun fjalla um allt það sem snýr að heimili og hönnun,“ upplýsir Auður Eva Auðunsdóttir, framkvæmdastjóri útgáfufélagsins Ásbergs en það hefur séð um útgáfu tímaritanna hann/hún og matur/vín. „Nýja tímaritið mun koma út á mánaðarfresti líkt og hin blöðin okkar og verður með svipuðu sniði og þau, með tveimur forsíðum, á fram- og bakhlið blaðsins. Öðrum megin verður mynd af einhverju sem lýtur að því sem er innandyrna og hinum megin það sem snertir ytra útlit húsa,“ Glöggir gætu séð í hendi sér að hugsanlegt nafn tímaritsins gæti verið inni/úti en Auður getur ekki gefið upp nafn blaðsins sem hún segir þó vera búið

að ákveða. „Elín Hrund Þorgeirsdóttir, aðstoðarritsjóri og blaðamaður Húsa og hífýla til margra ára, mun ritstýra blaðinu en ekki er búið að ganga frá öðrum mannaáðöngum að svo stöddu,“ segir Auður. Fyrsta tímarit blaðsins kemur út á haustmánuðum. „Blaðið mun snerta alla þá sem hafa áhuga á því sem lýtur að heiminu, húsgögnum og flottri og skemmtilegri

hönnun,“ segir Auður og hlakkar til að takast á við þetta spennandi verkefni.

bergthora@frettabladid.is



Auður Eva og ritstjórnin Elín Hrund.

## fréttir



### KEYPTI GÖMLU ÍBÚÐINA AFTUR

„Ég æddi í það og keypti íbúðina sem ég átti fyrir rúmum tveimur árum. Ég er með fortíðarhyggju á háu stigi og ákvað því að gera tilboð í hana þegar hún var auglýst til sölu og þar með varð ekki aftur snúið,“ segir útvarpskonan Valdís Gunnarsdóttir en hvatvísinn rak hana áfram og keypti hún íbúðina án þess að vera búin að selja húsið sitt. „Það eru blendar tilfinningar sem bærast með mér, en ekki fer ég að reka tvö heimili,“ segir Valdís hlæjandi og bætir því við að líklegast myndu einhverjir kalla þetta fljótferni.

## FÖSTUDAGUR

Útgáfufélag 365 prentmiðlar  
Ritstjóri Marta María Jónasdóttir  
martamaria@365.is  
Bergþóra Magnúsdóttir  
bergthora@365.is  
Forsíðumynd Valgarður Gíslason  
Útlitshönnun  
Arnór Bogason og  
Kristín Agnarsdóttir  
Auglýsingar Sigríður Dagný  
Sigurbjörnsdóttir  
sigridurdagny@365.is sími 512 5491  
Föstudagur Skafthlíð 24  
105 Reykjavík, sími 512 5000

Blaðamenn frá þýska Vanity Fair og einu stærsta dagblaði Þýskalands sóttu Ísland heim.

# Skrifa ekki dæmigerða næturlífspistla

Við vorum með blaðamenn frá þýska Vanity Fair og Welt am Sonntag, einu stærsta helgarblaði Þýskalands, á okkar snærum og skipulögðum dagskrá fyrir þá á meðan á heimsókninni stóð,“ segir Aníta Ólafsdóttir, verkefnastjóri hjá Practical, en fyrirtækið sérhæfir sig á sviði viðburða- og ferðaskipulagningar fyrir einstaklinga og hópa. „Blaðamennirnir komu hingað til lands til að kynna betur landi og þjóð. Þeir eru að fara að skrifa greinar um Ísland og vildu kynna öðru en margrómuðu næturlífi höfuðborgarinnar,“ segir Aníta en þeir sýndu íslenska hestinum mikinn áhuga sem og menningu og lífsstíl Íslendinga. Þrátt fyrir að ætlunin hafi ekki verið að skrifa dæmigerða næturlífspistla úr 101 Reykjavík nutu þó blaðamennirnir ekki einungis hinnar óspjölluðu íslensku nátturu á þeim fjórum dögum sem þeir dvöldu hér. „Veitingastaðurinn Domo varð fyrir valinu og vakti mikinn áhuga fyrir gæði og framsetningu hráefnis. Einnig fórum við með þau á b5 sem og skemmtistaðinn Organ þar sem hljómsveitin Kimonó kom fram ásamt öðrum íslenskum bændum. Practical skipulagði ekki bara dagskrána fyrir blaða-

mannateymið heldur aðstoðaði einnig við að finna tengiliði og bóka fundi með áhugaverðum viðmælendum. „Við kynntum þau fyrir íslenskri fatakönnun og þeirri grósku sem hefur átt sér stað hér síðustu misseri og þeir tóku m.a. viðtal við Steinunni Sigurðardóttur fatakönnuð. Ljósmyndagallerí Ara Sigvaldasonar ljósmyndara vakti sömu leiðis mikla athygli þeirra,“ segir Aníta og bætir því við að þeim hafi þótt hvað merkilegast hversu auðvelt er að nálgast viðmælendur, annað en úti hinum stóra heimi. Áhugi þeirra á Íslandi var greinilega mikill og Aníta segir að jafnvel megi búast við annarri heimsókn frá þeim fljótlega. Hvort þessi heimsókn Þjóðverjanna verði til þess að Steinunn opni verslun í München eða Ari Sigvaldason verði ráðinn sem hirðljósmyndari á þýska Vouge verður svo tíminn að leiða í ljós.

bergthora@frettabladid.is

Aníta Ólafsdóttir, verkefnastjóri hjá Practical, sá um að kynna Ísland fyrir þýsku blaðamönnum.



# Átt þú sælureit í sveit?

Dönsku frístundahúsin frá Scanwo eru framleidd samkvæmt ítrustu kröfum um gæði og verðlaunuð fyrir hönnun og fallett útlit. Leitið tilboða. Afhending 3 mánuðir. Scanwo sér um uppsetningu húsanna.



LAUSNIN  
FINNUR ÞÚ HJÁ  
SCANWO



www.scanwo.dk scanwo@gmail.com s: 895 6811

## Flytja í sömu blokk

Útvarpsmaðurinn Sigvaldi Kaldalóns gerði sér grein fyrir að hann yrði að flytja þegar í ljós kom að von er á fjórða barninu. Ekki var íbúð hans búin að vera lengi á sölu þegar hún seldist og hann fann aðra sem hent aði fjölskyldunni betur. Það skondna við þetta er að í sama húsi býr Gassi sem stýrir morgunþættinum Zúuber með Sigvalda. Þeir félagar geta því verið öllum stundum saman og jafnvel farið samferða í vinnuna. Íbúðin



Jóhann Garðar Ólafsson og Sigvaldi Kaldalóns, stundum kalladír Gassi og Svali.



er við Marteinslaug 8 en þar býr einnig Jón Axel Ólafsson, fyrrverandi útvarpsmaður, en hann er einmitt bróðir Gassa og læri-meistari Sigvalda í útvarpsfræðum.

# VORTILBOÐ

## TILBOÐ!

Pablo

Fjölstillanlegt þýskt  
heilsurúm með heilsudýnu  
(2x80x200)

kr. 315.000

## TILBOÐ!

Francisco

Fjölstillanlegt þýskt  
heilsurúm með heilsudýnu  
(2x90x200)

kr. 499.000

## Á RAFSTILLANLEGUM HEILSURÚMUM



## EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF SVEFNSÓFUM



COMFORT  
solutions®

By King Koil®

### AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆDAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknasamtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).



MIKID ÚRVAL FJÖLSTILLANLEGRA  
RAFSTÝRÐRA HEILSURÚMA  
FRÁ ÞÝSKALANDI OG USA



S Cape Wallhugger mest seldi ameríski  
stillibotn í heimi með heilsudýnum frá King Koil

# rekkjan

ANDREA MAACK MYNDLISTARMAÐUR GERIR EINSTAKT ILMVATN

# Aðeins selt í fjórum eintökum

Óvenjuleg sýning listakonunnar Andreu Maack verður opnuð í dag í Gallerí Ágúst en þar afhjúpar hún nýtt ilmvatn sem hún vann í samstarfi við ilmvatnsframleiðanda í Frakklandi. „Í fyrri verkum mínum hef ég unnið mikið með útlitsdýrkun en ilmvatnið SMART, sem ég hannaði og hef látið framleiða, er sjálfstætt framhald af verki mínu VOART,“ segir Andrea en í verkunum leitast hún við að lyfta útlitsdýrkun á annað og hærra plan. Ilmurinn er hugsaður fyrir bæði kynin en samsetning hans er flókin og tók langan tíma að þróa. „Þegar ilmvatninu er sprejjað er hann örllítið sætur og kvenlegur en þó afgerandi. Á næsta hálf tímanum eða svo breytist aftur lyktin og verður þyngri og karlmannlegri og fer að minna á blöndu af leðri og við,“ segir Andrea, sem vill með verkinu virkja áhorfandann því hver og einn hefur mismunandi lyktarskyn og upplifir ilminn á mismunandi hátt. „Við erum vön að setja á okkur fjöldaframleidd ilmvatn án þess að velja því frekar fyrir okkur en ilmurinn af SMART



og það hvernig hann breytist færir þann sem ber lyktina nær fullkomleika,“ segir Andrea, sem þróaði ilminn í samvinnu við ilmvatnsframleiðandann aps, aromas & perfumes í Grasse í Frakklandi, höfuðborg ilmvatnsframleiðslu í heiminum. „Fyrirhugað er frekara samstarf á milli mín og þeirra, sem býður upp á marga spennandi möguleika.“ SMART er einunigs framleitt í fjórum 50 ml flöskum þar sem það fellur ekki að hugmyndinni bak við verkid að fjöldaframleiða það, enda leggur listamaðurinn áherslu á að upplifun ilmsins eigi að vera einstök. Þessar fjórar flöskur verða þó til sölu í Galleríinu á meðan á sýningunni stendur. „Það verður mikil uppákoma á opnuninni í dag en hluti af sýningunni er risastór útprentuð teikning sem ég hef skipt niður í 252 „blottera“. Þeir verða allir númeraðir og áritaðir en hver gestur fær blotter með ilmi á til eignar,“ segir Andrea að lokum. Sýningin verður opnuð kl. 17 í dag eins og fyrr sagði og stendur til 28. júní.

bergthora@frettabladid.is



Hið einstaka ilmvatn Andreu, SMART.



Kárius og Baktus partihaldarar.

## Sóhlífar, blaknet, strandboltar í suðrænum anda

„Við félagarnir höldum sumarpartí með öllu tilheyrandi á Q-bar annað kvöld,“ segir Heimir Héðinsson, skífuþeytir og gleðipinni, en hann skipar tvíeykið Kárius og Baktus ásamt félag sínum hinum ítalsk-ættaða Rafael Manna. Þeir félagar höfðu fengið sig fullsadda af snjó, slyddu og kulda og ákváðu því að fanga sumar komuna með stæl. „Gleðin hefst upp úr átta og verður sjóðandi heit stemning fram eftir nóttu á barnum. Staðurinn verður vel skreyttur þar sem strandhlífar, strandboltar og blaknet koma við sögu þó fátt eitt sé nefnt,“ segir Heimir sem er kominn í mikinn sumargír en undirbúningur sumarhátíðarinnar hefur tekið um það bil mánuð enda að mörgu að huga. „Við erum á fullu að redda okkur leikmunum og nauðsynlegum fylgihlutum fyrir gleðina en við leggjum mikinn metnað í að gera þetta eins flott og hægt er,“ segir Heimir sem er ekki ennþá búinn að ákveða hverju hann mun klæðast, ólíklegt verður þó að teljast að hann muni vera á sundskýlunni einni fata. „Fólk á að mæta í sumarskapi og helst í strandfötum í gleðina en það verður vel heitt inni eins og vill verða í heitara loftslagi og því ætti engum að verða kalt,“ segir Heimir og bætir því við að veislugestum í kuldagöllum verði ekki meinaður aðgangur.

bergthora@frettabladid.is

# Topp SKÍFULISTINN 20

Vinsælustu titlarnir

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum | Skífunni og verslunum BT út um allt land.

Listinn gildir 16-23 Maí 2008

### VINSÆLSTA TÓNLISTIN

|    |                  |   |                      |
|----|------------------|---|----------------------|
| 1  | Eurobandið       | ↗ | This Is My Life      |
| 2  | Ýmsir            | ↘ | Pottþétt 46          |
| 3  | Ýmsir            | ↘ | 100 Eurovisionlög    |
| 4  | Páll Óskar       | ↓ | Allt fyrir ástina    |
| 5  | Madonna          | ↘ | Hard Candy           |
| 6  | Villi Vill       | ↑ | Myndin af þér        |
| 7  | Sverrir Bergmann | ↓ | Bergmann             |
| 8  | Bloodgroup       | ↓ | Sticky Situation     |
| 9  | Portishead       | ↘ | Third                |
| 10 | Mugison          | ↓ | Mugiboogie           |
| 11 | Duffy            | ↘ | Rockferry            |
| 12 | Hjaltalín        | ↓ | Sleepdrunk Seasons   |
| 13 | Ýmsir            | ↘ | Rokkland 2007        |
| 14 | Sprengjuhöllin   | ↑ | Tímarnir okkar       |
| 15 | Hafdís Huld      | ↑ | Dirty Paper Cup      |
| 16 | Ýmsir            | ↘ | Laugardagalögin 2008 |
| 17 | Rolling Stones   | ↘ | Shine A Light        |
| 18 | Hjálmar          | ↑ | Ferðasót             |
| 19 | Sigur Rós        | ↑ | Ágætis byrjun        |
| 20 | Gus Gus          | ↓ | Forever              |

↑ Hækkun á 1 vikum | ↘ Hækkun á 2 vikum | ↓ Lækkun á 1 vikum | ↗ Hækkun á 2 vikum | ↘ Hækkun á 3 vikum | ↘ Hækkun á 4 vikum | ↘ Hækkun á 5 vikum | ↘ Hækkun á 6 vikum | ↘ Hækkun á 7 vikum | ↘ Hækkun á 8 vikum | ↘ Hækkun á 9 vikum | ↘ Hækkun á 10 vikum | ↘ Hækkun á 11 vikum | ↘ Hækkun á 12 vikum | ↘ Hækkun á 13 vikum | ↘ Hækkun á 14 vikum | ↘ Hækkun á 15 vikum | ↘ Hækkun á 16 vikum | ↘ Hækkun á 17 vikum | ↘ Hækkun á 18 vikum | ↘ Hækkun á 19 vikum | ↘ Hækkun á 20 vikum

### VINSÆLSTA DVD

|    |                       |
|----|-----------------------|
| 1  | Bee Movie             |
| 2  | Latibær 7             |
| 3  | Golden Compass        |
| 4  | Jungle Book 2         |
| 5  | Ratatouille           |
| 6  | Atonement             |
| 7  | American Gangster     |
| 8  | Mannaveiðar           |
| 9  | Doddi þættir 9-16     |
| 10 | Shoot'em Up           |
| 11 | Hairspray             |
| 12 | Doddi þættir 1-8      |
| 13 | Kingdom               |
| 14 | Jackass 2.5           |
| 15 | Beowulf               |
| 16 | Contract              |
| 17 | Enchanted             |
| 18 | High School Musical 2 |
| 19 | The Wild              |
| 20 | I Am Legend           |



næstu þrjá daga!

...lækkum gömul verð  
af völdum vörum

föstudag  
laugardag  
sunnudag



sófar / sófaborð / borðstofuborð / borðstofustólar / stólar...

allt að **50%**  
**afsláttur**

af vönduðum vörum  
vegna tiltektar á lager

exó

Fákafeni 9  
Sími: 568 2866  
exo@exo.is  
www.exo.is

# fatastíllinn

*Sesselja Thorberg, vöru- og innanhússhönnuður*

## Puntar sig á hverjum degi

**Getur þú lýst þínum stíl?** „Vinkonur mínar myndu segja „classical 50's“ án þess að blikna og kannski er svolítið til í því. Ég reyni þó oftast að vera sem dömulegust og myndi kannski segja að það væri minn stíll að vera svolítið dömuleg.“

**Hvernig fötum fellur þú alltaf fyrir?** „Ég fell oftast fyrir dömulegum og klassískum sniðum og reyni oftast að kaupa slíkan fatnað. Aftur á móti hef ég alltaf reynt að vera skynsöm og kaupi fót sem passa að minnsta kosti við tvær aðrar flíkur sem ég á fyrir í fataskápnum. En oft fer það svo að ég enda á að kaupa fylgihluti frekar en fót, því auðvelt er að breyta samsetningum og útliti með því einu að skipta út tösku, skóm, eyrnalokkum og varalit.“

**Uppáhaldsverslun?** „Mér finnst ofsalega gaman að fara í Kisuna á Laugaveginum og Zöru í Smáralind. Ég vinn niðri í miðbæ og er því ofsalega smítuð af miðbæjar-búðar-sjarmanum. Það eru ofsalega margar fallegar búðir niðri í miðbæ og því auðvelt að seilast í budduna í slíku umhverfi.“

**Hefur þú eytt peningum í óþarfa?** „Ójá! Ég viðurkenni það fúslega. Hver hefur ekki gert það einhvern tíma? En yfirleitt er ég nú á skynsömu nótunum.“

**Kaupir þú fót á útsölum, hvað þá helst?** „Mér leiðast oftast útsölur ... nema skóútsölur, það er einhver annar sjarmi yfir þeim.“

**Eyðir þú miklum peningum á mánuði í fót?** „Nei, það held ég ekki, held ég sé nú bara svona í norminu.“

**Hverjar eru þínar tískufyrirmyndir?** „Þær/þeir sem hafa sinn eigin stíl, það er yfirleitt fólk sem mér finnst töff. Mér finnst ekki eins töff að sjá fólk í grúppum sem apa upp eftir hvað öðru. Fyrirmyndir mínar felast því í sjálfstæðu fólk sem ekki er hrætt við að láta persónulegan stíl sýna hvaða mann það hefur að geyma.“

**Spáir þú mikið í hverju þú klæðist?** „Já, svona yfirleitt. Auðvitað er dagamunur á því eins og hjá öllum. En svona á góðum degi þá punta ég mig upp og set upp varalitinn.“

**Í hvað myndir þú aldrei fara?** „Það eru nokkrir hlutir sem ég myndi aldrei fara í. Ekki endilega af því að mér finnst þeir hryllilega ljótir heldur líka af því þeir gera gjörsamlega ekkert fyrir mig. Tiger leggings, já og allt svona tiger. Plastbuxur æpa heldur ekkert á mig, né eru gallabuxur með einhverju glimmeri og glingri á í uppáhaldi hjá mér. Ég hélt reyndar að ég myndi aldrei klæðast gulu ... en guli og brúni sumarkjöllinn sem ég keypti mér afsannaði það. Ætli ég segi ekki, aldrei að segja aldrei.“

1. Pennan kjól keypti Sesselja í Kaupmannahöfn. Hún kom sjálfri sér á óvart þegar hún keypti hann því hún hefur aldrei verið hrifin af gulu fyrr en nú.
2. Spöng sem er svolítið eins og hattur. Hún fékk hann í KVK.
3. Sesselja elskar fylgihluti og á aldrei of mikið af hárskrauti.
4. Myndarlegt skósafn. Hún hrífst yfirleitt af dömulegum skóm með smá hæl enda er hægt að vera í sömu fötunum dag eftir dag ef skóparinu er skipt út.
5. Glingrið fær hún hér og þar en henni finnst það skipta miklu máli þegar útlitið er annars vegar. Hún fær heldur aldrei nóg af hönskum og á sérlega veglegt safn af þeim.



### Opið

föstudag 11 - 18.30

laugardag 11 - 17

# G-STAR RAW

## REYKJAVIK STORE

LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

## Flottust



RAW DEFENDER



g-star.com

NAOMI  
CAMPBELL

*Seductive  
Elixir*



*The new seductive fragrance*

Guðbergur Garðarsson og Inácio Pacas da Silva Filho heilluðu þjóðina upp úr skónum í sjónvarpsþáttunum Hæðinni á Stöð 2. Í viðtali við Mörtu Maríu Jónasdóttur segja þeir frá óvenjulegu lífi sínu og hvernig þeir gera lífið betra með ástinni einni saman.

# Auðga lífið með ástinni

Einu af eldri hverfum Hafnarfjarðar hafa Beggi og Pacas, eins og þeir eru oftast kallaðir, hreiðrað um sig í 100 ára gömlu húsi sem er einn ævintýraheimur út af fyrir sig. Heimili þeirra er í allt öðrum stíl en raðhúsið sem þeir innréttuðu í Hæðinni. „Við fluttum hingað fyrir fimm árum og það þurfti svo sannarlega að taka hérna til hendinni. Pacas heillaðist hins vegar af húsinu svo við ákváðum að slá til og kaupa það. Síðan erum við búnir að vera að vinna í því og erum alls ekki hættir,“ segir Beggi og bætir því við að þeir hafi ákveðið að halda í gamla stílinn því það passaði svo vel við húsið. „Við erum listamenn og getum hannað í hvaða stíl sem er. Það verður bara að vera í takt við andann sem býr í hverju húsi.“ Næst á dagskrá er einmitt að halda upp á 100 ára afmæli hússins með garðveislu og gleði. „Við vorum bara að bíða eftir að þættirnir myndu klárast og allt myndi springa betur út í garðinum,“ segja þeir en árið 2004 veitti Hafnarfjarðarbær þeim verðlaun fyrir fallegasta garðinn.

Líf þeirra snýst um að skapa og það skiptir ekki máli hvort þeir eru að elda mat eða gera heimili sín. Þegar þeir eru spurðir að því af hverju þeir hafi ákveðið að

sækja um í Hæðinni kemur upp úr dúrnum að þeir sóttu aldrei um sjálfir heldur var það vinkona þeirra sem skráði þá. „Mér fannst þetta ekki góð hugmynd í byrjun en Pacas keypti hana strax og stökk upp á lappir sér og var til í tuskið. Það tók smátíma að sannfæra mig um að fara í þáttinn,“ segir Beggi og heldur áfram. „Mig langaði ekki að fólki myndist ég vera að trana mér fram. Ég velti því líka fyrir mér hvort við myndum ráða við þetta því þetta er náttúrulega hörkuvinna. Svo sannfærðist ég og sé ekki eftir því. Auðvitað hjálpaði það okkur hvað við erum ófeimnir og það skipti okkur ekki máli hvort það voru myndavélar í öllum hornum. Við komum bara til dyranna eins og við erum klæddir,“ segir Beggi. Hinn 23. febrúar fluttu þeir inn í raðhúsið á Hæðinni og gerðu sér enga grein fyrir hvað þeir voru að fara út í. „Mér brá svolítið þegar við komum inn því það var allt hrátt, tveir hermanna-beddar á gólfinu, engar gardínur og ekki neitt. Ég hugsaði með mér hvað ég væri búinn að koma mér út í en svo fannst okkur þetta bara spennandi og ákváðum að setja ást og kærleik inn í verkefnið.“ Þeir bjuggu í Hæðinni í tvo og hálfan mánuð og sjá svo



Beggi og Pacas leika við hvern sinn fingur og hlakka til að taka þátt í ævintýrunum sem eru fram undan.

MYNDRIVALLI

**„Fantagóð, grátbrosleg bók.“**

*Verdens Gang*

**„Stórsýning á glæsilegri og brýnni skáldskaparlist.“**

*Dagens Næringsliv*

**„Fínar persónur, mjög trúverðugar lýsingar á hversdagslífi.“**

*Páll Baldvin Baldvinsson / Kiljan, RÚV*

**„Þeir sem hrifust af fyrri bókinni munu einnig fagna þessari.“**

*Aftenposten*

**M**

MÁL OG MENNING  
www.fortlagid.is

sannarlega ekki eftir því að hafa látið slag standa. „Það kom okkur svolítið á óvart hvað var staðið vel að öllum hlutum. Hrafnhildur Gunnarsdóttir pródúsent er alger stjarna og Gulli Helga á hrós skilið en þau voru okkur innan handar með allt,“ segja þeir.

Þegar dómnefndina ber á góma segir Pacas að það hafi komið honum mest á óvart hvað hún var dómhörð og þeir segjast báðir hafa orðið fyrir töluverðum vonbrigðum með hana. En svo gerðu þeir sér grein fyrir að þetta væri sjónvarpsþáttur og hættu að taka því persónulega þegar verk-in þeirra féllu ekki í kramið hjá dómurinum. „Öll þörin lögðu hjarta og sál í verkefnið og svo kom þriggja manna dómnefnd og fór að hlæja að verkefnum okkar. Það var eins og þau gerðu sér ekki grein fyrir því hvað þau væru að gera. Fljótlega lærðum við það að allir eru mannlegir og hver og einn hefur rétt á að hafa sína skoðun. Í framhaldinu ákváðum við að taka ekki mark á dómnefndinni og halda áfram að gera hlutina eins og við vildum. Okkur

var nákvæmlega sama hvað þeim fannst,“ segja þeir.

## Fyrirverandi eiginkona Begga spilar stórt hlutverk

Það er ekki hægt að segja að Beggi og Pacas tilheyri hinni dæmigerðu vísitölufjölskyldu. Í kringum þá eru sex börn, eitt barnabarn og annað á leiðinni. Það sem vekur mesta furðu er að fyrirverandi eiginkona Begga tekur virkan þátt í lífi þeirra og er stór hluti af fjölskyldunni. Þegar þeir eru spurðir að því hvernig þeir fari að því að hafa allt í góðu hrósar Beggi fyrirverandi eiginkonu sinni og segir hana ákaflega vel gefna og klára. „Þegar hún skildi við Begga fékk hún tvo eiginmenn í staðinn,“ segir Pacas og hlær en fyrirverandi eiginkonan er reglulegur gestur hjá þeim í mat og tekur virkan þátt í lífi þeirra. Þau eru með sameiginlegt forræði, búa nálægt hvert öðru og þeir segja það vera henni að þakka hvað gekk vel með Hæðina því hún hafi séð um börnin á meðan. „Þegar við unnum Hæðina buðum við börnunum okkar út að borða og mín fyrirverandi kona

var að sjálfsögðu með í för. Hún er ein af okkur sem er svo yndislegt.“ Í næsta húsi við þá búa tvö elstu börn Begga ásamt mökum sínum og þar býr líka barnabarnið. „Fólk hefur labbað hérna framhjá og haldið að hér sé kaffihús, en þá erum það bara við og börnin að borða kvöldmatinn,“ segir Pacas og hlær. „Það er alltaf fullt af fólki hérna í mat. Okkur finnst svo notalegt að vera með öll börnin í kringum okkur. Pacas er eiginlega alveg eins og ég, ef við sjáum ekki krakkana á hverjum degi þá erum við ómögulegir.“

Þeir eru búnir að vera saman í fimm ár en þeir kynntust þegar Beggi réð Pacas í vinnu til sín í veisluþjónustu sem hann var með á þeim tíma. Spurður að því hvort hann hafi ráðið hann út af útlitinu segir hann svo ekki vera. Þegar þeir kynntust var Beggi skilinn við konuna sem hann var með í 25 ár. Hann segist alls ekki hafa verið á leið út úr skápnunum, hann hafi bara orðið ástfanginn af Pacasi. „Það var bara svo sterkt kemistri á milli okkar. Fyrir mér skipti ekki máli hvort ég yrði skotinn í konu





# Fjarnám farðu lengra

20. maí — 2. júní 2008  
Skráning á [www.verslo.is](http://www.verslo.is)

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

# skólar og námskeið

FÖSTUDAGUR 16. MAÍ 2008

FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vegna 20% lækkunar á verði frá byrgja getum við nú boðið KWA garðhúsgögnin **á lægra verði**

## Gæða garðhúsgögn

Afar vonduð sænsk KWA garðhúsgögn úr gagnvörðum viði



[www.valhusgogn.is](http://www.valhusgogn.is)

Röltu um verslunina okkar í rölegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!

2008  
línan er komin

**Val** húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík  
Sími 581 2275 ■ 568 5375



Stíllanlegt bak



Stækkanleg borð

KORTER

# Í sviðsljósið í sumar

Krakkar sem ganga með leiklistarbakkeriuna í maganum ættu ekki að láta sumarnámskeið Möguleikhússins fram hjá sér fara.

Undanfarin sumar hefur Möguleikhúsið boðið upp á sumarnámskeið fyrir börn á aldrinum níu til tólf ára. Í sumar verður engin undantekning þar á og byrjað að skrá þátttakendur á þriggja vikna námskeið sem hefst 9. júní og lýkur 27. júní.

Á námskeiðinu er unnið með flest þau atriði sem tengjast hefðbundinni leikhúsuppsetningu. Börnin fræðast um gerð handrita, æfingar, leikmyndir og búa

inga, lýsingu og þess háttar. Vinnan fer að mestu fram utandyra en námskeiðið stendur í fimm tíma á dag.

Það sem börnin læra á námskeiðinu er síðan nýtt til að vinna leiksýningu frá grunni sem sýnd er í Möguleikhúsinu í lok námskeiðsins. Oftast er sýningin sýnd tvisvar. Einu sinni fyrir börn á leikjanámskeiðum Íþrótt- og tómsundaráðs Reykjavíkur og svo fyrir aðstandendur barnanna.

Reyndir leikhúslíamenn leiðbeina á námskeiðinu.

Allar frekari upplýsingar má nálgast á [www.moguleikhusid.is](http://www.moguleikhusid.is)



Leiðbeinendur á námskeiðinu hafa mikla reynslu af því að vinna með börnum.

## Myndlistin tæki til að skoða náttúruna

Hálendisferðir bjóða í sumar upp á námskeið fyrir börn og unglínga. Þar læra þau að njóta náttúrunnar betur og skilja með hjálp myndlistar.

„Það skal tekið fram að þetta er ekki teikninámskeið og þetta snýst ekki á nokkurn hátt um að vera dráttahagur. Við ætlum okkur ekki að teikna upp náttúruna heldur nota myndlistina sem tæki til þess að skoða umhverfið,“ segir Ósk Vilhjálmsdóttir, stofnandi Hálendisferða, sem bjóða í sumar upp á námskeið fyrir börn og unglínga undir heitinu Náttúruskoðun og myndlist.

Um er að ræða námskeið fyrir börn á aldrinum sjö til fjórtán ára og markmiðið er að „njóta íslenskrar náttúru fótgangandi, staldra við í henni, teikna, móta, mála og skrá niður hugleiðingar“, eins og segir í lýsingunni. Börnin læra ýmis grunnatriði í

útivist, fara í gönguferðir, baða sig í heitum hverum og sjóða egg úti í náttúrunni eða hita sér kakó. Námskeiðið stendur í fimm daga og lýkur með útilegu í Gróttu þar sem gist verður í eina nótt.

„Við vorum með svona námskeið í fyrra og það gekk ofsalega vel,“ segir Ósk sem kennir á námskeiðinu ásamt Margréti Blöndal.

Dagana 21. til 25. júlí verður haldið námskeið fyrir börn á aldrinum sjö til tíu ára en dagana 11. til 15. ágúst er komið að ellefu til fjórtán ára börnum. Hist verður í Myndlistaskólanum í Reykjavík á morgnana og haldið þaðan út úr bænum. Einnig stendur til að halda námskeið í Hveragerði fyrir börn þar. Verkefnið er styrkt af Barnamenningarsjóði.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni [www.halendisferdir.is](http://www.halendisferdir.is).



Börnin læra að njóta náttúrunnar, fara í gönguferðir og skoða spennandi staði.

MYND/HÁLENDISFERDIR



Það er alltaf mikið um að vera á sumrin hjá krökkunum.

MYND/ITR

## Börnin kynnst borginni

Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkur verður með fjölbreytta dagskrá í boði í sumar.

Á sumarnámskeiðum ÍTR um árin hefur verið lögð áhersla á að börnin fái að kynnst borginni á sem fjölbreyttastan máta. Farnar eru ferðir í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, í fjöruna og dorgað, á söfn og í sund þegar veður leyfir. Einnig er unnið út frá mismunandi hugmyndum og listaverk búið til út frá umhverfinu. „Aðalatriðið er að börnin fái að njóta sumarsins á sem besta hátt,“ segir Steingerður Kristjánsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu tómsundamála ÍTR.

Frístundaheimili ÍTR eru starfandi í grunnskólum borgarinnar yfir vetrartímam. Sömu frístundaheimili bjóða nú upp á fjölbreytta dagskrá í sumar. Starfið verður þó öllu fjölbreyttara, meiri útvera og fleiri ferðir. Hugmyndin á bak við þetta er sú að börnin fái áfram að vera í sínu nánasta umhverfi, þau vinna með sama starfsfólkinu og geta leikið áfram með félögum.

„Munurinn er einnig sá að sumarfrístundin er opin öllum. Námskeiðin eru til dæmis mjög vinsæl hjá börnum sem búa erlendis og koma til landsins yfir sumartímam. Þetta er gott tækifæri fyrir þessi börn að halda tungumálinu við og kynnst íslenskum börnum. Einnig sækja börn frístundanámskeiðin okkar sem búa úti á landi en eru hjá ættingjum í borginni á sumrin,“ útskýrir Steingerður.

Í sumar verður klúbbastarfi fyrir tíu til tólf ára krakka á nokkrum stöðum í borginni. Þar geta börnin ráðið dagskránni sjálf í samráði við starfsmenn. „Ef veðrið er vont er gert eitthvað skemmtilegt inni, annars er farið í sund eða í hjólréiðaferðir.“

ÍTR er einnig í samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur með verkefni fyrir unglínga. Þá heldur leiðbeinandi frá ÍTR utan um unglíngahópa í hverfunum. Þar er unnið að samfélagsverkef-



Áhersla er lögð á útiveru í sumar.

MYND/ITR



Oft er farið í hjólréiðatúra á sumrin.

MYND/ITR



Steingerður Kristjánsdóttir er hæstánægð með hinn nýja sumarvef ÍTR.

FRETTABLAÐIÐ/VALLI

um í kringum félagsmiðstöðvar hverfanna.

ÍTR hefur gefið út bæklinga á hverju sumri þar sem fram kemur hvað er í boði og hvar. Í ár var tekinn í notkun sumarvefur með góðri leitarvél þar sem auðvelt er að finna sams konar upplýsingar. Íþróttafélög og einkaáðilar sem bjóða upp á sumarstarf í borginni hafa getað komið sínum upplýsingum á framfæri í gegnum ÍTR undanfarin ár og má finna þau námskeið á sumarvefnum. „Við erum þó ekki eftir-

litsaðilar með því starfi sem heyrir ekki undir okkur þó svo að við komum upplýsingum áfram,“ bendir Steingerður á.

„Námskeiðin hafa verið gríðarlega vinsæl hjá okkur síðastliðin ár. Í fyrrasumar voru um fimm þúsund börn á námskeiðum hjá okkur og skráning fyrir sumarið í ár fer vel af stað,“ segir Steingerður.

Þeir sem vilja kynna sér þau námskeið sem eru í boði fyrir sumarið er bent á nýja sumarvef ÍTR [www.rvk.is/sumar](http://www.rvk.is/sumar).

-kka

# Gott upphaf opnar gáttir

## Frumgreinadeild

Í frumgreinadeild Háskólans á Bifröst er boðið upp á eins árs námsbraut sem veitir sérhæfðan undirbúning fyrir háskólanám. Nemendur sem ekki hafa stúdentspróf en umtalsverða starfsreynslu fá góða þjálfun í grunnfögum sem opnar þeim leið til að afla sér háskólamenntunar. Sérstök áhersla er lögð á kennslu í viðskiptaensku, stærðfræði, bókhaldi og upplýsingatækni.

Boðið er upp á fjarnám í frumgreinadeild og þannig gefst þeim sem ekki hafa tök á að flytjast búferlum tækifæri til að ljúka þaðan námi. Kennslan fer fram í gegnum fjarnámsvef Háskólans á Bifröst þar sem allir fyrirlestrarnir eru aðgengilegir og geta nemendur nálgast þá hvar og hvenær sem er.

Allar nánari upplýsingar á [www.bifrost.is](http://www.bifrost.is)

**10 JÚNÍ**  
RENNUR  
UMSÓKNAR-  
FRESTURINN  
ÚTI!

[WWW.BIFRÖST.IS](http://WWW.BIFRÖST.IS)

### FOR- OG GRUNNÁM

BS í viðskiptafræði  
BS í viðskiptalögfræði  
BA í heimspeki, hagfræði og stjórn-  
málafræði (HHS)  
BS in business administration  
Undirbúningsnám í  
frumgreinadeild

### MEISTARANÁM

MS í alþjóðlegri banka- og  
fjármálastarfsemi  
MS í alþjóðaviðskiptum  
MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu  
ML í lögfræði  
MA í skattarétti  
MA í menningarstjórnun  
MA í Evrópufræðum

### SÍMENNTUN

Máttur kvenna  
Diplómanám í verslunarstjórnun  
Rekstur smærri fyrirtækja

### FJARNÁM

Fjölbreyttir möguleikar, bæði á grunn-  
og meistarastigi, í gegnum öfluga  
menntaveitu þar sem fyrirlestrar eru  
alltaf aðgengilegir.

FRUMGREINAEILD

VIÐSKIPTAEILD

LAGAEILD

FÉLAGSVÍSINDAEILD

  
**HÁSKÓLINN Á BIFRÖST**  
BIFRÖST UNIVERSITY

## Skapandi nám í hjarta listagilsins

„Við erum byrjuð að taka við umsóknum og aðsóknin er mjög góð eins og undanfarin ár. Hún fer alltaf vaxandi,“ segir Helgi Vilberg skólastjóri Myndlistaskólans á Akureyri. Við skólann stunda að jafnaði 45 nemendur nám í dagskóla auk þess sem fjöldi fólks á öllum aldri sækir þangað kvöldnámskeið yfir vetrartímann.

„Dagskóladeildirnar eru í raun þrjár. Við erum með eins árs fornam sem er mjög góður undirbúningur fyrir frekara nám á sviði lista eða hönnunar. Síðan erum við með þriggja ára nám annars vegar í fagurlistadeild og hins vegar í listhönnunardeild sem veitir starfsmenntun í grafískri hönnun,“ útskýrir Helgi. Hann segir að lengst af hafi grafíska hönnunin verið vinsælust en umsóknum í fagurlistadeild hafi fjölgað mjög á undanföllum árum. „Af þeim umsóknum sem þegar hafa borist fyrir næsta skólaár sýnist mér grafíska hönnunin vinsælli og það er aldrei að vita nema við tökum fleiri inn í ár en áður,“ segir Helgi en að jafnaði stunda um fimmtán nemendur nám í hverri deild.

Þótt skólinn veiti ekki prófgráðu á háskólastigi er námið metnaðarfullt og krefjandi. Helgi

segir að námið í grafískri hönnun sé metið til jafns við BA-gráður og þeir sem útskrifast frá skólunum eigi ekki í nokkrum vandræðum með að fá vinnu. „Margir kjósa líka að halda út í framhaldsnám eftir nám og komast oft beint inn í mastersnám þótt þeir útskrifast ekki héðan með BA-gráðu,“ segir Helgi. Hann bætir við að meðan á námi við skólann standi gefist nemendum kostur á skiptinami við háskóla erlendis auk þess sem erlendir gestakennarar séu tíðir gestir við skólann. Þá á skólinn í góðu samstarfi við Háskólann á Akureyri um kennslu í ýmsum list- og fagurfræðigreinum.

Helgi segir algengt að fólk flytji gagnert til Akureyrar til að fara í skólann. „Skólinn hefur góð áhrif á bæjarbraginn og bærinn á skólann. Við erum hér í listagilinu og hér er alltaf eitthvað um að vera. Nemendur okkar hafa verið duglegir að taka þátt í menningarlífinu og margir af okkar fyrri nemendum reka vinnustofur og gallerí í grenndinni,“ segir Helgi, sem er að taka á móti umsóknum þessa dagana. Áhugasamir geta kíkt á heimasíðuna [www.myndak.is](http://www.myndak.is) og þar er að finna umsóknareyðublöð.

- ÞO



Vorsýning Myndlistaskólans er nýfstaðin. Þar sýndu nemendur verk sín. Sýningin hefur skipað sér sess í menningarlífi bæjarins og er ávallt vel sótt.

MYND/HELGI VILBERG



Hér má sjá mynd eftir nemanda í stafrænni ljósmyndun sem tekin var á námskeiði í fyrra.

## Kynnast nýrri hlið á tölvum

**Sigurður Jónsson, leiðbeinandi hjá Tölvu- og verkfræðipjónustunni, mun í sumar hafa umsjón með skóla í stafrænni ljósmyndun, myndbandavinnslu og Flash-margmiðlun.**

Boðið verður upp á þrjú tveggja vikna námskeið í stafrænni ljósmyndun og myndbandavinnslu fyrir níu til fjórtán ára börn. Fyrri vikuna er farið í ljósmyndun og þá seinni í myndbandagerð. Ekki er nauðsynlegt að vera báðar vikurnar og er hægt að fara eingöngu á ljósmyndanámskeið eða í myndbandagerð. Þá verður einnig boðið upp á nýtt námskeið í Flash-margmiðlun fyrir tólf til sextán ára börn.

„Markmiðið með námskeiðunum er að kenna krökkunum á hin ýmsu forrit og að þau læri um leið að nota tölvur með öðrum hætti en þau eru vön að gera. Í dag verja börn og unglingar miklum tíma í tölvum og eru flest í tölvuleikjum eða á heimasíðum. Samt sem áður virðist tölvuþekkingin ekki rista mjög djúpt þegar á reynir, sem er synd því margir eru með öflugar heimilistölvur sem bjóða upp fjölbreytta möguleika,“ segir Sigurður Jónsson, sérfræðingur í notendaforritum hjá Tölvu- og verkfræðipjónustunni.

Á ljósmynda- og myndbandavinnslunámskeiðunum fara krakkarnir í myndaleiðangra þar sem teknar eru myndir og myndbönd og er lögð áhersla



Sigurður Jónsson hefur umsjón með sumarskólanum en hann er sérfræðingur í notendaforritum hjá Tölvu- og verkfræðipjónustunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

á að virkja þá til að koma með eigin hugmyndir að myndefni. Síðan eru myndirnar færðar inn í tölvu, unnið úr þeim og þær prentaðar eða settar á vefinn. Í myndbandavinnslunni læra krakkarnir að klippa myndböndin til, vinna úr þeim og birta á vefnum.

Á Flash-námskeiðinu læra unglingarnir á Flash-forritið sem er meðal annars notað til að gera auglýsingar og forrita tölvuleiki. „Flestir leikir á netinu eru forritaðir í Flash og á námskeiðið að gefa innsýn í hvað liggur þar að baki,“ segir Sigurður.

Námskeiðin eru haldin í húsakynnum Tölvu- og verkfræðipjónustunnar að Grensásvegi 16 í júní og ágúst.

- VE

## Fræðst um ástir fiskanna

Ný námsbraut í sjávar- og vatnalíffræði verður í boði í haust á vegum Háskóla Íslands og Háskólanum á Hólum. Gísli Már Gíslason, prófessor í vatnalíffræði, við HÍ veit meira.

„Þetta þriggja ára líffræðinámsbraut verður þannig uppbyggð að grunnurinn verður kenndur á tveimur árum við líffræðiskor Háskóla Íslands. Síðan verður þriðja árið alfarið kennt á Hólum þar sem sérþekking er á eldi og umhverfi vatnafiska,“ byrjar Gísli Már þegar hann er beðinn að miðla upplýsingum um hina nýju námsbraut. Hvar skyldi helst vera þörf fyrir sérhæfða þekkingu á vatnalíffræði og vatnafiskum?

„Það má benda á Veiðimálastofnun sem er í Reykjavík og með útibú á þremur stöðum á landsbyggðinni. Auk þess er unnið við rannsóknir bæði við HÍ og Hólaskóla þar sem þessi menntun getur nýst. Vatnalíffræðingar vinna líka að mati á umhverfisáhrifum vegna ýmissa framkvæmda sem tengjast vötnum, brúargerð eða malarnám úr árfarvegum og að sjálfsgöðu virkjunum. Síðan er fiskeldið vaxandi atvinnugrein í landinu. Hólar standa fremstir í kynbótum og rannsóknunum á bleikju, ekki bara hér á



Gísli Már segir kennaraskipti munu eiga sér stað milli Háskóla Íslands og Háskólanum á Hólum þegar hin sameiginlega námsbraut verður að veruleika.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

landi heldur í öllum heiminum enda fer bleikjan á herra verði en laxinn.“

Gísli Már segir framtíðarmöguleikana mikla innan líffræðinnar. „Frá því

ad Háskóli Íslands fór að útskrifa líffræðinga 1978 hafa um eitt þúsund útskrifast og það er mikil eftirspurn eftir þeim í vinnu. Þeir starfa meðal annars að við landbúnaðarrannsóknir og Hafrannsóknastofnun, auk þess sem sameinda-líffræðingar nýtast vel í heilbrigðis-kerfinu og erfðagreiningunni.

Líffræðin er svo fjölbreyti-



leg og vatnalíffræðin er ný sérhæfing innan hennar. Þeir sem útskrifast verða með BS-próf sem tryggir þeim aðgang í háskóla um allan heim. Þetta er sambærilegt við annað nám nema að tveir háskólar standa að útskriftinni.“

- GUN

Takmarkað magn

Geggjuð

# LAGERÚTSALA

Allt á gamla verðinu

Allt að 50% afsláttur

Sófar

Hornsófar

Hægindastólar

Borðstofustólar

Borðstofuborð

Gjafavörur

Kerti

Luktir

Skápar

og fleira

Fullt af  
nýjum vörum

20-50 %  
afsláttur af Cilek

Barbie koja  
kr. 27.450,-

Klettháls 13

mán.-fös. 10-18 lau. 12-16

Sími lagerútsölnnar

er 660 0035

Inngangur



HÚSGÖGNIN  
HEIM

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150  
Ópið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

# Sirkusnámskeið í Lækjarbotnalandi

Waldorfskólinn í Lækjarbotnum sem staðsettur er í Lækjarbotnalandi við Suðurlandsveg mun halda líkt og síðustu ár Sirkusnámskeið fyrir börn á aldrinum átta til sextán ára.

„Fjórir alþjóðlegir sirkuskennarar frá Cirkus Cirkör í Svíþjóð leiðbeina og þau hafa öll kennt á námskeiði hjá okkur áður og eru vanir kennarar og listamenn. Boðið er upp á fimleika, einhjól, geggla, línudans, trampólín, listir í rólu og reipi og fleira. Miðað er við kennslu úti í náttúrunni en einnig er aðstaða inni. Eldri hópurinn mun halda sýningu 17. júní í miðbæ,“ segir Sólveig Þorbergsdóttir kennari í Waldorfskólanum.

Námskeiðin eru tvö. Það fyrra hefst 9. og stendur til 13. júní og er það námskeið fyrir krakka á aldrinum tólf til sextán ára. Námskeiðið er frá klukkan níu til fimm alla námskeiðisdaga.

Seinna námskeiðið er fyrir börn á aldrinum átta til ellefu og stendur yfir dagana 18. til 21. júní. Námskeiðið er frá klukkan níu til þrjú alla námskeiðsdaga. Verð á námskeiðinu er 1.8000 þúsund krónur, en veittur er tuttugu prósent systkinaafsláttur. Einfaldar máltíðir eru innifaldar en til gamans má nefna að hráefnið sem notað er í matargerðina er lífrænt ræktað.

„Mikil áhersla er lögð á það hjá okkur að vera eins mikið úti og hægt er. Við erum einnig með góða aðstöðu innandyra en kjósum frekar að nýta náttúruna, sem svæðið hefur upp á að bjóða,“ útskýrir Sólveig. Því má segja að að krakkarnir sem sækja Sirkusnámskeiðið fái ekki aðeins þjálfun í sirkusæfingum heldur njóti þeir náttúrunnar í botn og slái þar tvær flugur í einu höggi.

Frekari upplýsingar um Sirkusnámskeið Waldorfskólans er hægt að fá í símanúmerunum 587 4499, 698 7893, 694 3399.

- mnr



Boðið er upp á fimleika, einhjól, gegl, línudans, trampólín, listir í rólu, reipi og fleira.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Krakkarnir njóta náttúrunnar í leik og starfi í Lækjarbotnalandi.



Kennslan fer fram úti í náttúrunni en kennsluástaða er einnig innan dyra.

## Pólskunám fyrir pólsk börn

Tungumálaveri í Laugalækjarskóla býður upp á nám í pólsku fyrir nemendur í 7. til 10. bekk á hausti komanda, en námskeiðin eru ætluð nemendum sem hafa pólsku að móturmáli.

„Forkröfur á námskeið í pólsku eru að nemendur hafi góðan grunn í tungumálinu og geti tjáð sig bæði munnlega og skriflega,“ útskýrir Þorbjörg Þorsteinsdóttir, deildarstjóri í Tungumálaveri grunnskólanna, sem starfrækt er í Laugalækjarskóla. Önnur tungumál sem boðið er upp á eru enska, norska, sænska og danska, en áformað er að taka upp kennslu í fleiri tungumálum, eins og einu Asíumáli.

„Nám í norsku og sænsku er fyrir grunnskólabörn sem velja þau tungumál fram yfir dönsku, en nám í ensku og dönsku er fyrir forskotsnemendur sem búið hafa í útlöndum og kunna meira í málinu þegar þeir hefja nám,“ segir Þorbjörg, en þess má geta að nám í pólsku er tilraunaverkefni fyrst um sinn.

„Hugmyndin er ekki ný, en ákveðið var að fara af stað með pólsku sem móturmál nú vegna stefnu menntaráðs og aukinnar áherslu yfirvalda á gildi móturmálsins. Vinnuhópur um Reykjavík, fjölmenningsborg barna,



Þorbjörg Þorsteinsdóttir kennari í Tungumálaveri grunnskólanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

álýktaði um mikilvægi þess að börn geti viðhaldið móturmáli sínu og námskeiðið er í anda þeirrar stefnu. Námið verður tvískipt; stunda nemendur í 7. og 8. bekk staðbundna

kennslu, en pólskunám í 9. og 10. bekk verður með netnámsniði, auk þess sem nemendur hittast nokkrum sinnum á skólaárinu,“ segir Þorbjörg og bætir við að pólskunámið verði

til að byrja með eingöngu fyrir nemendur í Reykjavík. „Pólskum grunnskólabörnum hefur hlutfallslega fjölgað meira en öðrum á Íslandi undanfarin ár. Sumir nemendur eru nýkomir til landsins og þurfa mest á íslenskunámi að halda, en aðrir hafa verið hér lengur, náð ágætu valdi á íslensku og þá er ekki síður mikilvægt að þeir viðhaldi móturmáli sínu líka,“ segir Þorbjörg um netnámið nýja sem verður með svipuðu sniði og annað fjarnám Tungumálavars.

„Við leggjum áherslu á helstu námsþætti eins og lestur, ritun, hlustun, áhorf og talað mál, auk menningarmiðlunar, en í bland felst einnig stuðningur inn í íslenska skólakerfið og upplýsingar um íslenskan veruleika. Námsmat byggir talsvert á þátttöku nemenda og virkni þeirra í fjarnámi, en einnig á munnlegum þætti, verkefnaskilum og lokaþrófi,“ segir Þorbjörg og staðhæfir að netnám í pólsku væri varla orðið að veruleika ef ekki væri vegna liðsinnis Emiliu Mlynska, sem verður aðalkennari netnáms í pólsku.

„Emilia er aldeilis frábær kennari, menntuð í mannfræði, hefur búið hér lengi og veitt pólskum nemendum mikla aðstoð í íslenska skólakerfinu. Við gætum ekki gert þetta án hennar.“

- þlg

# Krakkar taka þátt í sveitastörfum

Í Kiðagili í Bárðardal eru reknar skólabúðir yfir veturinn þar sem ungmenni fá að kynna sveitinni og taka virkan þátt í sveitastörfum.

Hugmyndin að skólabúðunum kviknaði árið 2003 þegar barnaskólinn í Bárðardal var lagður niður. Heimavist var í skólanum og á sumrin er þar rekið gistiheimili.

„Við leggjum aðaláherslu á þátttöku og upplifun hjá krökkunum og bækur eru lítið notaðar,“ útskýrir Guðrún Tryggvadóttir verkefnisstýra. Hóparnir sem sækja skólabúðirnar koma flestir úr grunnskólunum á Norðurlandi en lengst að hefur komið hópur úr Dalasýslu.

Krakkarnir eru á öllum aldri en Guðrún segir þau taka á móti allt frá elsta bekk í leikskóla og upp í yngsta bekk í framhaldsskóla. Hóparnir gista oftast í tvær nætur en þeir sem koma langt að geta gisti þrjár til fjórar nætur.

„Mottóið hjá okkur er „já ekkert mál,“ segir Guðrún. „Við reynum að mæta þeim þörfum sem koma upp hverju sinni hvað varðar tímalengd, aldur og verkefni og svo setjum við saman pakka sem hentar. Við bjóðum upp á sveitapakka þar sem til dæmis er farið á hestabú og fræðst um hestana hjá bændunum, lagt á og farið á bak. Svo er farið í fjárhús og í fjós og þau fá að mjólka kýrnar og smakka spenvolga mjólk.“

Einnig bjóða skólabúðirnar upp á fjallapakka þar sem krakkarnir læra á áttavita og að lesa á kort og hvernig á að búa sig út. Svo er gisti í gangnakofa eina nótt. Þau fá að kynna handverki,



Hressir krakkar með hatta úr þæfðri ull á höfði en þeir kynna ullarþæfingu í skólabúðunum.

MYND/GUÐRÚN TRYGGVADÓTTIR

eins og þæfingu og jurttalun en skólabúðirnar eru í samstarfi við handverksfólk í sveitunum í kring. Einnig er kvikmyndapakki í boði en þá búa þau sjálf til handrit, leika og leikstýra og klippa svo myndina í tölvu og enda með kvikmynd á DVD-diski.

„Í vetur settum við líka upp veður-mælingastöð og krakkarnir mældu

úrkomu, vind og hita, skráðu niður skýjafar og fluttu svo veðurfréttir. Starfið er mjög fjölbreytt og hefur gengið vel. Sömu skólarnir koma aftur ár eftir ár,“ segir Guðrún.

Upplýsingar um skólabúðirnar í Kiðagili er að finna á netsíðunni [www.bardardalur.is](http://www.bardardalur.is) og er tekið við pöntunum á netfangið [kidagil@thingeyjarsveit.is](mailto:kidagil@thingeyjarsveit.is).



Skólabúðirnar eru í samstarfi við handverksfólk í sveitunum í kring sem kenna krökkunum að tálga, þæfa og jurttalita meðal annars.



Krakkarnir fara í heimsóknir á sveitabæi og kynna verkunum í sveitinni.



**MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI**


[www.mk.is](http://www.mk.is)

## Innritun er hafin í Menntaskólann í Kópavogi

Rafræn innritun nýnema í Menntaskólann í Kópavogi hófst 14. maí og stendur til 11. júní á [menntagatt.is](http://menntagatt.is).

Nýnemum og forráðamönnum þeirra gefst kostur á að nýta tölvukost skólans og fá leiðbeiningu við innritun.

**Skólameistari**





Myndlistarskóli Kópavogs býður upp á ýmis námskeið.

## List fyrir alla

Myndlistarskóli Kópavogs býður upp á ýmis áhugaverð sumarnámskeið vikuna 9. til 13. júní, meðal annars í vatnslitamálu og teikningu.

Námskeiðin eru bæði stíluð inn á börn og fullorðna, en í skólanum eru deildir fyrir börn á aldrinum sex til níu ára og svo ungmenni tíu til fjórtán ára.

Námskeiðin er kennd í tíu kennslustundir og kostar hvert þeirra 8.800 krónur. Hugmyndavinna og verkefnaöflun fer fram utandyra þegar veður leyfir.

Fullorðinsnámskeið eru annaðhvort tuttugu kennslustundir og kosta þá 17.500 krónur eða þrjátíu kennslustundir og kosta þá 26.200 krónur.

Áhugasamir geta haft samband við skrifstofu skólans í síma 564 1134 eða 863 3934. Innritun fer fram á skrifstofu skólans, frá mánudegi til fimmtudags klukkan 15 til 18.

-mmr



Erfiðir einstaklingar geta útheimt mikinn tíma og orku sem betur væri varið í eitthvað annað en ergelsi.

## Átt við erfiða einstaklinga

Hver hefur ekki átt í rimmu við erfiðan einstakling? Nú er hægt að fara á námskeið sem haldið er á vegum Þekkingarmiðlunar ehf. til að læra að takast á við slíka einstaklinga.

Á námskeiðinu er farið yfir helstu atriði er varða samskipti við erfiða einstaklinga en þeir geta kostað aðra mikla orku og tíma.

Slíkir einstaklingar eru á námskeiðinu flokkaðir í nöldraran, vitringinn, einræðisherrann, hinn þögla, leynimorðingjann og skoðanaleysingjann. Skoðað er hvað þessir einstaklingar gera og hvað hægt er að gera til að hafa áhrif á hegðun þeirra til betri vegar.

Þátttakendur fá þjálfun í að takast á við nokkra af þessum erfiðu einstaklingum, en á heimasíðu námskeiðsins segir að það henti þeim sem segja: „Hingað og ekki lengra!“

Námskeiðið er fjórar klukkustundir að lengd og er leiðbeinandi Eyþór Eðvarðsson, þjálfari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun ehf. Námskeiðið kostar 18.900 krónur og er haldið 28. maí frá klukkan 13 til 17.

## Framkoma og tjáning

Capacent ráðgjöf býður upp á ýmiss konar námskeið og hefur námskeið Maríu Ellingsen í framkomu og tjáningu notið mikilla vinsælda.

Þátttakendur eru þjálfaðir í að gera grein fyrir máli sínu, tala af öryggi fyrir framman hóp fólks, leggja áherslu á aðal-

atriði og auka þannig áhrifa-

mátt sinn og útgeislun. Unnið er út frá verkefnum úr starfi þátttakenda og þeir þjálfaðir í að gera grein fyrir þeim á sannfærandi hátt. Námskeiðin eru haldin 3. og 5. júní frá klukkan 9 til 12 og kosta 29.800 krónur.

María Ellingsen heldur utan um námskeið í framkomu og tjáningu.



Margfaldaðu lestrarhrásann...

HRADLESTRARSKÓLINN

Auktu forskotið, afkæstin og ánægjuna!

**Næstu námskeið:**

19. maí - 6 vikna - mánudagar - 20-22  
 26. maí - 3 vikna - mánudagar - 16-19  
 4. júní - 6 vikna - miðvikudagar - 17-19

Hagstæð greiðsludreifing

VR, Efling og önnur stéttarfélag greiða niður námskeiðsgjaldið

Skráðu þig strax í síma 586 9400 eða á [www.his](http://www.his)



## Fjölbrautaskóli Vesturlands

Vogabraut 5, 300 Akranes. Sími 433-2500. Tölvupóstur: [skrifstofa@fva.is](mailto:skrifstofa@fva.is)

Skólinn býður fjölbreytt nám á mörgum brautum, sem hæfir nemendum með misjafna getu, margvísleg áhugamál og ólíkar þarfir.



### • Bóknámsbrautir til stúdentsprófs:

- Félagsfræðabraut
- Málabraut
- Náttúrufræðibraut
- Viðskipta- og hagfræðibraut

Umsóknareyðublað og upplýsingar um skólann má finna á vefnum [www.fva.is](http://www.fva.is)

Aðstoð við rafræna innritun verður veitt í skólanum kl.14 til 18 dagana 9., 10. og 11. júní.

Verðandi nemendur og forráðamenn þeirra geta fengið samband við skólastjórnendur og pantað tíma hjá námsráðgjöfum skólans til 11. júní í síma 433-2500.

### • Starfstengdar brautir og listnám:

- Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina
- Grunnám málmiðngreina
- Grunnám rafíðngreina
- Húsasmíði
- Listnámsbraut – tónlistarkjörsvið
- Nám til iðnmeistaraprófs
- Rafvirkjun
- Vélvirkjun
- Viðskiptabraut

**Hægt er að ljúka stúdentsprófi í beinu framhaldi af eða samhliða námi á öllum ofantöldum brautum.**

### • Almenn námsbraut

### • Starfsbraut fyrir hugfatlaða

Dugmiklir nemendur eiga þess kost að ljúka stúdentsnámi á skemmri tíma en fjórum árum.

Í nokkrum námsgreinum er nemendum skipt í hópa eftir árangri á grunnskólaprófum þannig að þeir sem hafa bestan undirbúning fara í hraðferð með öðrum nemendum sem standa sig vel í námsgreininni. Þeim sem á þurfa að halda býðst fornám og stuðningur á almennri braut.



**Fyrir fullorðna nemendur:** Á haustönn 2008 verða teknir inn nýir hópar í **dreifnám með staðbundnum lotum** á eftirtaldar námsleiðir ef þátttaka fæst:

- **Húsasmíðanám.** Nemendur sem eru orðnir 20 ára og hafa reynslu af störfum í byggingariðnaði mega sleppa verklegum hluta grunnnáms í bygginga- og mannvirkjagreinum.
- **Viðskiptanám til verslunarprófs.**

Vakin er athygli á að nú geta nemendur sem hafa lokið eins árs framhaldsskólanámi í almennum greinum innritað sig í hraðferð til lokaprófs í **vélvirkjun** og lokið öllum sérgreinum til sveinsprófs á 2 skólaárum.

**Innritun fyrir haustönn 2008 lýkur 11. júní.**



eda manni heldur varð ég ástfanginn af honum sem manneskju," segir Beggi og viðurkennir þó að skilnaðurinn við eiginkonuna hafi tekið á. „Það er alltaf erfitt að skilja. Ég og mín fyrrverandi kona erum skynsamt fólk og ákváðum að gera hlutina þannig að börnunum liði sem best. Elsti sonur minn var tvítugur þegar ég ákvað að koma út úr skápnunum. Ég gat ekki hætt að gráta þegar hann sagðist elska mig og líta upp til mín en sér kæmi ekki við hvað ég gerði í mínu svefnherbergi," segir Beggi.

#### Á nærbuxunum úti í snjónum

Pacas er búinn að búa á Íslandi í fimmtán ár. Hann segir að hann hafi verið leiddur til landsins frá Brasilíu því hann elski snjóinn og kuldann á Íslandi. „Þegar ég var lítill dreymdi mig um að geta legið í grasinu án þess að vera étinn af skordýrum en mig grunaði ekki að ég fyndi landið sem myndi passa mér svona vel. Ég elska hitastigið hérna og það hentar mér miklu betur en hitinn í Brasilíu," segir Pacas. Beggi elskar hins vegar hitann í Brasilíu og þolir ekki kulda og snjó. Þeir vege því hvor annan upp. „Pacas fer stundum á nærbuxunum út í snjóinn, þetta skil ég ekki," segir Beggi og hlær.

Um árin hafa Beggi og Pacas unnið í veitingabransanum og hlotið lof fyrir störf sín þar sem þeirra markmið hefur ætíð verið að elda frá hjartanu og blanda ástinni í matinn. Það kom þeim því í opna skjöldu þegar þeim var sagt upp störfum á veitingastaðnum Gló. „Þetta kom við okkur þar sem við erum bara venjulegir fjölskyldumenn sem þurfum að borga reikninga. Okkur fannst líka hart að þau skyldu nota okkar uppskriftir eftir að þau voru búin að reka okkur. Þegar ég var að býsnast yfir þessu við Pacas þá kom hann með gott svar, að þau hefði fengið uppskriftirnar en ekki alla ástina sem við lögðum í matinn. Það er svolítið rétt og ég ákvað að til-einka mér þetta viðhorf. Síðan við vorum reknir hefur þó verið nóg að gera hjá okkur, búnir að vera á fullu í veisluþjónustu og svo hefur Pacas verið að elda fyrir leikskólabörn. Við trúum því að þegar einar dyr lokist þá opnast aðrar betri í staðinn," segir Beggi en þessi speki er komin frá Pacasi sem var hare krishna-munkur í Brasilíu áður en hann flutti til Íslands. „Ég lærði hins vegar til kokks á Íslandi þar sem allir hlutir eiga að gerast svo hratt. Ég er því búinn að læra mest af Pacasi. Ég get alveg gefið uppskriftir en það er ekki að elda frá hjartanu," segir Beggi. Það er eiginlega ekki hægt annað en að spyrja þá um uppáhaldsmatinn sinn. „Við elskum kjúklingalifur. Dagsdaglega borðum við mikið af grænmeti og baunaréttum en þegar við viljum vera rómó þá fáum við okkur kjúklingalifur og rauðvínsglas.“

#### Baða sig í athyglinni

Síðustu dagar hafa verið ævintýri líkastir í lífi þeirra Begga og Pacasar. Fólk sópast að þeim úti á götu og börnin biðja um eiginhandararitana. Þegar þeir eru spurðir að því hvort Hæðin hafi breytt lífi þeirra segjast þeir ennþá vera sömu manneskjurnar. „Hæðin breytti okkur ekki sem persónum en við erum rosalega þakklátir því þetta hefur gefið okkur svo mörg tækifæri. Okkur langar að vinna vinnu sem gleður mannhjartað og okkur líður vel með. Við eigum draum um að halda áfram að vinna fyrir opnum

tjöldum og gera eitthvað fyrir fólk. Okkur langar til að gera matreiðsluþætti með skemmtilegu ívafi. Það er ekki inni í myndinni að elda mat og kenna fólk hvernig eigi að elda heldur að spinna þáttinn af fingrum fram og vera svolítið spontant. Gaman væri að veiða fólk þegar það er að kaupa í matinn og fara með því heim að elda. Það er ekki búið að ganga frá neinum samningum en það er verið að vinna í því," segja þeir. Þangað til það kemur í ljós geta þeir baðað sig í stjörnuljómanum en það er bara eitt sem þeir verða að passa og það er að hafa alltaf penna við höndina til að gefa eiginhandararitana.

*martamaria@365.is*

## KLINGENBERG SPÁIR Ólafur Darri Ólafsson



Spákona Föstudags, Sigríður Klingenberg, spáir fyrir Ólafi Darra Ólafssyni leikara þessa vikuna. Ólafur Darri er fæddur 3. mars árið 1973 og hefur því lífstöluna átta. „Ólafur Darri er einstaklega tilfinningaríkur, ljúfur og geðgóður maður, hver sá sem verður þeirra gæfu aðnjótandi að kynnast þessu góðmenni verður ríkari fyrir vikið. Hann er hvers manns hugljúfi enda góðsemin uppmáluð og mun fá mörg hlutverk út á það hversu gott er vinna með honum. Ólafur hefur einstaklega frjótt ímyndunarafl og ætti að prófa að skrifa en þar liggur færni hans einnig. Ef hann hefði verið uppi á víkingaöld þá hefði hann verið friðsamur víkingur og aldrei höggvið mann í herðar niður. Hann er nútíma íslenskur víkingur og á eftir að leggjast í viking bæði héraendis og erlendis án

þess þó að flytja búsetu sína. Ólafur er mikill fjölskyldumaður og það er oft kátt á hjalla á heimili hans. Lífstalan hans 8 segir mér að hann hafi verið ofvirkur sem barn og er það ennþá sem er einn af hans aðalkostum. Hann hefur gaman af börnum enda sjálfur með stórt barnshjarta. Það kæmi mér ekki á óvart að hann hafi góða söngróð en líklega verður lítið um landvinninga í þeim efnum. Íslenskur leikstjóri, ég nefni engin nöfn, á eftir að koma Ólafi Darra á kortið úti í hinum stóra heimi. Ólafur Darri hefur listaorku í öllum húsum svo það hefði verið slétt sama hvað hann hefði tekist á við á listasviðinu. Hann getur átt það til að vera kærulaus og mun því líklega velja sér konu sem hefur líf sitt í sterkum skorðum. Á þessu ári mun Ólafur Darri taka sig í bakarið og virkja orkustöðvarnar og leggja áherslu á jafnvægi og vellíðan," segir Sigríður og hendir fram stöku um þennan stórbrotna leikara að lokum.

www.klingenberg.is

## ÚTSKRIFTAR-JAKKAFÖT

Verð frá 9.990 kr.



**DRESS  
MANN**

Laugavegur · Kringlan · Smáralind · Akureyri

5629730


5680800

5659730

4627800

# tíska

ferskleiki dagsins í dag



## HIMNESKUR BLÓMATOPPUR

sem lífgar upp á fataskápinn og færir þér sumarið beint í æð, fæst í Topshop.



## GEGGJÆDIR SKÓR

með rokkuðu ívafi. Bera með sér fögur fyrirheit um skemmtilegt og hressandi sumar. Fást í Kron.

## Hildur Björk Yeoman fatahönnuður

Hvernig myndir þú lýsa hönnun þinni? „Það fer algjörlega eftir því hvað ég er að hanna hverju sinni og fyrir hvern. Ég myndi þó segja að hekludu tösurnar væru mjög rómantískar, eitthvað sem býið er að leggja mikinn tíma í að nostra við. Enn sem komið er eru tösurnar einungis fáanlegar í svörtu en þær munu fljótlega birtast í ýmsum litum. Klútarnir eru litaglaðir og hver og einn getur leikið sér með þá, það er að segja bundið þá á mismunandi hátt eftir sínu höfði.“

Undir hvaða áhrifum varstu þegar þú hannaðir tösurnar? „Ég var undir miklum áhrifum frá gömlu handverki. Tösurnar eru allar handgerðar á Íslandi. Þetta eru því einstök stykki og mikil ást lögd í hverja og eina tösku. Þetta er ákveðinn lúxusvarningur fyrir decadent tiskupír. Formið, stemningin og lögunin vísar til gamalla yfirstétta á rókókótímum samanber heklaða púðluhandataskan. Tösurnar eru þó komnar ansi langt frá upprunalegum áhrifavöldum þar sem efniviðurinn er sóttur í slitsterkt og formhaldið nótagarn.“



Hvaða efni notaðir þú í línuna? „Tösurnar eru heklaðar úr nótagarni og eru því mjög sterkar og endingargóðar. Annar skemmtilegur eiginleiki sem fæst af nótagarninu er að þær eru flestar mjög stífar og geta staðið af sjálfsdáðum. Klútarnir eru hins vegar úr jerseyefni og silkiflauli. Silkiflaulið er prentað með burnout-aðferð, aðferðin felur í sér að brenna í burtu ákveðna parta af flauelinu með þartilgerðri síru.“

Hvað er á döfinni hjá þér? „Tösurnar og klútarnir eru nýkomin í sölu í KronKron. Ég er að gera tiskuteikningar fyrir undirfataverslunina Systur. Einnig er ég að gera tiskuteikningar fyrir upphalds undirfatamerkið mitt sem er breskt og heitir Lascivious. Verk mín verða birt í bók sem kemur út nú í sumar. Bókin kallast Color in fashion og skartar m.a. hönnuðum á borð við Walter Beirendonck, Cneon, Basso & Brooke, Jens Laugesen, Alexandre Herchovitch og TataNaka.“ Hægt er að sjá nánar á [hilduryeoman.com](http://hilduryeoman.com)

[bergthora@frettabladid.is](mailto:bergthora@frettabladid.is)



1-2. Tiskuteikningar eftir Hildi. 3-5. Tösurnar eru allar handgerðar á Íslandi og því engin eins. Þær eru allar heklaðar úr nótagarni og því mjög sterkar og endingargóðar.



## KAREN MILLEN

# Vorútsala

## 50-70% afsláttur af útsöluvörum

KAREN MILLEN | Kringlunni og Smáralind | [karenmiller.com](http://karenmiller.com)

Þú kemst ekki í gegnum vikuna ...



... nema að átta þig á því að lífið er einn stór sleikur. Notaðu hvert tækifæri til að fara í sleik, helst oft á dag. Áður en þú veist af verður lífið orðið miklu skemmtilegra!

... nema að byrja að skipuleggja Eurovisionpartíið í ár. Mælum með serbenesku þema í klæðnaði, fæðuvali og stemningu.



... nema að fá þér þægilegan sófa. Þessi frá B&B Italia fæst í Heima og slær allt út.



...nema að fara í fótisnyrtingu svo þú verðir flott þegar þú ferð úr sokkunum í vorbliðunni og mætir berfætt í vinnuna.



... nema að hætta að hlusta á fréttarflutning af slæmu gengi krónunnar, stýrivöxtum og hækkandi matarverði. Gleyndu þessum fylgifiskum íslenska



hagkerfisins og hugsaðu um sólarströnd í hvert skipti sem þetta prent ber á góma. Áður en þú veist af verður þú búin/n að gleyma að það er allt að fara til andskotans hérna.

## ESTÉE LAUDER Gjöfin þín

Ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 3.900 eða meira í Lyfju Lágmúla og Smáratorgi, dagana 15. – 21. maí: Færðu nýja augnskuggatvönnu, augnblyánt og 10 daga skammt af Projectionist mascara. Þá færðu 7 daga skammt af Revelation nýja kreminu, Idealist undrakreminu og Perfectly Clean hreinsi.

Að auki færðu Pure Color Crystal varalit í fullri stærð og 3 förðunarbústa.

Allt þetta fyrir þig ásamt fallettri snyrtitösku.

\*meðan birgðir endast

Verðgildi gjafarinnar er um kr. 10.500.-



Við mælum með:

Nýtt: Double Wear Maskari

Allt að 15 tíma ending. Falleg augnhár frá morgni fram á kvöld. Litfastur maskari ekkert kám.

Skýr augnumgerð að morgni dags – jafnskýr að kvöldi. Double Wear maskarinn gefur einstaka endingu og frábæra lengingu. Þetta byggist á einstakri kámvörn, *Smudge Shield Technology*, sem hönnuð er til að standast mikinn hita og raka án þess að liturinn kámist út, flagni eða eyðist í dagsins önn.

[www.esteelauder.com](http://www.esteelauder.com)



## Málverkasýning í Valhúsgögnum

frá 16. - 24. maí. Verkin eru ýmist til sölu eða í einkaeign - Einstakt tækifæri



Karl Kvaran



Kristján Davíðsson



Ásgrímur Jónsson

Verk eftir:  
Kjarval  
Kristján Davíðsson  
Karl Kvaran  
Svavar Guðnason  
Gunnlaugur Blöndal  
Ásgrímur Jónsson  
Jóhann Briem  
Jón Stefánsson

**Valhúsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík  
Sími 581 2275 ■ 568 5375

Opið virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16

# heima

gleði og glysgjörn húsráð

## Hreinræktaður sparnaður



Marta María Jónasdóttir  
martamaria@365.is

Ég var stödd í boði um daginn þegar matarverð, kreppa og sparnaður barst í tal. Yfirleitt reyni ég bara að loka eyrunum því lífið verður svo fjandi leiðinlegt þegar maður hefur áhyggjur og því er stundum gott að hugsa eins og afi minn heitinn, að fara ekki yfir brúna fyrr en maður kemur að henni. Í fyrrnefndu boði var ég líka við það að gleyma að það hrikti í stoðum efnahagslífsins vegna fjarveru eiginmannsins sem virðist einhverra hluta vegna hugsa allt of mikið um peninga.

Þegar ég hef hermt það upp á hann segist hann neyðast til þess þar sem konan sem hann er kvæntur sé viðskipta-hallinn holdi klæddur. Hann segir að ef ég sé ekki að kaupa eitthvað þá sé ég pottþétt að hugsa um hvað ég ætli að kaupa næst. Ég hef mínar ástæður fyrir þessu. Þetta kallast að hafa ástriðu fyrir falletum hlutum og ég get ekki séð að það sé eitthvað verra en hvað annað.

Í boðinu runnu þó á mig tvær grímur þegar sparsami sessunautur minn sagði að matarreikningurinn hjá sér hefði hækkað um 3.000 krónur á viku Mér fannst þetta vera töluverð upphæð enda væri líklega hægt að splæsa í ágætisskópar fyrir þann pening, fara í tvo nuddtíma, kaupa þrjár kampavínsflöskur í fríhöfninni eða farmiða aðra leið til Færeyja. Auðvitað myndi ég frekar vilja gera eitthvað af þessu en að borga meira fyrir matinn. Þótt ég fái kikk út úr því að kaupa þá hef ég samt reynt að taka mig taki til að lækka matarreikninginn, kaupa ekkert grænmeti nema skoða verð á töflunni í grænmetiskælinum, kaupa inn fyrir heila viku í einu, kaupa bara inn það sem ég ætla nákvæmlega að borða og svo hefur reynst sumum vel að borða einfaldlega minna.

Ég verð þó að viðurkenna að þegar maður þeytist um lífið á ofshraða hefur maður engan tíma í að spá í hvort kílóíð af tótmötum kostar 90 krónur eða 300 kall. Vinkona mín kom með frábært innlegg í þessa umræðu og sagðist hafa fengið hugljómum þegar hún heyrði fólk í Kastljósinu segja að fólk henti mest salati í pokum. Hún væri steinhætt að kaupa það enda borðaði það enginn heima hjá henni. Hún sagði í leiðinni að þar fyrir utan þætti henni svona salat ekkert gott nema því væri drekkt í rjómasósu.

Ég dáðist að þessu viðhorfi því auðvitað á maður bara að borða það sem manni þykir gott. Mér finnst salat í pokum reyndar alger snilld, sérstaklega eftir að ég fattaði að það væri hægt að setja afganginn af því út í morgunsjeikinn og fá þannig góða næringu og minnka heimilissorpið í leiðinni. Ég passa mig samt á því að segja hinum í fjölskyldunni ekki frá þessu. Ef ske kynni að ég yrði nöppuð verð ég fljót að svara því að ég sé bara að spara.

Fyrir útvistarfólk

## Compeed plásturinn

- Verndar fætur og hindrar blöðrumyndun
- Vatnsheldur – vörn gegn bakteríum
- Dregur úr óþægindum og sársauka



Fæst í apótekum

### LÍFGAÐU UPP Á GARDINN

Þessi stóll er einn af því sem prýðir sumarlinuna frá Habitat í ár. Hann er svo suðrænn og seiðandi að það er ekki hægt annað en að komast í stuð við það að sitja í honum. Fyrir þá sem þyrstir í sumarstuð ættu að heimsækja nýju Habitat-verslunina í Holtagörðum.



Það er svo sannarlega hægt að spegla sig hér. Munirnir eru frá Laura Ashley.

MYNDR/ROSA

Taktu leikkonuna Söruh Jessicu Parker þér til fyrirmyndar.

## Löðrandi lúxus

Hvern dreymir ekki um að hafa heimilið spikk og span og láta það líta út fyrir að vera löðrandi í lúxus? Einn af nýj-ustu straumunum í innanhússhönnun er að

nota mikið af speglum og þá er alveg sama hvort speglarnir eru á veggjunum eða húsgögnunum. Speglahúsgögnin minna óneitanlega á hinn marggróma Art Deco-stíl sem var hvað vinsælastur á árunum 1925 til 1939. Þar voru speglahúsgögn áberandi í bland við speglaflísar sem voru allt annað en dapur eitíshrotti. Það sem speglahúsgögnin hafa fram yfir svo mörg önnur húsgögn er hvað þau gera heimilið glæsilegt og virðulegt. Það er jafnframt hægt að leika sér fram og til baka með speglahúsgögnin, enda fara þau vel með blómóttu og rómantísku en svo gera þau mínimalískt heimili

ennþá meira töff. Hvíti leðursófinn lifnar við þegar vinskápur alklæddur speglum er kominn í stofuna og þá má jafnvel taka JR Ewing á þetta og setja bakka ofan á skápinn með viskíkaröflu og kristalsglösum. Í fyrra var innlit hjá leikkonunni Söruh Jessicu Parker í Elle Decor og þar setti risastór speglakommóða punktinn yfir i-ið í svefnherberginu þar sem róssótt, bleikt og túrkíslitað var áberandi. Nú er bara spurning hvort þú vilt vera mjúk og heit eins og Sarah Jessica eða haga þér eins og illmennið JR?

martamaria@365.is



Hvað er fegurra en svona skápur? Þessi fæst í Pier.

Speglanáttborð getur bjargað ljótasta svefnherbergi. Þetta náttborð fæst í Pier.



Virðuleg speglakommóða sem fæst í versluninni Laura Ashley.



Snyrtiborð eða skrifborð? Þú ræður alveg hvernig þú notar það. Borðið fæst í Pier.



# ÚTSKRIFT?

**Stúdentajakkafötin  
með flottu sniðunum  
voru að koma í hús.**

**Quart-buxur  
mikið úrval,  
galla/camouflage/hvítar  
Bolur fylgir með.  
Frá kr. 6.900.**

**opið til kl. 17 á laugardag**

**Firði Hafnarfirði | Sími 565 0073**

**Herra**  
hafnarfjörður

**Herra**  
hafnarfjörður

**Herra**  
hafnarfjörður

# bland

í gær og á morgun ...

## FÖSTUDAGUR:

Amiina, Kippi og vinir í Undralandi í Hafnarportinu kl. 22. Kvartettinn krúttlegi mun flytja þar endurnið efni í bland við nýtt með fulltingi einvaliðs hljóðfæraleikara. Tónlistarviðburður sem enginn má missa af.



## LAUGARDAGUR:

Aðdáendur rokksevitarinnar Egós eiga heldur betur gott kvöld í vændum en hjómsveitin stigur á svið á Nasa. Tónleikarnir hefjast á miðnætti.

## díana mist

Besti föstudagur hingað til. Fjölskyldufólkið tók sér frí í dag, allt gert til að lengja helgina svo hægt væri að spila aðeins meira Trival Pursuit í sumarbústaðnum, borða ennþá meira og leika hina fullkomnu foreldra. Ég aftur sá fram á góðar stundir í bænum. Aðdáandi minn á neðri hæðinni var farinn í helgarferð með elliðferisþegum um Austurlandið, hressasta fólkið var eftir í vinnunni og flispeysufólkið hafði yfirgefið miðbæinn. Fór með pakkalaus vinnufélagunum í drykk í hádeginu á 101 Hótel sem svo sannarlega setti daginn í nýtt og enn hressara samhengi. Þar var Jón Ásgeir Jóhannesson, Þorsteinn Jónsson í Kók, Maggi Ármann og hin vel klædda Þóra Baldvinsdóttir, innanhúshönnuður og eiginkona Bjarna Benediktssonar alþingismanns. Ljóst að föstudagshádeginn koma sterk inn. Hélt út í vinnudaginn rjóð í vöngum og mjúk í máli. Eyddi restinni af deginum í það að daðra við vinnufélag minn á msn. Hvort sem það var áfengið í hádeginu eða einhleypna-stemningin á vinnustaðnum þá ákváð ég að slá til þegar hann stakk upp á drykk á b5 um kvöldið. Kom heim

úr vinnunni frekar sósuð og næstum því þunn, gíraði mig samt upp í að opna hvítvinsflösku, setti á mig rauðan varalit og brosti mínu blíðasta þegar ég steig inn á b5. Þar var vinnufélaginn, kannski örlítið misheppnaður þegar hann var kominn út úr örugga vinnuumhverfinu, en samt ungur og smá sætur. Við vorum þó fljót að finna msn-taktinn eftir nokkra drykki. Það var þó alveg ljóst frá okkar beggja hálfu að þarna átti bara að tjalda til einnar nætur. Á b5 voru þau Þórunn Högnadóttir og tiskulöggan Arnar Gauti úr Innlit/Útlit, svart/hvít og stílsuð eins og þeirra er von og vísa. Matthías Johannessen yngri, aðstoðarforstjóri Salt Investment, var þar sömuleiðis sem og Marin Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Praktikal. Þar voru líka Hulda Pjetursdóttir í Kaupþingi, Hreggviður Steinar Magnússon, Hanna Stína innanhússarkitekt með tveimur fjallmyndarlegum mönnum. Ég og vinnufélaginn létum okkur hverfa út í nóttina í fyrri fallinu. Hugsa að eftirleiðis munum við láta okkur að nægja að heilsast vandræðalega í vinnunni.



„Þetta verk eftir bandaríska listamanninn Derian hefur fylgt okkur lengi en í dag er afar erfitt að fá verk eftir hann. Ég er algerlega heilluð af því og safna gjarnan hlutum í sama stíl.“



„Ég eignaðist þessa yndislegu bangsa eftir frönsku listakonuna Natalie Lete nýverið en þeir eru í miklu uppáhaldi hjá mér í augnablikinu.“



„Ég elska hálsmen af öllum stærðum og gerðum. Þetta hálsmen fékk ég nýlega en það frá Soniu Rykiel. Það er í hvað mestu uppáhaldi hjá mér þessa dagana því það er svo sumarlegt.“

**TOPP 10**

„Ég er veik fyrir töskum þó ég safni þeim ekki beint. Þetta er nýjasta taskan mín frá Soniu Rykiel, ég get setið og horft á hana og dáðst að fegurð hennar. Hún er eins og listaverk.“



„Dagbókin mín fylgir mér hvert sem ég fer. Ég gerði dagbókina mína sjálf. Ég set allt inn í dagbókina mína.“



## Þórunn Edda Anspach eigandi Kisunnar



„Þetta listaverk eftir Ólöfu Nordal hefur mikið tilfinningalegt gildi fyrir okkur hjónin en þetta er fyrsta listaverkið sem við keyptum á Íslandi eftir að við fluttum hingað.“



„Nýjasta klippimyndin mín þar sem Högna mamma mín og Andrea frænka og góð vinkona hennar eru í aðalhlutverki. Fyrir mér er þessi mynd allt um Vestmannaeyjar en sá staður er mér afar hjartfólginn.“

## Borgin mín: BARCELONA

BJARNEY HINRIKSDÓTTIR, grafískur hönnuður á Hvíta húsinu

**MORGUNMATURINN:** Café con leche og croissant á kaffihúsi í Born-hverfinu.

**SKYNDIBITINN:** Patatas Bravas og bjór.

**LÍKAMSRÆKTIN:** Sund í ólympiulauginni og salsa.

**BEST VIÐ BORGINA:** Nálægðin við sjóinn, alþjóðleikinn, veðrið, stemningin, maturinn, almenningsgarðarnir, kaffihúsin, tapasstaðirnir, fólkið, metrokerfið, Gaudi, söfnin, fót-boltaliðið ...

**UPPÁHALDS-VERSLUNIN:** Úti-markaðir.



**BEST GEYMDA LEYND-ARMÁLID:** Ciutadella-garðurinn á sunnudögum, barirnir í Ravall-hverfinu.

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:** Alls staðar nema á Römbliunni ...



„Eftirlætis húsgagnið á heiminu, hægindastóll eftir Hans Wagner, hannaður í kringum 1950 en við keyptum hann í Kaupmannahöfn á sínum tíma.“



„Ég elska að taka ljósmyndir og þá sérstaklega á poloroid-vélina mína. Ég hengi myndirnar síðan upp á vegg og nýt þess að horfa á þær hvern einasta dag.“



„Sumarlegur fjóluilmur sem minnir mig svo á París. Hann er frá Annick Goutal og heitir „La violette“. Hann minnir mig á sælgæti sem ég fékk þegar ég var að alast upp.“



## Ný garnsending frá Garnstudio



Dalvegi 18, Kóp. sími 5686500 www.fondra.is



# EFØYefnarafall

hljóðlaus - umhverfisvænn - fisléttur

Bylting í framleiðslu rafmagns fyrir húsbíla, hjólhýsi, fellihýsi og sumarhús.



Verið frjálst og óháð í ferðalaginu.



Alltaf til taks, allan sólarhringinn.



Rafmagnsvandamál úr sögunni.

## RAFORKA, ALLTAF, ALLSSTAÐAR

- Fullkomin, alsjálfvirk hleðslustýring sem stöðugt vaktar rafgeyma og sér um að halda þeim í hleðslu allt árið.
- Notar metanól til rafmagnsframleiðslu.
- Vinnur mjög vel með sólarrafhlöðum.
- Ísetning afar einföld og auðveld.

Eigum örfá tæki á lager á gengi frá janúar 2008



Njótið allra þæginda að heiman, í ferðalaginu.

Við eigum allan rafbúnað sem þig vantar í ferðavagninn



Hágæða, þýskar sólarrafhlöður.  
Fáanlegar í setti með öllu tilheyrandi.



AGM Rafgeymar.  
Sérstaklega hannaðir fyrir notkun í ferðavögnum.



12V í 230V spennubreytar  
230 Volta SINUS spenna fyrir öll 230V raftæki.



Hleðslutæki  
Mælar/rofar  
og margt fleira.

## Fjarorka ehf.

Græn orka er okkar fag

Eiðistorgi 17, 170 Seltjarnarnes, sími 5785566

# SUMMAR TILBOÐ

## TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Í MIKLU ÚRVALI

**500GB**  
7200RPM - 32MB BUFFER  
**9.990**  
SEAGATE HARÐUR  
DISKUR Á BESTA  
VERÐI Í BÆNUM



**32MB  
BUFFER  
SATA2 NCQ**



**25DVD  
DISKAR**

25 STK Verbatim  
16x DVD+R diskar  
Hvergi á betra verði!


**1.490**



**2GB  
MINNISLYKILL**

Flottir Disney minnis-  
lyklar með ól, eru líka  
handhæg lykklappa

**1.990**



**FARTÖLVA**

- Intel Celeron M540 1.86GHz
- 1GB DDR2 667MHz minni
- 80GB 5400RPM diskur
- 15.4" WideScreen skjár
- Vista Home Basic
- Hvergi á betra verði!

**53.900**

STÚTFULLUR 8BLS  
BÆKLINGUR AF  
SPENNANDI  
TILBOÐUM



**OPNUNARTÍMAR**

**Virka daga**  
10:00 - 18:30  
**Laugardaga**  
11:00 - 16:00



# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • [www.tolvutek.is](http://www.tolvutek.is)

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldbæði með hægstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Þitt með fyrirvara um breytingar og villur



**0-250 þús.**



VW Golf '04 yfirtaka! Undir listaverði. Upplýsingar í síma 691 1631, Bjössu.

Nissan Primera, árg. '98. V. 60 þ. S. 896 2552.

**250-499 þús.**



Til sölu Ford Econoline 350 árg 1990 á 38" nýjum dekkjum verðhugm 600þús. Uppl í síma 8982644

**500-999 þús.**

Til sölu Ford Focus 1600. Skráður 06.04.2004, svartur, beinskiftur á álfelgum. Góður bíll sem fæst á tilboðsverði 990.000 krónur staðgreitt. Uppl. í síma 6969518 og 4338714

**2 milljónir +**



Fæst gegn yfirtöku á láni!!!! Til sölu Subaru Legacy árgerð 2007 ekinn 21 þús.km grár. Sumar- og vetrardekk á 17 tommu álfelgum. Sími 869 8132.



S.Legacy '06 ek. 28 þ. 4x4. S+v dekk. V. 2,5 Aath skipti. S. 856 7481.

**TOYOTA HIGHLANDER HYBRID**

270hp - 7,5L/100km!  
10% afbætur - Einsak. ábyrgð

**islandus.com**  
www.islandus.com - Sími 552 2000

Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 5522000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com

**Bílar óskast**

Ódýr bifreið óskast! Má þarfnast smá aðhl. Stgr. ca. 25-60 þ. S. 844 6609.

Óska eftir ódýrum bíl frá 20-60 þús. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 699 2707.

**Jeppar**

**LAGERSALA JEPPIAR**

Fáðu Betra Tilboð!  
10% afbætur - Einsak. ábyrgð

**islandus.com**  
www.islandus.com - Sími 552 2000

Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Ford Explorer frá 2790þús, Dodge Durango frá 2790þús, Jeep Grand Cherokee frá 2590þús, Toyota Highlander frá 3100þús, Landrover LR3 Discovery frá 5690þús, Benz ML350 frá 5350þús, Audi Q7 frá 5750þús, VW Touareg frá 4750þús. Sími 5522000. www.islandus.com



Toyota LandCruiser 90 árg. '97 dísel, ssk., ek. 260 þ. Nýtt hedd & vatnskassi, afturöxlur & legur. Ný dekk. V. 1200 þ. Skoða skipti á ód. jeppa. Uppl. í s. 892 4305.



Ford F-350 King Ranch 09/07 ek. 15 þús. Verð 4.950 þús. Lán 4.400þús S. 896 4561.



Nissan Terrano II eitt glæsilegasta eintak landsins. Ek. 140 þ. Nýskoðaður. 33" upphækkun. Ný dekk, kúpling og bremsur að aftan. Stgr. tilboð. S. 698 7040 & 864 7849.

**Fornbílar**



Buick '55 Special. Þarf að dúlla aðeins í en í þokkalegu lagi. Verð 990 þ. Uppl. í s. 844 5222.

**Pallbílar**



Passar beint á Dodge Dakota og sam-bærilega bíla. Vel með farið og flott Verð 80.000. Uppl. í s. 660 2855.

**LAGERSALA Pallbílar**

Fáðu Betra Tilboð!  
10% afbætur - Einsak. ábyrgð

**islandus.com**  
www.islandus.com - Sími 552 2000

Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008. Ford CREW F150 frá 2450þús, Ford F350 DIESEL frá 3390þús, Dodge RAM 1500 frá 2300þús, Dodge RAM DIESEL frá 3290þús, Toyota Tacoma frá 2990þús, Toyota Tundra frá 3090þús. Sími 5522000. www.islandus.com

**Sendibílar**



Toyota Hiace bensín stuttur, árg '01, ek. 106 þús., dráttarbeisli, sk. '09. Verð 770 þús. Uppl. í s. 820 3880.

**Vörubílar**



Til sölu hjá Óliudreifingu 4x4 MAN 19.414 árg. 2000 4x4 MAN 19.364 árg. 2000 4x2 MAN árg. 2001 6x2 MAN 24.464 árg. 2001 3 öxla tank festivagn með tjón á tanki. 4x2 Volvo FL 10 árg. 1991 eftir tjón  
Bifreiðarnar eru til sýnis hjá Óliudreifingu á Gelgjutanga v / kleppsmýrarveg Upplýsingar í síma 550 9946 & 860 6884



Til sölu Scania 124G 420 árg. '00 með Hiab 220C5 '04. Stóll undir palli og gámalásar í palli. V. 11,2 millj. Uppl. í s. 894 1705.

**SÝNINGAR**

**Verktakar • Sumarhúsaeygendur • Bændur**

# Sýning á Yuchai smágröfum og kerrum

Komið og prófið vélarnar föstudaginn 16. maí frá kl. 12 - 19

Ódýrustu vélarnar á markaðunum 100.000 krónu lækkun frá síðasta ári!

Yuchai smágröfur • Perkins – Kubota mótur • Breikkanlegur undirvagn  
Bridgestone beltí • Hraðtengi • Tiltskóflur • Stauraborar  
Ódýrar galvaniseraðar slískjukerrur með Flexitor fjöðrun og bremsum

**VÉLAR: ÞJÓNUSTA**  
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

**Bilamarkaðurinn sími 567-1800**

Örugg viðskipti frá 1974 í 34 ár!

**Úrval hjólhýsa**

**www.bbvf.is**

Úrval hjólhýsa á skrá og á staðnum www.bbvf.is

**Vroooooom Vroooooom**

Porsche 911 Carrera 2 964 Vroooooom Vroooooom

Tilboð 1.390 þ.kr

Raðnr: 210141

Honda Stream 2.0 01/04 eyðslugrannur Tilboð 1.390

Raðnr: 132421

Lincoln Mark II 4WD '06 Algjör gullmoli Tilboð 3.5mkr

Raðnr: 143258

Made in USA

Chevrolet Trailblazer '05 ek 65 þkm Verð 3.390 þkr.

Lán + 95 þ.kr út

Raðnr: 142571

Toyota Rav L Diesel 09/05 Tilboð: Lán + 95þ.kr út

á hvílandi 4.9mkr

Raðnr: 143098

Nissan Patrol 24þkm 01/07 ek: 25 þ.km Verð 5.890 þkr.

Við erum "Fim-heitir"

Sveinbjörn Eróstur Óskar

Það er gott að kaupa bíl í Kópavogi..... Smiðjuvegi 46 gul gata

s: 567-1800

Líklega stærsta bílaskráin á netinu 1591 bílar á skrá og ört stækkandi

**www.bbvf.is**

**Bilamarkaðurinn**

BLAK OG VAGNAR







## Fasteignablaðið

Sími:

512  
5469694  
4103Ruth Bergs  
ruth@365.isGefðu  
vatnHjálparstarf  
kirkjunnar  
www.hjelp.is

## ATVINNUHÚSNÆÐI

STÓRAR INNKEYRSLUDYR OG GÓÐ LOFTHÆÐ

Til leigu 400-1000 m<sup>2</sup> atvinnuhúsæði á Dalvegi 24.  
Stórar innkeyrsludyr og góð lofthæð.

Upplýsingar hjá Birgi í síma 690 6001.


**Rentus**  
LEIGUMIÐLUN

## Óskast til leigu

Óskum eftir 4-5 herbergja íbúð til leigu fyrir fjársterkan aðila. Íbúðin þarf að vera á jarðhæð eða rað/parhús til langtímaleigu helst á svæði 203 en einnig kemur 202 og 201 Kópavogur til greina.

Halldór Jónsson  
halldor@rentus.is  
gsm 840 2100Rentus leigumiðlun | Laugavegi 97 | 101 Reykjavík  
Sími 440 6100 | Fax 440 6101

www.rentus.is

## Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera

Þú færð Blaðberann þinn í Skafahlíð 24, alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... góður frestir fyrir umhverfið

**KLETTUR**  
FASTEIGNASALA
3 glæsilegar íbúðir  
til sölu í Kópavogi!

## Erlent lán að hluta

Greiðslubyrði frá  
144 þúsund á mánuði

Lágt vaxtastig

95% lán

Einstakt tækifæri til að eignast íbúð í stað þess að leigja

Innréttingar frá HTH

Vandað parket frá Harðviðarval

Ný heimilistæki frá B.Ormsson

Mikið skápláss í herbergjum og anddyri

Baðherbergi bæði með sturtu og baðkari

Þvottahús í íbúð og góð geymsla í kjallara

Órstutt í leikskóla og skóla

## Lausar strax

Lúxus íbúðir í Hörðukór 3

4 herbergja 116 - 126 fm<sup>2</sup>

Íbúðirnar eru með stórum svölum og útsýni yfir Elliðavatnið.

svava@klettur.is

Gsm: 898 3023

## ATVINNA

## VANTAR ÞIG

SMÍÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN  
EÐA HJÚKRUNARFRÆÐINGA?Höfum á skrá fólk sem að óskar eftir mikilli vinnu.  
Getur hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000

**VERKTAKAR**  
**MAGNI**
Vantar verkamenn til starfa strax  
Mikil vinna framundan

Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100

**FERSKAR** **KJÖTVÖRUR**
Bílstjóri  
SumarstarfOkkur hjá Ferskum Kjötvörum  
vantar hressan og dugmikinn  
starfsmann í útkeyrslu .Nánari upplýsingar veitir  
Ingibjörn s:6606320Upplýsingar um fyrirtækið  
er að finna á  
heimsíðu þess

www.ferskar.is

**FERSKAR** **KJÖTVÖRUR**


REYKJANESBÆR

Tjarnargötu 12 • Póstfang 230 • S: 421 6700 • Fax: 421 4667 • reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

## LAUS STÖRF Í AKURSKÓLA

BÖRN ERU GLEÐIGJAFAR, SKAPANDI OG FRÓÐLEIKSFÚS

Reykjanesbær auglýsir stöður kennara við Akurskóla.

Í Akurskóla er lögð áhersla á náttúruvísindi, fjölbreytta kennsluhætti og teymisvinnu kennara.

Akurskóli er að ljúka sínu þriðja starfsári. Við skólann starfar kraftmikill hópur starfsmanna sem hefur unnið að mótun skólustarfsins með þátttöku foreldra.

Umhverfi skólans býður upp á áhugaverða náttúruvísindakennslu og rannsóknarvinnu því mikil náttúrufræðingur með fjölbreyttu dýralífi er í næsta nágrenni hans. Einnig eru þar forn mannvirki sem eiga sér merka sögu. Vegna fjölgunar nemenda við skólann næsta skólaár eru eftirfarandi stöður lausar til umsóknar:

Umsjónarkennsla á yngsta stigi og miðstigi  
Tungumálakennsla í ensku og dönsku á unglíngastigi  
Kennsla í heimilisfræði  
Kennsla í hönnun – smíði  
Staða sérkennara og þroskaþjálfara

Nánari upplýsingar gefur Jónína Ágústsdóttir skólastjóri í síma 420 4550 og 893 4550.


Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknir skulu berast til Akurskóla, Tjarnabraut 5, 260 Reykjanesbæ. Einnig er hægt að sækja um rafrænt á upplýsingavef Reykjanesbæjar: [reykjanesbaer.is](http://reykjanesbaer.is).Netfang Akurskóla er [akurskoli@akurskoli.is](mailto:akurskoli@akurskoli.is). Veffang skólans er [akurskoli.is](http://akurskoli.is).

Starfsþróunarstjóri.

Fræðsluvið

... [reykjanesbaer.is](http://reykjanesbaer.is)

➤ **Allt að 80% fjármögnun**



**Kauptu notaðan bíl  
hjá Brimborg í dag**

**Allur v  
skattu**

*Opið í dag  
frá kl. 9 til 18*

**Í dag  
Í dag  
Í dag**

GC GROUP | GREY | ALJANNAKENSIL

**Í dag** Brimborg  
afnemur ígildi vaskisins  
af öllum notuðum bílum  
til klukkan 18

# Virðisauka- rinn burt

**Allt að 80%  
fjármögnun**



Brimborg afnemur ígildi virðisaukaskattsins af öllum notuðum bílum í dag til kl. 18. Komdu í Brimborg og kaupu þér nýjan notaðan bíl á frábæru verði.

**Komdu í kaffi og kleinur**

*Smelltu á [notadir.brimborg.is](http://notadir.brimborg.is) og veldu nýjan notaðan bíl - farðu síðan á [bgs.is](http://bgs.is) og sannreynðu tilboð dagsins í dag.*

*Komdu í Brimborg*



Öruggur staður til að vera á





# LAGERSALA

---

# MIKILL AFSLÁTTUR

**KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP.  
OPIÐ MÁN-LAU FRÁ KL. 12-18.**

**ASKALIND 1, KÓPAVOGI.**  
(gamla Habitat húsið)



# TVÆR GÓÐAR

GAGNRÝNENDUR OG  
ÁHORFENDUR ERU Á EINU MÁLI

PANTAÐU  
MÍÐA  
NÚNA!

## DAUÐASYNDIRNAR

GUÐDÓMLEGUR GLEÐILEIKUR

LAUSLEGA BYGGT Á VERKI DANTE ALIGHIERI

„Ég var alveg orðin  
tvöföld í sætinu af hlátri  
...  
... sýningin er dýrleg  
leikhúsreynsla ...”

Silja Aðalsteinsdóttir  
Tímarit Máls og menningar (tmm.is)

„Allur frágangur á  
sýningunni er fyrsta  
flokks.  
...Ekki missa af  
Dauðasyndunum.”

Páll Baldvín Baldvínsson  
Fréttablaðið



Fréttablaðið



TAKMARKAÐUR  
SÝNINGAFJÖLDI

## GÍTARLEIKARARNIR

HLÝLEGUR GAMANLEIKUR EFTIR LINE KNUTZON

„Það var gaman að sjá  
þennan leikarahóp að  
störfum ...”

Páll Baldvín Baldvínsson  
Fréttablaðið

„Leikararnir fjórir  
eru hverjir öðrum betri  
...”

Arndís Þórarinsdóttir  
24 stundir



DV



SÍÐUSTU  
SÝNINGAR

Míðasala í síma 568 8000  
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

## STUÐ MILLI STRÍÐA Dr. Verðvitund

ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON HLUSTAR ALLTAF Á DOKTORINN SINN



Ég hef lengi verið aðdáandi Dr. Gunna. Þegar hann gaf út plötuna Abbababb fyrir rúmum áratug tók ég manninn nánast í guðatölu. Síðan þá hef ég vaxið úr grasi og aðrir hlutir farið að hafa áhrif á líf mitt. Nú fæ ég gluggaumslög í póstinum, versla í matinn og tek bensín á bílinn. Doktorinn hefur fylgt þessari þróun minni vel eftir. Eins og ég veltist um af hlátri yfir Prumpu-laginu á sínum tíma þá glotti ég núna út í annað þegar ég les hinar frábæru frásagnir doktorsins af okri á Íslandi. Dr. Gunni hefur

nefnilega einstakt lag á að vekja fólk til umhugsunar en þó á kómískan hátt. Það gladdi mig því þegar hann hlaut á dögnum Íslensku neytendaverðlaunin, enda mikil þörf á samfélagsrýni af þessu tagi og fáir betur að verðlaununum komnir.

Það er ótrúlegt hvað við látum stundum bjóða okkur. Ég held að það sé líka miklu auðveldara að selja okkur vörur á uppsprengdu verði í samfélagi sem byggist á plastkortum og þar sem peningar eru sjaldséðir. Ég nota kort mjög sjaldan og tek því betur eftir því hvað ég er að borga. Þegar ég þarf að telja hvern þúsundkallinn á eftir öðrum í hendurnar á kaupmanninum brosandir finn ég veru-

lega fyrir því og á annan hátt en þegar kortinu er rennt á einni sekúndu í gegnum posann. Eftir að ég henti kortinu held ég líka miklu betur utan um veskið og verð stundum bara reiður þegar mér finnst verðmiðarnir nánast ókurt-eisir.

Hið súrrealíska verðlag hér á landi er nefnilega ekki bara skapað af kaupmönnum, heildsölum og innflytjendum heldur samfélaginu öllu. Það er okkar að vera á verði og segja nei þegar okkur misbýður. Ef við borgum bara með brosi á vör er ekki von á öðru en að verðið hækkir. Það er vonandi að fólk taki doktorinn sér til fyrirmyndar, enda á maður að fara að ráðum doktorsins.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Opnum nýjan stað að Ánanaustum 15

við hliðina á Bónusvideo, áður Dominos



## Afmælis tilboð

**3** ára

**TVENNA**  
2 x 16" pizzur  
brauðstangir,  
2 L Pepsi og poki af  
Lays snakki

**2950**

16" pizza  
m. 2 áleggsteg.  
2 L Pepsi og  
poki af Lays snakki

**1590**

16" pizza  
m. 2 áleggsteg.  
ostabrauðstangir,  
2 L Pepsi og poki af  
Lays snakki

**1990**



**3 staðir 1 símanúmer**

# 581 15 15

Gnoðarvogi 44 - Ánanaust 15 og Eddufelli 6

Bestu pizzur á Íslandi skv. matgæðingum DV

Klipptu út hornið og komdu með það þegar  
þú sækir og fæðu 1 poka af Lays  
(meðan birgðir endast)



**FRÍTT**



### Kl. 15

Kynlífssérfræðingurinn góðkunnir dr. Ruth Ártar bækur sínar í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu í dag kl. 15, en hún tekur, sem kunnugt er, þátt í Tilraunamaraboninu sem þar fer fram í dag og á sunnudag. Þeir sem ekki eiga bækur hennar þurfa ekki að örvænta; þær verða seldar á staðnum.

# menning

menning@frettabladid.is

## Tréverk og listahátíð barna

Listasafn Reykjanesháskóla tekur nú í fyrsta sinn þátt í Listahátíð í Reykjavík. Sýningin sem listasafnið teflir fram nefnist Þríviður og er samsýning þeirra Hannesar Lárussonar, Guðjóns Ketilssonar og Helga Hjaltalíns Eyjólfssonar, en þeir eiga það sameiginlegt að vinna mikið með skulptúra og innsetningar og að nota trjávið í miklum mæli við gerð verka sinna. Meðhöndlun listamannanna á þessum ævagamla efniviði er ansi fjölbreytt, en áherslur þeirra bera þó keim af hugmyndalist og félagslega meðvitaðri myndlist síðari ára. Á sýningunni er verkum þeirra stillt upp þannig að þau kallast á og kveikja neista hvert af öðru. Um leið er greinast fyrir um hlutverk trjáviðar í íslensku myndlist og tengslin við útskurðarlist fortíðar. Sýningarstjóri er Aðalsteinn Ingólfsson. Sýningin verður opnuð á sunnudagskvöld kl. 20 og stendur fram til 18. ágúst.

En listahátíðin í Reykjavík er ekki sú eina sem hefst nú um helgina; Listasafn Reykjanesháskóla hefur í samvinnu við sex leikskóla þar í bæ



UNNIÐ MED TRÉ Frá sýningunni Þríviður í Listasafni Reykjanesháskóla.

verða svo skipulagðar uppkomur fyrir og eftir hádegi með leik og söng í umsjá ofantaldra leikskóla og er öllum heimilt að koma og skemmta sér á meðan húsrúm leyfir. Uppakomurnar verða kl. 10.30 og 13.30 og fara fram í Gryfjunni í Duushúsum. Myndlistarsýningin í Bíósal stendur til 26. maí.

## Þrjár í Gerðarsafni

Samsýningin Tværogein verður opnuð í Gerðarsafni á morgun. Það eru Kristín Geirsdóttir málari,



GERÐARSAFNI Hýsir sýninguna Tværogein.

Ólöf Einarasdóttir textillistamaður og Kristín Gardarsdóttir leirlistamaður sem sýna þar verk sín. Við fyrstu sýn vinna þær verk sín í ólíka miðla, en þó er ýmsa snertifleti að finna þegar betur er að gáð. Fegurð og snerting eru mikilvægur hluti af verkum þeirra þriggja og í handbragðinu kemur fram að allar þrjár eru í sterkum tengslum við gamlar hefðir en hafa engu síður unnið úr straumum og stefnum í samtímanum, hver á sinn hátt.



HÚSI KOMIÐ FYRIR Halldór Úlfarsson í Tjörninni ásamt Atlantis.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Geirmundur Valtýsson í kvöld**  
Fjölbreyttur sérreittasedill og tilbodsmatsedill á leikfúsakvöldum

**GÍTARINN**  
HLJÓDFÆRAVERSLUN

**Stagg**  
Þjóðlagagítar

Poki, Ól, Stilliflauta, Auka Strengjasett, eMedia geisladiskur.

**Kr. 14.900**

Fáanlegir Litir: Viðarlitaður, Sunburst, Svartur, Blár.

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125  
www.gitarinn.is

## Það er hús í tjörninni!

Eitt er það verk á Listahátíð í Reykjavík í ár sem líklega á eftir að vekja mikla athygli og umræðu meðal almennings, enda staðsetning þess með eindæmum góð. Hér er átt við verkið Atlantis; lítið hús sem komið hefur verið fyrir í Reykjavíkurtjörn. Höfundar þess eru listamennirnir Tea Mäkipää og Halldór Úlfarsson.

„Það er spennandi að sjá áhrifin sem það hefur á fólk þegar það rekst á kunnugt form, til dæmis hús, við framandi aðstæður, til dæmis úti í vatni,“ segir Halldór. „Við höfum sýnt þetta verk áður, í Finnlandi, og þar vakti það furðu áhorfenda, en einnig ónotatilfinningu. Til að auka á hughrifin reynum við að staðfæra húsið þannig að það passi við byggingarlistina á þeim stað sem við sýnum á; þannig var húsið sem við sýndum í Finnlandi afar idyllískt og finnskt, en húsið í Reykjavíkurtjörn gæti verið hús úr Þingholtunum.“

Ónotatilfinningin sem fylgir því að virða heimilislegt húsið fyrir sér, hálf í kafi, reynist á rökum reist, enda segir Halldór verkinu ætlað að minna okkur á eigin dauðleika og þá ábyrgð sem fylgir ákvarðanatöku okkar. „Þetta er klárlega

heimsendaverk, hreinlega í stíl Gamla testamentsins. Það má vel vera að ýmsum þyki framkvæmdin sniðug eða flippuð, en inntak verksins er í raun það að við veljum okkur framtíð og að í augnblikinu er mannkynið á heljarþróm sökum lífsvenja sinna og neyslu. Ef við höldum áfram á sömu braut þá er tortíming ein yfirvofandi. Verkið er þannig líka áminning um dauðleika okkar allra, en dauðleikinn er einmitt eitt af mínum persónulegu áhugamálum.“

Tea tekur í svipaðan streng og Halldór, þó að örlítið meiri vonargætu megi finna í orðum hennar. „Atlantis fjallar í hnotskurn um gróðurhúsaáhrifin. Það er fjöldi staða í heiminum þar sem áhrif okkar á umhverfið eru þegar orðin ljós; þar hafa hamfarir dunið yfir og fólk er smátt og smátt að gera sér grein fyrir hversu berskjölduð við erum í raun og veru gagnvart slíku ofurefli. Því er tímabært að við förum öll að hugsa okkar gang.“

Hlýlegt húsið í tjörninni sem vinalegar endur svamla hringinn í kring um færir okkur því heldur núturlagan boðskap. En það verður Reykvikingum nýstárleg reynsla að baða sig í sumarsólinni í miðbæ borgarinnar, með is í hendi og fá um leið tækifæri til að íhuga endalok mannkyns.

vigdis@frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 15. MAÍ KL. 20  
FIÐLUTÓNLEIKAR - LHÍ  
GRETA SALÓME STEFÁNSDÓTTIR

FÖSTUDAGUR 16. MAÍ  
KL.19 OG KL.21  
LAUGARDAGUR 17. MAÍ  
KL.19 OG KL.21

HVERS VIRÐI ER ÉG?  
NÝR GAMANLEIKUR ÚR SMÍÐJU  
BJARNA HAUKS ÞÓRSSONAR.  
ÖRFÁ SÆTI LAUS!

LAUGARDAGUR 17. MAÍ  
KL.8:30-16  
MARAPONTÓNLEIKAR  
KÁRSNESKÓRANNA VOR 2008  
KAFFIHLAÐBORBÖÐ ALLAN DAGINN

ÞRIÐJUDAGUR 20. MAÍ  
KL.17 PÍANÓTÓNLEIKAR – LHÍ  
GUNNAR GUÐJÓNSSON  
KL.20 FIÐLUTÓNLEIKAR – LHÍ  
HULDA JÓNSDÓTTIR

## Horfin náttúra og heimilið

Tvær sýningar verða opnaðar í listamannahúsinu StartArt, Laugavegi 12b, í dag og eru að sjálfsögðu hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík.

Myndlistarkonan Rúrí, sem var fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum árið 2003, opnar sýningu sem nefnist Sökkvun. Títilverk sýningarinnar var upprunalega unnið fyrir listahátíðina Ars Electronica-2007 í Linz í Austurríki og er nýjasta verkið í röð Rúríar, Endangered Waters. Verkið er lofsöngur til fallvatns en um leið ámælisdómur yfir þeirri eyðileggingu sem maðurinn orsakar í nafni framfara. Sökkvun er myndbandsinnsetning á nokkrum skjáum þar sem viðfangsefnið er Töfrafoss og hið einstaka vistkerfi umhverfis hann, sem nýlega hvarf undir hækandi yfirborð risavaxins uppistöðulóns, einn fjölmargra fossa sem orðið hafa fórnarlömb



SÖKKVUN Rúrí hvarf virkjanafarmkvæmdir.

þessarar framrásar tækninnar. Rúrí kys að nota íslensku fossana sem staðbundni sýnidæmi um þá hættu sem stöðjar náttúrunni víða um heim.

Á sama tíma verður opnuð í öðru rými hússins sýning sem ber heitið Heima, en á henni eiga verk þær Anna Eyjólfsdóttir, Ása Ólafsdóttir, Magdalena Margrét Kjartansdóttir, Ragnhildur Stefánsdóttir, Þórdís Alda Sigurðardóttir og Þuríður Sigurðardóttir.

- vþ



# BOB DYLAN & JAMES BLUNT

Stórstirnin Bob Dylan  
og James Blunt eru  
á leiðinni til landsins

Af því tilefni færðu  
flesta diska Bob Dylan  
og alla diska James Blunt  
með 30% afslætti í Skífunni.

Kringlunni

Smáralind

Laugavegi

Leifsstöð





KAMMERKÓR LANGHOLTSKIRKJU Tekur þátt í stórtónleikum í kirkjunni á sunnudagskvöld.

## Fjórir kórar syngja saman

Sannkallaðir stórtónleikar fara fram á vegum Listafélags Langholtskirkju á sunnudagskvöld kl. 20, en þá munu allir kórar kirkjunnar koma fram og flytja fjölbreytt verk ásamt hljómsveit.

Kór Langholtskirkju flytur messuna Misa Criolla eftir argentínska tónskáldið Ariel Ramírez. Verkið var samið árið 1964 og hefur síðan þá farið sigurför um heiminn, enda aðgengilegt þar sem að það fellur einhvers staðar á milli götutónlistar og sigildrar tónlistar. Verkið er flutt á spænsku og er í senn tilfinningaþrungin og leikandi létt. Við flutning verksins leggja einsöngvararnir Einar Clausen og Oddur Arnþór Jónsson kórnum lið.

Kammerkór Langholtskirkju flytur útsetningar King Singers og Real Group á lögnum Michelle og Chili con Carne sem slógu sannarlega í gegn í flutningi kórnsins nú fyrr í vetur.

Stúlknakórinn Graduale Nobili syngur Vókalsú eftir Hildigunni Rúnarsdóttur og Ég vil lofa eina þá eftir Báru Grímsdóttur og hinn margverðlaunaði barnakór Langholtskirkju flytur Salve Regina eftir Javier Busto og Gloria eftir Micahel Bojesen.

Tónleikunum lýkur svo á sam-eiginlegum flutningi allra kóranna á verkinu How Lovely Is Thy Dwelling Place eftir Michael Bojesen frá árinu 2002, en um frumflutning hérlendis er að ræða. Tónverkið er fyrir fimm mismunandi tegundir kóra; barnakór, stúlknakór, kammerkór, blandaðan kór og rytmískan kór ásamt strengjakvintett, blásarakvintett og slagverki. Tónverkið er í fimm hlutum og tengjast þeir með hljómsveitarköflum. Textar verksins eru úr Davíðssálmum og úr Songs of Innocence and of Experience frá árinu 1794 eftir enska skáldið og listmálarann William Blake. -vp

## Króatía í Reykjavík

Í húsakynnum Orkuveitunnar að Bæjarhálsi 1 er starfrækt sýningarrýmið Gallerí 100°. Eins og sýningarrýmum sæmir um þessar mundir tekur Gallerí 100° virkan þátt í Listahátíð í Reykjavík með sýningunni Welcome - Samtímalist frá Króatíu sem opnuð verður í dag. Sýningarstjóri er Radmila-Iva Jankovic.

Á sýningunni gefur að líta fjölbreytt verk, til að mynda myndbandainnsetningar, ljósmyndir og gjörninga eftir fimm listamenn, þau Antun Maracic, Toni Meštrovic, Siniša Labrovic, Tanja Dabo og Slaven Tolj, sem hafa sum hver verið virk í listalífi heimalands síns frá áttunda áratug síðustu aldar.

Þau vinna með viðfangsefni sem brenna á króatísku samfélagi og leitast við að eyða ríkjandi staðalmyndum af þessu landi, sem á alþjóðavísu er einkum þekkt sem ferðamannaland.

Hér gefst því höfuðborgarbúum, sem og öðrum sem leið eiga um borgina, fágætur kostur á að kynnst króatískum samtíma.



FRÁ ÖÐRU SJÓNARHORNIN Sýning á króatískri samtímalist verður opnuð í Gallerí 100° í dag.

## Börn með myndavélar

Heldur óvenjuleg ljósmyndasýning verður opnuð í Borgarleikhúsinu í dag á vegum Listahátíðar í Reykjavík. Forsaga sýningarinnar, sem nefnist Fimm, er sú að árið 2006 dreifði Hálfán Pedersen einnota ljósmyndavélum til allra fimm ára barna á leikskólum í öllum bæjar- og sveitarfélögum á Íslandi. Markmiðið með framtakinu var að hvetja leikskólabörnin til að reyna sig við ljósmyndun og listsköpun almennt.

Börn upplifa augnablikið forðumalaust og reyna ekki að ráða í dýpri merkingu þess. Þar af leiðandi einkennast ljósmyndir barna af frjálslleika og tærri sýn, sem verður svo aftur listrænt heillandi í augum fullorðinna listunnenda. Hvert barn fékk afnot af einnota vél í eina viku, eða þar til filman, sem innihélt 27 myndir, kláraðist. Myndirnar sem fengust úr þessu verkefni eru heimild barnanna um Ísland samtímans, þau fengu frjálsl-



SÝN BARNINS Ein af ljósmyndunum á sýningunni Fimm.

ar hendir við listsköpun sína og voru laus við afskipti fullorðinna.

Skiljanlega fékkst gríðarlegur fjöldi mynda úr þessu framtaki og því var mikið verk að þurfa að velja úr þær fimmtíu myndir sem

sjá má á sýningunni Fimm. Meðfram sýningunni kemur út bók sem inniheldur 250 af ljósmyndum barnanna og ljær verkefni menningarlegt, sögulegt og listrænt gildi. -vp

## Heilbrigður lífsstíll á stóran þátt í góðum árangri

Besta leiðin til að halda góðu formi er að temja sér heilbrigðan lífsstíll með vel samsettu mataræði og daglegri hreyfingu. Með því að borða staðgóðan morgunmat færðu strax næringarefni í kroppinn og brennslan fer í gang. Það dregur úr líkum á því að þyngjast og skerpir einbeitinguna. Í Kellogg's Special K færðu 6 nauðsynleg B-vítamín sem hjálpa þér að nýta orku úr fæðunni og auk þess C- og D-vítamín, járn og prótín.



FLITON/SIA F1024291



### Mig langar til að ...

...standa mig vel á Ólympíuleikumum. Ég hef verið dugleg að slá met að undanförunu og hlakka mikið til að fara á Ólympíuleikana og gera enn betur. Reglulegar máltíðir og nægur svefn eru lykilatriði fyrir mig til að ná góðum árangri.

Erla Dögg Haraldsdóttir, nemi og sundkona

Kellogg's  
Special  
K

specialk.is

# Upplifðu dansstemninguna með þeim bestu á Dansfestivali DanceCenter Reykjavík 30. og 31. maí!



Dan Karaty




Shane Sparks



Sabra Johnson



Danny Tidewell



Hefur hlotið American Dance Music Awards og MTV Awards!



## Dansfestival 2008



### **SJÓÐHEITIR DANSTÍMAR** hjá Laurie Ann Gibson danshöfundi Honey

Laurie Ann hefur fyrir löngu skapað sér nafn í dansheiminum í Bandaríkjunum og hefur m.a. samið fyrir **Puff Daddy** (Making The Band á MTV), **Jude Law** í **Alfie**, **Madonna**, **Missy Elliott**, **Aliciu Keys**, **Brandy** o.fl. Þá er Laurie Ann mikil fagmanneskja og útskrifaðist frá Alvin Ailey Dance School.

### **Laurie Ann Gibson í maí!**

Föstudaginn 30. maí og laugardaginn 31. maí í Ípróttu- og sýningarhöllinni í Laugardal - og danspartý í lokin!

**Sabra Johnson í ágúst!**  
**Danny Tidewell í nóvember!**

**100% skemmtun lofað!!! - námskeiðin eru fyrir ALLA!**

**Tryggðu þér sæti og skráðu þig strax!**

Seinast komust færri að en vildu

Skráning fer fram á [www.dancecenter.is](http://www.dancecenter.is) Nánari upplýsingar fást með því að senda fyrirspurn á [info@dancecenter.is](mailto:info@dancecenter.is), eða hjá Nönnu Ósk Jónsdóttur í síma 861 5658.

**DANSLIÐ**  
So You Think You Can Dance?  
kemur sérstaklega á vegum:



[www.dancecenter.is](http://www.dancecenter.is)

DANSGLEÐI með:



ICELANDAIR



OUTFITTERS NATION



Kristall plus  
GÖÐUR OG SVALANDI

SAMSKIPTI  
prentlausnir fyrir skapandi fólk



BANG GANG



ISLANDS

## > Í SPILARANUM

Bang Gang - Ghosts from the Past  
No Age - Nouns  
Dísa - Dísa  
Midnight Juggernauts - Dystopia  
Islands - Arm's Way

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Bloodgroup í kommúnulífi

„Þetta verður mjög spennandi og það verður gaman að prófa að lifa svona kommúnulífi,“ segir Hallur Kristján Jónsson, einn meðlima hljómsveitarinnar Bloodgroup. Krakkarnir í Bloodgroup ætla, eins og margir aðrir íslenskir listamenn, að flytjast til Berlínar um stundarsakir í sumar. „Við viljum vera nær stöðunum sem við erum oftast að spila á og byrja að semja nýtt efni. Það eru allir búnir að ganga frá sínum málum og við erum komin með íbúð svo við bíðum bara eftir dagsetningu. Þetta er mjög spennandi og það verður gaman að prófa að lifa svona kommúnulífi,“ útskýrir Hallur.

Spurður um plötusamninga erlendis segir Hallur að margt standi til boða. „Við erum á eigin vegum núna en höfum fengið ýmis tilboð. Við ákváðum frekar að bíða aðeins heldur en að stökva á eitthvað of fljótt. Það kemur samt ýmislegt í ljós á næstu



**BLOODGROUP STENDUR Í STRÖNGU** Hljómsveitin Bloodgroup mun flytja til Berlínar í sumar.

vikum varðandi útgáfu í Frakklandi og allri Evrópu. Það verður auðveldara að ræða þetta af fullri alvöru þegar við verðum flutt og komin nær þessum aðilum. Nú tekur við tími þar sem við þurfum að hitta fólk og velja okkur samstarfsaðila,“ segir Hallur.

-ag



## > Plata vikunnar

Portishead - Third

★★★★

„Third var ellefu ár í smíðum, en hún er biðinnar virði. Harðari og hrárrí Portishead en Portishead-galdurinn er enn til staðar.“

TJ



## TÓNINN GEFINN Trausti Júlíusson

### Ninja að eilífu

Ninja Tune-útgáfan var stofnuð fyrir átján árum. Hún var fyrirferðarmikil í lok síðustu aldar þegar Kiddi í Hljómálinnd hélt merki hennar á lofti hérlendis og tónlist listamanna á borð við Coldcut, Amon Tobin, Herbalizer og DJ Food hljómaði í öllum flottustu partíunum. Undanfarið á hefur farið minna fyrir Ninja Tune og hipsterarnir eru löngu farnir að hlusta á eitthvað allt annað.



Ninja-útgáfan og hiphop-undirmerki hennar Big Dada eru samt enn í fullu fjöri eins og heyrir glöggð á safninu You Don't Know - Ninja Cuts sem kom út fyrir skömmu. Þessi þriggja diska 50 laga pakki hefur að geyma ný og nýleg lög og sýnir að útgáfan er enn í miklum blóma.

Þarna eru lög með gömlu Ninja-hetjunum eins og Coldcut, Cinematic Orchestra, Mr. Scruff og Hexstatic, en þarna eru líka breskar hiphop-stjórnur (Roots Manuva, Ty, Wiley...), jafnarrapparar (Mike Ladd, Clouddead, RJD2, MF Doom, Blockhead...), ofursnúðar (Kid Koala, DJ Shadow...) og annalaðir snillingar eins og Diplo, Spank Rock, TTC, Fink, The Bug og Switch.

Ög svo er töluverð nýliðun. Á meðal athyglisverðra ungliða má nefna Kanada-mennina Ghislain Poirier og Cadence Weapon og ensku ný-soul sveitina The Heavy. You Don't Know er fimmta Ninja Cuts-safnið og er ótrúlega þéttur og fjölbreyttur pakki sem óhætt er að mæla með. Í honum er margt sem kemur á óvart.

Af Ninja-forsprökkunum, Jonathan More og Matt Black í Coldcut, er annars það að fréttu að þeir eru að vinna nýja plötu. Upptökum á henni stýrir Switch sem er líklega þekktastur fyrir vinnu sína við plötuna Kala með M.I.A. Útgáfa er áætluð fyrir árslok.



**LEIKKONAN SEM VARÐ SÖNGKONA** Leikkonan Scarlett Johansson hefur gefið út sína fyrstu plötu. Hún inniheldur endurgerðir af lögum Tom Waits og eitt frumsamið lag. Scarlett hefur fengið góða dóma fyrir plötuna og þykir eiga framtíð fyrir sér í tónlistarbransanum.

## Tom Waits að hætti Scarlett

Scarlett Johansson er ekki við eina fjölinna felld. Ekki aðeins er hún með með bestu leikkonum samtímans og ein kynþokkafyllsta kona veraldar heldur er hún einnig bærilegur tónlistarmaður. Það sannar hún á plötunni *Anywhere I Lay My Head* eins og Steinþór Helgi Arnsteinsson komst að.

Platan er eingöngu sett saman úr lögum eftir meistara Tom Waits, fyrir utan eitt lag, *Song for Jo*, sem Scarlett samdi sjálf ásamt Dave Sitek, meðlimi úr *TV on the Radio*, en hann stjórnaði upptökum á plötunni. Sitek er svo sannarlega ekki eini góði gesturinn sem kemur þarna við sögu. Gítarleikari Yeah Yeah Yeahs, Nick Zinner, setur sinn svip á hljóminn, ásamt meðlimum úr *Celebration* og *Stars Like Fleas* að ógleymdri rúsinunni í pylsuendanum, sjálfum David Bowie, sem syngur með Scarlett í tveimur lögum.

### Draumastúlka indí-samfélagsins

Fjallað hefur verið um það í hinum ýmsu tónlistarmiðlum í rúmt ár að Scarlett væri að gera sína fyrstu plötu. Það sem vakti hins vegar helst athygli var að slúðurpressan og Hollywood höfðu töluvert minni áhuga á útgáfunni en indí-miðlar á borð við *Stereogum* og *Pitchfork*.

Platan lak fyrir nokkru á netið og verður að segjast alveg eins og er að hún hljómar þrusuvel. Indí-krakkarnir eru margir hverjir yfir sig hrifnir og þá sérstaklega strákarnir. Platan hefur því fest Scarlett enn betur í sessi sem uppáhald í indí-samfélaginu.

### Hljómar líkt og Marilyn Monroe

Platan var tekin upp á nokkrum vikum í Dock-upptökuverinu í Louisiana og heillaðist eigandi hljóðversins sérstaklega af upptökunum. „Þetta var frábært verkefni. Mjög avant-garde. Hún [Scarlett] hljómar líkt og Marilyn Monroe.“

Sitek sagði nýlega á blaðamannafundi að stemningunni sem hann reyndi að fanga á plötunni mætti helst líkja við kvæfmeðal eða Skellibjöllu, litlu álfkonuna í ævintýrinu um Pétur Pan. Andrúmsloftið á plötunni ber handbragði Siteks augljóst vitni og er þrungio trega og mikilli dýpt og á stundum er það allt að því ævintýrlegt.

### Waits veitti blessun sína

Sitek og Scarlett segja að þau hafi fengið leyfi frá Waits sjálfum fyrir endurgerðunum. Scarlett vildi meira að segja meina að Waits hefði barasta verið nokkuð hrifinn. Sjálfur hafði hann sagt í viðtali fyrir nokkru að hann væri forvitinn að heyra útkomuna. En ekki hvað?

Scarlett heldur sig mest við seinni hluta ferils Waits á plötunni og til dæmis er eingöngu eitt lag frá *Asylum*-árunum (1972-1980), *I Wish I Was in New Orleans* af *Small Changes*. Þó svo að lögin á *Anywhere I Lay My Head* beri oft með sér yfirbragð Waits hefur Scarlett náð að skapa sér nokkuð persónulegan stíl.

### Upphafið að einhverju glæsilegra?

Tónlistarferill Scarlett hefur legið í loftinu í nokkurn tíma. Hún söng til dæmis með *The Jesus and Mary Chain* á endurkomu sveitarinnar á Coachella-hátíðinni í fyrra. Hún hafði einnig gert eigin útsetningu á *Summertime* eftir Gershwin á einni góðgerðarplötu.

Þegar vinnan við nýju plötuna hófst hafði Scarlett reyndar áætlað að gera plötu með slíkum djassstandörðum eingöngu. Sem betur fer hætti hún við og nú er vonandi að Scarlett haldi áfram að þróa tónlistarferil sinn. *Song for Jo*, eina frumsamda lagið á plötunni hennar, gefur tilefni til að ætla að Scarlett geti gert flotta hluti.

**SÁTTUR** Tom Waits gaf Scarlett leyfi til að syngja lög sín og var að sögn sáttur við útkomuna.

ÞEIR ERU MÆTTIR AFTUR Í SPRENGHLÆGILEGRI GAMANMYND!

9. HVER VINNUR!

**JOHN CHO** **KAL PENN**  
**HAROLD & KUMAR**  
**ESCAPE FROM GUANTANAMO BAY**

SENDU SMS JA HKV Á NÚMERIÐ 1900  
Vinningar eru Biómiðar fyrir tvo, DVD myndir og margt fleira!  
FRUMSÝND 14. MAÍ

Vinnningar verða afhendir í BT Smáskólinum, Kópavogshlíu þv/áð taka þátt eru konur og menn í SMS klúbbi 99 kr/kyrð.



# Svart tjald í Höllinni Í viðræðum við Metallica

Aðeins um eitt hundrað miðar voru eftir í gærmorgun á tónleika Páls Rósinkrans, Jet Black Joe og Gospelkórs Reykjavíkur í Laugardalshöll í kvöld. Eingöngu eru seldir 1.700 miðar í sæti á gólfi hallarinnar, en engir miðar eru seldir í stúkuna. Þess í stað verður svart tjald dregið fyrir stúkuna. „Við ákváðum að prófa þetta en þetta hefur aldrei verið gert áður“, segir Björgvin Rúnarsson hjá 2B Company sem skipuleggur tónleikana. „Undirbúningurinn hefur gengið mjög vel. Þau eru búin að æfa í þrjár vikur, Gospelkórinn og Jet Black Joe, og þetta hljómar rosalega vel“, segir Björgvin. „Ég hef sjaldan heyrt í þeim eins góðum og ég get lofað góðri stemningu.“ Gestir í kvöld verða Sigríður



**JET BLACK JOE** Búast má við góðri stemningu á tónleikum Jet Black Joe í Laugardalshöll í kvöld.

Guðnadóttir, sem sló í gegn er hún söng lagið Freedom með Jet Black Joe, Hreimur Heimisson og Guðmundur Jónsson úr Sálinni sem mun flytja með Páli Rósinkrans Eurovision-lagið Gef mér von. -fb

Tónleikafyrirtækið RR, sem flutti inn rokksvætinu Metallica fyrir fjórum árum, býst ekki við að hún spili hér á landi á tónleikaferð sinni um Evrópu í sumar.

„Við vorum í viðræðum í vor. Þá pössuðu dagsetningar ekki inn í túrinn. Þeir eru búnir að segja að þeir ætli að koma aftur og við vitum af þeim og þeir vita af okkur“, segir Halldór Kvaran hjá RR. „Það kemur að því að þeir komi aftur en það er alla vega ekkert í pípunum núna.“

Átján þúsund manns troðfylltu Egilshöllina 4. júlí 2004 þegar Metallica spilaði hérlandis í fyrsta sinn og mætti því ætla að áhugi fyrir öðrum tónleikum væri gríðarlegur. Sveitin gefur út nýja plötu í september og ætlar sér að

fylgja henni eftir eins vel og kostur er. Síðasta plata hennar, St. Anger, kom út skömmu fyrir tónleikana í Egilshöll.

Tónleikaferð Metallica um Evrópu hefst í Póllandi 28. maí og lýkur á Englandi 24. ágúst þar sem sveitin spilar á Reading-hátíðinni. Í millitíðinni stígur hún meðal annars á svið í Bergen í Noregi 16. júlí og í Dublin á Írlandi 20. ágúst.

Orðrómur hefur verið uppi um að RR hafi einnig reynt að fá rokk-sveitirnar Kiss og AC/DC hingað til lands en Halldór vill ekki staðfesta það. „Við erum með allar línur úti og það er búið að skrifa öllum böndum í bænum. Við vitum af þessum köllum og þeir vita af okkur.“ -fb



**METALLICA** Rokksveitin Metallica gerði allt vitlaust í Laugardalshöll fyrir fjórum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**SPILAR Í KAPELLU** Valgeir Sigurðsson er staddur í London og heldur þar tónleika í kvöld.

## Valgeir lagstur í víking

Valgeir Sigurðsson er lagstur í víking með plötuna sem hann gaf út í fyrra, Ekvíbríum, og kynnir hana á tónleikum í St. Barnabaskapellunni í London í kvöld. Tónleikar Valgeirs eru hluti af „Reykjavík Nights“, eina klúbbakvöldinu í London þar sem íslensk tónlist er í hávegum höfð. Þeir sem hafa nú þegar spilað á kvöldunum eru meðal annars Bloodgroup, Sometime og Hafdís Huld. Tónleikarnir í London eru hluti af Evróputúr Valgeirs sem stendur út maímánuð. Auk Valgeirs kemur Bandaríkjamadurinn Sam Amidon fram, en Valgeir tók upp plötu hans, „All Is Well“, í Gróðurhúsinu sínu í Breiðholti.



**OASIS** Ensku rokkararnir í Oasis hafa enn á ný skipt um trommara.

## Oasis ræður trommara

Chris Sharrock, sem hefur trommað fyrir Robbie Williams, tekur við af Zack Starkey sem næsti trommari Oasis. Aðeins nokkrir dagar eru liðnir síðan Starkey, sonur Bítilsins Ringo Starr, hætti í Oasis eftir rifrildi við gítarleikarann Noel Gallagher. Starkey gekk til liðs við Oasis árið 2004 og varð þá þriðji trommarinn í sögu sveitarinnar. Talið er að Sharrock hafi verið orðinn leiður á aðgerðaleysinu í herbúðum Robbie Williams og því tekið boðinu um að ganga í Oasis fegin hendi. Robbie er væntanlega ekki ánægður með vistskiptin því hann hefur lengi átt í deilum við Oasis.

**FYRSTA SÓLÓPLATA DISU ER KOMIN ÚT**

**FRÁBÆR PLATA EFTIR EFNILEGUSTU SÖNGKONU OG LAGAHÖFUND ÍSLANDS. INNIHELDUR MEÐAL ANNARS LÖGIN TEMPTATION OG ANNIVERSARY**

**COD MUSIC**

**WWW.COD.IS**

> MIU MIU PARADÍS

Tiskumerkið Miu Miu hefur rift samningi sínum við leikkona Kirsten Dunst, sem hefur verið andlit merkisins upp á síðkastið. Hvort það er tengt nýfastaðinni áfengismeðferð hennar er ekki vitað, en í hennar stað kemur engin önnur en franska söngdísin Vanessa Paradis, betri helmingur Johnnys Depp.



# fólk

folk@frettabladid.is



CANNES 2008 HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR FYLGIST MEÐ BESTU KVÍKMYNDAHÁTÍÐ Í HEIMI

Barnalán og heilsufar Angelinu Jolie

Þá er 61. kvíkmyndahátíðin í Cannes hafin og komin á fulla ferð. Ég mætti á hátíðarsvæðið þegar líða var tekið á kvöldið. Meðfram ströndinni á La Croisette voru parti á hverjum stað og tónlist ómaði um allar götur. Sum partiin minntu meira á tívoli eða Disney World með brjálaðri teknótónlist en annars staðar voru dannaðri kokktilboð undir berum himni. Rauði dregillinn var á sínum stað við hátíðarhöllina. Og skúturnar og snekkjurnar sjáanlegar frá ströndinni í allri sinni ljósadýrð og ómurinn frá partíunum á þeim náðu í land. Eins og alltaf er Cannes með stemningu sem finnst hvergi annars staðar á jarðkringlunni, enda er hún furðulegt sambland af alvöru kvíkmyndagerð, söluráðstefnu og Hollywood.



HRESS Dustin Hoffman, Angelina Jolie og Jack Black í Cannes í gær. (NORDICPHOTOS/GETTY)

Cannes er ein af fáum kvíkmyndahátíðum sem stóru Hollywood-stúdíóin flykkjast á og það er enn þá þannig að myndir utan keppni stela senunni á rauða dreglinum og á blaðamannafundunum. Þannig var mesti

æsingurinn í kringum Jack Black og Angelinu Jolie fyrsta daginn og þau þurftu að sitja undir bjánalegum spurningum frá blaðamönnum um barnalán og heilsufar. Kung Fu Panda er eitt af stóru númerunum sem koma út á árinu og mun líklega verða vel sótt. Kung Fu Panda er teiknimynd og Jack Black talar fyrir pönduna. Angelina Jolie, Lucy Liu og Dustin Hoffman ljá einnig raddir sínar.

Það skemmtilegasta við Cannes er samt sem áður að uppgötva nýjar myndir, nýjar stjörnur og nýja leikstjóra. Fyrsta myndin sem ég sá á hátíðinni, Leonera, gerði einmitt það. Mögnuð mynd frá Argentínu eftir ungan leikstjóra, Pablo Trapero. Ef þetta er það sem koma skal í keppninni þá verður hart barist um Gullpálmann.

Fékk taugaáfall

Í viðtali við tímaritið Rock Tribune segist Krummi, söngvari Mínuss, hafa fengið hálf-gert taugaáfall eftir að hafa stundað rokklíf-ernið stíft með hljómsveit sinni fyrir nokkrum árum.

„Þegar við komum heim af tónleikaferðum héldum við áfram að drekka stíft og nota eitruþyf. Við gerðum það vegna þess að við vorum ungrir og vildum skemmta okkur,“ segir hann. „Það var mjög erfitt að koma heim og einkalíf okkar var í lamassessi. Ég fékk hálf-gert taugaáfall og



KRUMMI Krummi og félagar í Mínus eru að fylgja eftir plötunni The Great Northern Whalekill.

þurfti að hætta að drekka eins og ég gerði. Ég gerði þetta upp á eigin spýtur og þurfti ekki á meðferð að halda, heldur frekar að hafa eitthvað fyrir stafni.“

Nýjasta plata Mínuss, The Great Northern Whalekill, fær góða dóma í breska tímaritinu Rock Sound, eða átta af tíu mögulegum. „Mínus eru langt frá því að vera hávaðaseggir. Það er ekki auðvelt að semja svona djúpa en aðgengilega tónlist en Mínus tekst ætlunarverk sitt,“ sagði í dómnum.

Svavar í skaðabótamál

Svavar Lúthersson opnar umdeilda torrent-síðu sína aftur í kvöld. Hann ætlar að höfða skaðabótamál á hendur þeim sem létu loka síðunni. Smáis reynir að fá lögbann á síðuna að nýju.

„Við opnum síðuna á miðnætti í kvöld. Einhverjar breytingar verða en notendur ættu ekki að eiga í neinum erfiðleikum með þær,“ segir Svavar Lúthersson, framkvæmdastjóri Istorrent.is. Hann hyggst opna þessa umdeildu síðu upp á nýtt eftir að Hæstiréttur vísaði frá máli SMÁÍS, SÍK, FHF og STEF á grundvelli þess að málsóknarumbodið væri ekki gilt. Lögbannið sem sett var á síðuna fyrir hálfu ári var þar með einnig fellt úr gildi.

Spurður hvort í boði verði íslenskt efni til niðurhals segir Svavar að það verði ekki bannað að setja slíkt efni inn nema rétt-hafar óski eftir því að það verði fjarlæggt. „Þetta verður bara í samræmi við þá stefnu sem við



SKAÐABÆTUR Svavar Lúthersson ætlar að fara í skaðabótamál eftir að úrskurður Hæstaréttar féll honum í vil.

höfum haft,“ útskýrir Svavar. Málareksturinn hefur verið Svavari dýr og honum reiknast til að kostnaðurinn sé kominn vel á fjórðu milljón. Hann hyggst höfða skaðabótamál á hendur SMÁÍS, SÍK, FHF OG STEF og ná þannig inn fyrir kostnaðinum. Svavar bjóst ekki við að andstæðingar sínir yrðu reiðubúnir til að semja um greiðslu utan dómkerfisins. „Annars hafa notendur Istorrent stutt mig með litlum fjárframlögum en þau hafa bara verið dropi í hafni. Ég þarf að endurreisa orðspor Istorrent sem hefur borið mikinn skaða af þessum málaferlum.“

Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri SMÁÍS, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að ætlunin væri að leggja inn nýja lögbannskröfu í gær og að hún yrði vonandi tekin til með-

ferðar í dag. Hann segir engan möguleika á því að semja við Svavar og taldi reyndar réttast að Svavar ætti að ganga til samningaviðræðna við þá. „Við munum halda áfram þar til að það fellur dómur. Frávísun Hæstaréttar þýðir bara það eitt að Svavar þarf að ganga í gegnum þetta allt aftur og það leiðir af sér aukinn kostnað fyrir alla, líka hann,“ segir Snæbjörn og upplýsir þar með að samtökin muni höfða nýtt mál á hendur Istorrent ehf. „Núna notum við bara ekki málsóknarumbodið sem felldi málið. Úrskurður Hæstaréttar kom okkur reyndar í opna skjöldu og ég verð að segja að það kom mér á óvart að Hæstiréttur skyldi ekki vilja taka efnislega á málinu því við þurfum að fá botn í þetta,“ segir Snæbjörn.

freyrgigia@frettabladid.is

Níu milljónir í bætur

Leikaranum Hugh Grant og hjónunum Elizabeth Hurley og Arun Nayar hafa verið dæmdar tæpar níu milljónir króna í skaðabætur vegna paparazziljósmynda sem voru teknar af þeim í sumarfríi á Maldíveyjum. Þar ætluðu þau að njóta lífsins fjarri ágangi fjölmiðla en varð ekki að ósk sinni.

„Það olli þeim miklu uppnámi þegar ráðist var á þennan hátt inn í einkalíf þeirra,“ sagði lögfræðingur þeirra. Myndirnar birtust í dagblöðunum News of the World og The Mail á síðasta ári. Útgefendur blaðanna hafa beðist afsökunar á myndbirtingunni og þeim óþægindum sem þær ollu.

**ÞAD ER AÐEINS EIN!**

KICKIN' IT OLD SKOOL  
FRUMSÝND 21. MAÍ

ADALVINNINGUR!  
**60GB PLAYSTATION 3**  
4 LEIPIR + 4 KASSAR AF EIGILS ORKU!  
**SENDU SMS BTC PS3**  
OG SVARADU EINHÁ SPURNINGU!  
**9 HVER VINNUR!**

FULLT AF AUKAVINNINGUM:  
GTA IV - VINOBU BATTLE FOR AGARD - DARK SECTOR  
EURO 2008 - INCREDIBLE HULK - KITTUR AF ZELOS ÖRKU  
BIOMBAR Á KICKIN' IT OLD SKOOL - PS3 AUKALITUR  
DVD MYNDIR OG FULLT AF ÖÐRUM TÖLVULEIKUM



NÝTT MÁL Snæbjörn Steingrímsson hjá SMÁÍS segir að höfðað verði nýtt mál á hendur Istorrent ehf.

Rússar og Grikkir í stríð?

Æfingar í Beogradska-höllinni halda áfram af fullum þunga, enda stutt í stóratökin. Belgíska söngkonan í Ishtar lenti í því að kjöllinn hennar rann til á æfingu svo brjóstahaldararnir gægdust út. Undrunarandvörp áhorfenda á æfingunni höfðu engin áhrif og söngkonan kláraði rennslið án þess að fatta neitt.

Nokkur spenna er á milli Rússa og Grikkja því bæði atriðin eru full tilkomumikil til að sviðsmenn geti rótað sviðsmyndinni inn og út í auglýsingahléinu. Aðeins einar dyr eru á sviðinu til að koma sviðsmunum út, en ekki tvær eða þrjár eins og á fyrri keppnum. Grikkir eru með risastóra bók á sviðinu sem breytist í hjarta með hjólum sem keyrir um

sviðið. Rússarnir eru hins vegar með risavaxinn stiga í farteskínu. Ekki sér fyrir endann á rifrildinu en hvorugt liðið hefur þó hótad að draga sig úr keppni ennþá.

Slóvenar bjóða upp á svaka sjón með Rebeku Dremelj sem byrjar lagið sitt inni í búri gerðu úr neonlyjósum. Búrið vakta tveir leðurklæddir gaurar með hjálma á höfðinu. Rebeka sleppur naumlega úr búrinu og áður en lagið er á enda er hún farin að draga verðina um sviðið í leðurólum sem eru festar við hálsana á þeim. Kínkí stöff!



KINKÍ STÖFF FRÁ SLÓVENUM Rebeka Dremelj byrjar sitt lag inni í búri.



alain  
mikli®

## Alain Mikli sýning í Linsunni

Einstök sýning á nýjustu gleraugum og sólgleraugum frá  
Alain Mikli og Philippe Starck í dag og á morgun

Frábær, falleg og flott hönnun

Komdu – Mátáðu – Upplifðu

**LINSAN**  
Aðalstræti 9 • 551 5055

**Nýtt í bíó** LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

HAROLD & KUMAR 2 kl. 4, 6, 8 og 10:10 12  
 WHAT HAPPENS IN VEGAS kl. 8 og 10:10 L  
 FORGETTING SARAH MARSHALL kl. 5.50, 8 og 10:10 12  
 SPIDERWICK CHRONICLES kl. 4 og 6 7  
 HORTON - ISLENSKT TAL kl. 4 L

**LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR**

Abigail BRESLIN Jordis FOSTER Edward GUILTY

NMS ISLAND  
 NEVER BACK DOWN  
 IRON MAN  
 THE HUNTING PARTY

Nýtt í bíó: NMS ISLAND, NEVER BACK DOWN, IRON MAN, THE HUNTING PARTY

| ALFABAKKA                                  | SELFLOSS                         |
|--|----------------------------------|
| NEVER BACK DOWN kl. 5:40 - 8 - 10:20 14    | NIM'S ISLAND kl. 6 - 8 L         |
| NIM'S ISLAND kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 L | MAID OF HONOR kl. 8 L            |
| U2 3D 3-D DIGITAL kl. 10:30/30 L           | IRON MAN kl. 10:10 12            |
| IRON MAN DIGITAL kl. 5:30D - 8D - 10:30 12 | RUINS kl. 10:10 16               |
| IRON MAN kl. 5:30 - 8 - 10:30 VIP          | <b>AKUREYRI</b>                  |
| MAID OF HONOR kl. 5:40 - 8 - 10:30 L       | NEVER BACK DOWN kl. 8 - 10:15 12 |
| OVER HER DEAD BODY kl. 3:40 7              | IRON MAN kl. 8 12                |
| DRILLBIT TAYLOR kl. 3:40 - 5:50 10         | THE HUNTING PARTY kl. 10:15 7    |
| IN THE VALLEY OF ELAH kl. 8 16             | <b>KEFLAVÍK</b>                  |
| UNDRAHUNDURINN ISL TAL kl. 3:30 L          | NIM'S ISLAND kl. 6 - 8 - 10 L    |
| <b>KRINGLUNNI</b>                          | IRON MAN kl. 5:30 12             |
| NEVER BACK DOWN kl. 8:10 - 10:30 14        | OVER HER DEAD BODY kl. 8 7       |
| NIM'S ISLAND kl. 4 - 6 - 8 L               | STREET KINGS kl. 10 16           |
| U2 3D kl. 4:30 - 6:30 L                    |                                  |
| THE HUNTING PARTY kl. 8:10 - 10:30 12      |                                  |
| IRON MAN 3-D DIGITAL kl. 10 12             |                                  |
| SHINE A LIGHT kl. 5:50 L                   |                                  |
| UNDRAHUNDURINN M-ISL TAL kl. 4 L           |                                  |

**NÝTT Í BÍÓ!**

FÖR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!  
 ÖSKUR BERA ENGAN ÁRANGURI!  
 PROM NIGHT NÓTT DAÐANS

HAROLD OG KUMAR ERU MÆTTIR ÁFTUR!  
 HAROLD & KUMAR

Þrælskemmtill mynd um þarattu kynjanna. Hönnorinn misár ljáðan marku. Ís í hönnorinn.  
 VEGAS

PATRICK DEMPSEY  
 MADE OF HONOUR  
 ÞAÐ PARF ALVÖRU KARLMANN TIL AD VERA BRÚÐARMENNA!

FRÁ LEIKSTJÓRA "SCARFACE" OG "THE UNTOUCHABLES"  
 Sannleikurinn er fyrsta fórnarlambið í stríði

REDACTED  
 Ekki missa af myndinni sem Fox News vildi þanna!

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

PROM NIGHT kl. 6 - 8 - 10 14  
 WHAT HAPPENS IN VEGAS kl. 5:45 - 8 - 10:15 12  
 WHAT HAPPENS IN VEGAS LÚXUS kl. 5:45 - 8 - 10:15 12  
 IRON MAN kl. 5:20 - 8 - 10:40 12  
 MADE OF HONOUR kl. 8 - 10:15 16  
 SUPERHERO MOVIE kl. 4 - 6 5%  
 BUBBI BYGGIR Í VILTA VESTRINU kl. 4 7  
 HORTON kl. 4 ISLENSKT TAL 5%

REGNBÓGINN Sími 551 9000

HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB kl. 5:45 - 8 - 10:15 12  
 REDACTED kl. 6 - 8 - 10 16  
 MADE OF HONOUR kl. 5:50 - 8 - 10:10 16  
 TROPA DE ELITE kl. 8 16  
 THE RUINS kl. 10:20 16  
 BRÚÐGUMINN kl. 6 ENSKUR TEXTI 7

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

PROM NIGHT kl. 6 - 8:30 - 10:30 14  
 WHAT HAPPENS IN VEGAS kl. 5:45 - 8 - 10:15 12  
 STREET KINGS kl. 5:30 - 8 - 10:30 16  
 21 kl. 8 - 10:30 12  
 BRÚÐGUMINN kl. 6 ISLENSKUR TEXTI 7

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á **mid.is** FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÖNUR

# „Ekki meir Geir“ nýjasta tíska

Pönkhljómssveitin Volæði hefur til sölu á myspace-síðu sinni stuttarmaboli þar sem hart er deilt á íslenskt þjóðfélag. Geir H. Haarde forsætisráðherra fær á baukinn í bol með áletruninni „Ekki meir Geir“ auk þess sem snúð er út úr nöfnum olúfélaganna á skondinn hátt. Prestastéttin og Guðmundur í Byrginu fá einnig sinn skerf af ádeilunni. Á prestabolnum stendur áletrunin „Kysstu mig“ en á bolnum með Guðmundi stendur skýrum stöfum „Treystu mér“.

„Volæði er ópólitísk og óháð pönkhljómssveit sem mótmælir yfiringi, valdniöslu og almennri spillingu í þjóðfélaginu“, segir forsprakki Volæðis, Friðbert Fennel. „Volæði er fylgjandi því að rödd almennings heyrst og með bolnum viljum við gefa fólki tækifæri

til að tjá óánægju sína. Það er löngu orðið tímabært að íslenskur almenningur standi upp og tjái óánægju sína, sérstaklega á tímum þar sem ráða- og bankamenn, olúfurstar og önnur valdaöfl í þjóðfélaginu hafa skoðanir og vilja almennings að engu“, segir hann og bætir við: „Íslenskt þjóðfélag snýst um græðgi og almenna efnishyggju og að nokkrir vinir og kunningjar noti sparifé og fjármuni íslensks almennings til að leika sér með í útlöndum finnst okkur hreint ekki í lagi.“

Þeim sem vilja kynna sér Volæði betur og jafnvel festa kaup á stuttarmabolnum, sem verða tilbúnir eftir helgi, er bent á síðuna www.myspace.com/volaedi. Friðbert segir að fleiri tegundir af bolnum séu væntanlegir „Það verður farið



**EKKI MEIR GEIR** Forsætisráðherra fær á baukinn í nýjum bol sem pönkhljómssveitin Volæði hefur hannað.

út í Ingibjörgu Sólrúnu og einhverja pólitíkusa. Þeir sem eru að gera eitthvað af sér enda á bol og sá sem reynir að rífa niður Volæði endar á bol.“ - fb

# Balti með fjölþjóðlegan her

Tökur á kvikmynd Baltasars Kormáks, Run for Her Life, hefjast 15. júní. Leikstjórinn er með skrifstofu á verndarsvæði indiána og getur ekki beðið eftir að byrja.



**SAMAN Í SANTA FE** Baltasar Kormákur og Lilja Pálmadóttir eru saman í Santa Fe en leikstjórinn undirbyr nú af kappi kvikmynd sína, Run for Her Life.

Leikstjórinn verður með fjölþjóðlegan her leikara innan sinna vébanda. Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu munu bandarískir leikarinn Dermot Mulroney og þýska leikkonan Diane Kruger verða í aðalhlutverkum og nú hafa bæst í hópinn franskir leikarinn Vincent Perez og spænska sjarmatröllið Jordi Mallá. Perez er ein allra skærasta stjarnan í frönskum kvikmyndaheimi og hefur meðal annars hlotið fjórar Cesar-tilnefningar og tvær tilnefningar til Gullpálmans í Cannes. Mallá er ákaflega vinsæll í heimalandi sínu og hefur líkt og Perez hlotið fjöldann allan af tilnefningum og viðurkenningum.

Baltasar hefur undanfarnar vikur dvalist í Santa Fe, höfuðborg Nýju-Mexíkó og kvikmyndafyrirtækið er með skrifstofur á verndarsvæði indiána. Amerísku frumbyggjarnir hafa söðlað undir sig spilavítamenningu Ameríku en Baltasar segir lítinn tíma hafa gefist til að grípa í spil. Allt hafi verið á fullu. „Mér líst bara mjög vel á þetta, ég verð með sjö-tíu manna tökulið og er núna að ráða áhættuleikara“, segir Baltasar en eiginkona hans Lilja Pálmadóttir er með honum úti í Bandaríkjunum núna. „Ég reikna svo með því að börnin komi þegar skólinn er búinn heima“, bætir leikstjórinn við.

Baltasar er búinn að endurskrifa handritið og hefur fengið góð viðbrögð við þeim breytingum sem hann hefur gert. Í næstu viku hefjast æfingar með leikurum en fyrirkomulagið er eilítið ódrúvisi en hér heima. „Ég fer annað hvort til Los Angeles



eða þau koma hingað. Þetta er aðeins þyngra í vöfum hérna úti en heima; maður kallar ekki bara þetta fólk inn á skrifstofu til sín með dagsfyrirvara“, segir Baltasar. - fgg

**ALÞJÓÐLEGUR LEIKHÓPUR** Leikarar frá fjórum löndum skipa aðalhlutverkin í kvikmynd Baltasars Kormáks. Spænski leikarinn Jordi Mallá hefur bæst í hóp með þeim Diane Kruger (Þýskaland), Dermot Mulroney (Bandaríkin) og Vincent Perez (Frakkland).

**6 DAGAR**

INDIANAJONES  
 FORSALA HAFIN Á MIDI.IS

**Auglýsingasími**

**512 5050**

FRÉTTABLAÐIÐ - Mest lesið

Toronto er heimsborg. Þannig að þú skalt pakka eins og þú sért að fara til New York.

Áætlanarflug Icelandair til Toronto í Kanada er nú hafið og verður flugið þangað 5 sinnum í viku í sumar. Þar með bætist enn ein heimsborgin í hóp áfangastaða Icelandair. Viðskiptavinir Icelandair geta því valið um 24 áfangastaði austan háfs og vestan.

Safnaðu Vildarpunktum

VISA Punktarinn upp í

MasterCard Ferðaávisun gildir



VONA AÐ TOM PETTY VILJI SEMJA TÓNLIST VIÐ MACBETH Stefán Hallur Stefánsson er einn af leikurum sýningarinnar sem verið er að setja upp á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins.

## Vilja að Petty semji tónlist í Þjóðleikhúsið

„Ég get hvorki játað né neitað þessum sögusögnum, en það er einbeittur vilji innan hópsins að reyna að fá hann til samstarfs,“ segir Stefán Hallur Stefánsson leikari, en hópurinn, sem er í óðaönn að setja upp sýninguna Macbeth á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins, hyggst reyna að fá Tom Petty til að semja tónlistina við verkið.

Spurður hvernig hugmyndin að samstarfi við Tom Petty hafi komið til segir Stefán Hallur það hafa verið góðlátlegt grín í upphafi, en viljinn sé vissulega fyrir hendi. „Við sem erum að leika í sýningunni erum flest meðlimir í leikfélaginu Vér morðingjar og á samningi hjá Þjóðleikhúsinu, svo þeir gáfu okkur frjálsar hendur með verkið og við ætlum að gera það sem allra flottast. Það má segja að þetta sé tilraunaeldhús Þjóðleikhússins. Einn af leikurunum í hópnum þekkir dætur Toms svo það er aldrei að vita nema við reynum að nýta okkur þau sambönd,“ segir Stefán Hallur að lokum.

- ag

**EGO**

**KÍKTU Á KVITTUNINA**

**JOHN CHO** **KAL PENN**  
**HAROLD & KUMAR**  
**ESCAPE FROM GUANTANAMO BAY**

NEW LINE CINEMA PRESENTS IN ASSOCIATION WITH MANDATE PICTURES A KINGS GATE FILMS PRODUCTION "HAROLD & KUMAR 2" JOHN CHO KAL PENN ROD CORDDRY ROGER BART AND VIKI PATRICK HARRIS WRITTEN BY RICHARD HICKS C.S.A. DAVID RUBIN C.S.A. DIRECTED BY JEFF FREEMAN A.S.C. PRODUCED BY NICOLE BROWN KELLI KONOP MIKE DISCO SAM BROWN PRODUCED BY JON HURWITZ HAYDEN SCHLOSSBERG EXECUTIVE PRODUCERS TONY FANNING PHOTOGRAPHER DARYN OKADA A.S.C. EXECUTIVE PRODUCERS JOE DRAKE CARSTEN LORENZ TUDY EMMECHICH RICHARD BRENER PRODUCED BY GREG SHAPIRO NATHAN KAHANE WRITTEN AND DIRECTED BY JON HURWITZ & HAYDEN SCHLOSSBERG

HaroldAndKumar.com  
**14. MAÍ 2008**  
**HAROLD OG KUMAR ERU MÆTTIR**  
**AFTUR Í SPRENGLÆGILEGRI GAMANMYND**

**OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA Á GRÍNMYNDINA**

**HAROLD OG KUMAR 2**

**LAUGARÁS BÍÓ** **REGNBOGINN** **BORGARBÍÓ**

**KOMIN Í BÍÓ**

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

**TORONTO**

**Frá kr. 23.250\***

+ Bókaðu flug á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

**ICELANDAIR**  
 WWW.ICELANDAIR.IS

\*Flug aðra leiðina með sköttum.

> Stórleikur Jakobs dugði ekki

Jakob Örn Sigurðarson átti enn einn stórleikinn með liði sínu Univer KSE í úrslitakeppni neðri hlutans í ungersku úrvalsdeildinni. Það dugði þó ekki liðinu að Jakob skoraði 31 stig, átti 6 stoðsendingar og hittí úr 7 af 10 þriggja stiga skotum sínum því Univer KSE tafaði 82-97 á móti Soproni sÖrdögök. Jakob hefur nú skorað 23,7 stig að meðaltali í 6 leikjum liðsins í þessari úrslitakeppni sem er milli liðanna sem komust ekki í úrslitakeppnina um ungerska meistaratitilinn.



**sport**  
sport@frettabla-

ROLAND VALUR ERADZE: LEITAR Á NÁÐIR SÉRFRÆÐINGA Í FRAKKLANDI TIL AÐ RÁÐA BÓT MEINA SINNA

Sérfræðingarnir segjast geta hjálpað mér

Roland Valur Eradze er á leið til Frakklands þar sem hann leitast á náðir sérfræðinga í íþróttalækningum. Ástæðan er sú að axlar-meisli hafa hrjáð hann um nokkurn tíma og lék hann meðal annars sárþjáður síðustu leiki Íslands mótsins með Stjörninni. Hann gaf ekki kost á sér í stórverkefni sem fram undan eru hjá íslenska landsliðinu vegna meislanna. „Ég veit ekki hvað gerðist. Ég finn fyrir gríðarlegum sársauka í öxlinni en ég vona að ég geti lagað þetta án þess að fara í uppskurð. Brynjólfur Jónsson læknir hefur verið mér innan handar, sem og sérfræðingar í Frakklandi. Næsta skref hjá mér er að leita til þeirra aftur og þeir vilja setja mig í einhvers konar sérmeðferð. Þeir segjast geta hjálpað mér," sagði Roland, sem verður frá í þrjár vikur hið minnsta en lengur ef hann þarf að fara í aðgerð.

Roland er orðinn 37 ára gamall og er sársvekkur yfir því að missa af verkefninum með landsliðinu. Hann var tilnefndur sem einn þriggja bestu markmanna nýafstaðins Íslandsmóts og hefur leikið 52 landsleiki fyrir Ísland. „Þetta eru mjög mikil vonbrigði. Það er gaman að vera með landsliðinu en nú einbeiti ég mér bara að því að ná mér göðum, ég er ekkert unglamb lengur. Ég vil spila í nokkur ár til viðbótar," sagði Roland, sem stefnir á að klára ferilinn á Íslandi. „Ég get líklega spilað í þrjú eða fjögur ár til viðbótar," sagði Roland, sem verður áfram hjá Stjörninni á næsta tímabili og



vonast eftir því að taka þátt í fleiri verkefnum með landsliði Íslands áður en ferlinum lýkur. Roland var valinn í stóran æfingahóp landsliðsins í janúar en fór ekki með lokahópnum á Evrópumótið í Noregi. Birkir Ivar Guðmundsson og Hreiðar Levý Guðmundsson voru markmenn Íslands þar en þeir eru tveir af fjórum markmönnum sem taka þátt í undankeppni ÓL og HM. Hinir tveir eru Björgvin Páll Gústavsson og Ólafur Haukur Gíslason, sem valinn var bestur markmaður Íslandsmótsins á lokahófi HSÍ um síðustu helgi.

# Lárus og Þórður hafa unnið tvisvar

Íslendingar eiga fulltrúa í bikarúrslitaleiknum í Englandi á morgun og af því tilefni skoðar Fréttablaðið eftirminnilegustu bikarúrslitaleiki íslenskra knattspyrnumanna á erlendri grundu.



EFTIRSÓTTUR Stórskyttan Einar er eftirsóttur af fjölda liða. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Akureyri handboltafélag:  
**Mikil umskipti fram undan**

**HANDBOLTI** Ljóst er að miklar breytingar verða á handboltaliði Akureyrar á næsta tímabili. Sævar Arnason, sem þjálfaði liðið með Rúnari Sigtryggssyni, er hættur og Magnús Stefánsson hefur spilað sinn síðasta leik fyrir félagið. Akureyri hefur hafnað tilboði Fram í Magnús og sagði Hannes Karlsson, formaður handknattleiksdeildarinnar, í gær að boltinn væri nú hjá Fram.

Markmaðurinn Sveinbjörn Pétursson hefur náð munnlegu samkomulagi við HK og þá liggur Einar Logi Friðjónsson nú undir felddi en hann er með samningstilboð frá Þýskalandi í höndunum. Auk þess hefur hann fengið fyrirspurnir bæði frá liðum á Íslandi og erlendis.

**FÓTBOLTI** Hermann Hreiðarsson verður á laugardaginn fyrsti íslenski knattspyrnumaðurinn til þess að spila bikarúrslitaleik á Wembley þegar lið hans Portsmouth mætir Cardiff í FA-bikarnum, elstu keppni í heimi.

Hermann er þó ekki fyrsti Íslendingurinn til þess að spila úrslitaleik í ensku bikarkeppninni því Eður Smári Guðjohnsen var í tapliði Chelsea á móti Arsenal 2002 en leikurinn fór þá fram í Cardiff þar sem verið var að endurbygja Wembley. Hermann getur þar með komist í hóp þeirra íslenskra knattspyrnumanna sem hafa unnið bikarmeistaratil erlendis.

Albert Guðmundsson varð fyrsti íslenski knattspyrnumaðurinn til þess að leika í bikarúrslitaleik á erlendri grundu þegar hann spilaði til úrslita með liði sínu Racing Club de Paris 14. maí 1950. Albert og félagar urðu að sætta sig við 0-2 tap á móti nágrönnum sínum í Stade de Reims.

**Meistari í tveimur löndum**

Lárus Guðmundsson skipar sér í nokkra sérstöðu yfir árangur í bikarkeppnum erlendis og það af fleiri en einni ástæðu.

Lárus er sá eini sem hefur unnið bikarinn í tveimur löndum og sá eini sem hefur byrjað inn á í bikarúrslitaleik og unnið bikarinn í einu af stóru löndunum (Englandi, Ítalíu, Spáni, Frakklandi og Þýskalandi). Lárus er líka aðeins einn af



**EINSTAKUR ÁRANGUR** Lárus Guðmundsson hefur orðið bikarmeistari í tveimur löndum, Belgíu og Vestur-Þýskalandi.



**BÁÐIR MEÐ TVENNU** Þórður Guðjónsson og Helgi Sigurðsson hafa báðir skorað tvö mörk í bikarúrslitaleik erlendis.

fjórum leikmönnum sem hafa náð að skora tvö mörk í bikarúrslitaleik.

Lárus Guðmundsson varð fyrst bikarmeistari með Waterschei í Belgíu 1982 þegar hann skoraði bæði mörkin í 2-0 sigri á Waregem og aðeins þremur árum seinna vann Lárus bikarinn í Vestur-Þýskalandi með liði sínu Bayer Uerdingen sem vann Bayern München 2-1 í úrslitaleik. Lárus lék vel í leiknum og átti þátt í sigurmarkinu en Uerdingen lenti 0-1 undir.

**Mörk í tveimur úrslitaleikjum**

Þórður Guðjónsson er ásamt Lárusi sá eini sem hefur tvisvar sinnum orðið bikarmeistari erlendis en hann vann belgíska bikarinn tvisvar með Racing Genk, árin 1998 og 2000.

Þórður skoraði í báðum bikarúrslitaleikjunum, þar af tvö mörk í seinni leiknum árið 2000. Þórður var valinn besti maður bikarúrslitaleiksins árið 2000 þegar Genk vann 4-1 sigur á Standard Liege. Staðan var 1-1 í hálfleik en Þórður tók yfir leikinn í seinni hálfleik og skoraði þá tvö mörk og lagði upp það þriðja. Þórður hafði einnig skorað eitt mark og lagt upp annað í úrslitaleiknum tveimur árum áður og er því sá eini sem hefur skorað í tveimur úrslitaleikjum.

Afrefk Péturs Péturssonar frá árinu 1980 er líka með þeim eftirminnilegri en Pétur skoraði þá tvö mörk fyrir Feyenoord í 3-1 sigri á hollensku meisturunum Ajax í bikarúrslitaleiknum sem fram fór á heimavelli Feyenoord. Ajax byrjaði betur, komst í 1-0 og klíkk-



**FRÁBÆR** Pétur Pétursson skoraði tvö mörk í 3-1 sigri Feyenoord á Ajax í bikarúrslitaleiknum í Hollandi 1980.

aði síðan á vítaspyrnu. Pétur brást hins vegar ekki bogalistin þegar hann jafnaði leikinn úr vítaspyrnu á 39. mínútu og hann innsiglaði síðan sigurinn með því að skora þriðja markið fimmtán mínútum fyrir leikslok.

Helgi Sigurðsson er fjórði íslenski knattspyrnumaðurinn sem hefur skorað tvennu í bikarúrslitaleik en hann skoraði tvö mörk í 3-1 sigri Stabæk á norsku meisturunum í Rosenborg í framlangdum bikarúrslitaleik árið 1998. Helgi skoraði fyrsta mark leiksins strax á 5. mínútu og innsiglaði síðan sigurinn í framlangunginni.

Meðal annarra íslenskra knattspyrnumanna sem hafa orðið bikarmeistarar á erlendri grundu eftir að hafa spilað í sjálfum bikarúrslitaleikum má nefna Jóhannes Eðvaldsson (Celtic, Skotlandi 1977), Ásgeir Sigurvinsson (Standard Liege, Belgíu 1981), Arnór Guðjohnsen (Anderlecht, Belgíu 1988), Árna Gaut Arnason (Rosenborg, Noregi 1999), Ólaf Örn Bjarnason (Brann, Noregi 2004) og Kára Arnason (Djurgården, Svíþjóð 2005) auk þess sem Guðni Bergsson varð bikarmeistari með Tottenham árið 1991 en fékk þá ekki að spreyta sig í bikarúrslitaleikum. oo@frettablaði.is



LANDSBANKAEILDIN

EFTIRMINNILEGIR BIKARÚRSLITALEIKIR ÍSLENDINGA

|   |  |
|---|--|
| <p><b>Jóhannes Eðvaldsson 1977</b><br/>Celtic, Skotlandi<br/>Hampden Park í Glasgow 7. maí<br/>Celtic vann Rangers 1-0<br/>Lék mjög vel sem miðvörður</p>                                   | <p><b>Arnór Guðjohnsen 1988</b><br/>Anderlecht, Belgíu<br/>Heysel-leikvangurinn 28. maí<br/>Anderlecht vann Standard 2-0<br/>Þótti besti maður vallarins</p>   |
| <p><b>Pétur Pétursson 1980</b><br/>Feyenoord, Holland<br/>Feyenoord-völlurinn 17. maí<br/>Feyenoord vann Ajax 3-1<br/>Skoraði tvö mörk</p>  | <p><b>Helgi Sigurðsson 1998</b><br/>Stabæk, Noregur 1998<br/>Ullevaal í Osló 1. nóvember<br/>Stabæk vann Rosenborg 3-1<br/>Skoraði tvö mörk</p>  |
| <p><b>Lárus Guðmundsson 1982</b><br/>Waterschei, Belgía 1982<br/>Heysel-leikvangurinn 23. maí<br/>Waterschei vann Waregem 2-0<br/>Skoraði bæði mörkin</p>                                   | <p><b>Þórður Guðjónsson 2000</b><br/>Racing Genk, Belgía<br/>Þjóðarleikvangurinn í Brussel 14. maí<br/>Racing Genk vann Standard 4-1<br/>Skoraði tvö mörk og lagði upp eitt og var valinn besti leikmaður úrslitaleiksins.</p> |
| <p><b>Lárus Guðmundsson 1985</b><br/>Bayer Uerdingen, V-Þýskaland 1985<br/>Olympiuleikvangurinn í Berlín 26. maí<br/>Uerdingen vann Bayern München 2-1<br/>Spilaði fyrstu 82 mínúturnar</p> |  |

# Sumar og sól!

**Grill svínakótilettur, reyktar frá Kjarnafæði**

**1.189** kr./kg.

Merkt verð 1.698 kr./kg



30% afsláttur

Álegg í bréfi allar tegundir frá Kjarnafæði.

**20% afsl.**

við kassann

Nautahakk, frosið frá Kjarnafæði.

**798** kr./kg.

Merkt verð 1.140 kr./kg.

Grill lambarifjur frá Kjarnafæði.

**398** kr./kg.

Merkt verð 498 kr./kg.



20% afsláttur



100% íslenskt nautakjöt



20% afsláttur





**ÞAD ER ADEINS EINN!**

PLAYSTATION 3

SMS  
LEIÐUR

**KICKIN' IT  
OLD SKOOL**  
FRUMSÝND 21. MAÍ



**ADALVINNINGUR!**  
**60GB PLAYSTATION 3**

**4 LEIKIR + 4 KASSAR AF EIGILS ORKU!**

**SENDU SMS BTC PS3**

**Á NÚMERN 1900 OG SVARADU EINNI SPURNINGU!**

**9 HVER  
- VINNUR!**

**BT**

**FULLT AF AUKAVINNINGUM:**

GTA IV • VIKING BATTLE FOR ASGARD • DARK SECTOR  
EURO 2008 • INCREDIBLE HULK • KIPPUR AF EIGILS ORKU  
BÍOMÍÐAR Á KICKIN' IT OLD SKOOL • PS3 AUKAHLUTIR  
DVD MYNDIR OG FULLT AF ÖÐRUM TÖLVULEIKJUM



# Frábært verð

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

OPIÐ  
til **20**  
alla daga

## Dantax 15" LCD sjónvarp

15LCDVDP1

- 15" 16:9 LCD skjár
- Upplausn: 1440x900 punktar
- Progressive Scan
- HD Ready
- Innbyggður DVD Spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW og JPEG
- Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m2
- Skerpa: 500:1 og svartími: 3,5ms
- 12v og 220v
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- kortalesari SD/MS/MMC
- USB tengi
- Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp
- Svefnrofi og fjarstýring
- Passar fyrir VESA100 festingar (fylgir ekki)
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 38,3x30,9x6,5



**39.990**kr

FRÁBÆRT VERÐ

## United 19" sambyggt

TVD7056

- 19" 16:9 LCD skjár
- Upplausn: 1440x900 punktar
- Innbyggður DVD Spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
- Sjónsvið (h/v): 150/130° og birtustig: 300 cd/m2
- Skerpa: 500:1 og svartími: 8ms
- 12v og 220v
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Scart, SVHS, CVBS og heymartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp
- 12v snúra fylgir
- svefnrofi og fjarstýring
- Passar fyrir VESA100 festingar (fylgir ekki)
- Borðstandur fylgir
- Stærð í cm (bxhxd): 46x35x8 og þyngd: 7kg



**54.990**kr

Verð áður 59.990.

## Dantax 20" LCD sjónvarp

20LCDV7

- 20" 4:3 LCD sjónvarp
- Upplausn: 800x600 punktar
- Svartími: 8ms og sjónsvið (h/v): 150/130°
- Skerpa: 700:1 og 500cd/m2
- 12v og 220v
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- 2 Scart, SVHS, CVBS og heymartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp með 7 síðna minni
- Barnalæsing og fjarstýring
- Borðstandur og veggfesting fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 52,3x43,5x7,9 og þyngd: 9kg



**39.990**kr

Verð áður 44.990.

## Panasonic 32" LCD sjónvarp

TX32LE7

- 32" HD 16:9 LCD Sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- HD Ready
- V-Real tækni - Einstök myndgæði
- Progressive Scan
- Skerpa: 3.000:1 og birtustig: 500 cd/m2
- Backlight Control
- VIERA Link
- 16w Nicam Stereó hljóðkerfi
- 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi
- Textavarp með 200 síðna minni
- Borðstandur fylgir
- Passar á Vogels EFW6205 ásamt EFA6875 veggfestinguna (fylgir ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 79,1x56,3x10,7 og Þyngd: 16kg



**89.990**kr

FRÁBÆRT VERÐ

## Dantax 40" LCD sjónvarp

40LCDV7

- 40" HD 16:9 LCD Sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Progressive Scan
- Skerpa: 2.000:1 og svartími: 8ms
- Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 550 cd/m2
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component og heymartólstengi
- Textavarp með 1.000 síðna minni
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 108x81,2x14,2




**119.990**kr

FRÁBÆRT VERÐ

## United ferða DVD spilari

DVP7046

- Fjölkerfa DVD Spilari - Svartur
- 7" LCD Breiðtjaldsskjár
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, DivX (MPEG-4, DivX 3.11, DivX 4.x, DivX 5.x), MP3 og JPEG
- Dolby Digital
- AV út og heymartólstengi
- Hleðslurafhlaða fylgir
- Spennubreytir fylgir
- Taska og bilhleðslutæki fylgir



**14.990**kr

FRÁBÆRT VERÐ

Gildir til 22. maí eða á meðan birgðir endast.  
Með fyrirvara um villur í texta.

Nýtt  
kortatímabil!

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

**> Dustin hoffman**

Dustin Hoffman hefur tvisvar sinnum hlotið Óskarsverðlaun. Fyrst árið 1980, er hann fékk verðlaunin fyrir hlutverk sitt í Kramer vs. Kramer. Í seinna skiptið var það árið 1988 fyrir leik í kvikmyndinni Rain Man. Hoffman leikur í I Heart Huckabees sem verður sýnd á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON FREISTAST TIL AÐ HORFA Á LEIÐINDI

### Enga norræna samvinnu án norskrar ástkonu

Það kann að hljóma undarlega en það getur verið afskaplega freistandi að horfa á leiðinglegt sjónvarpsefni. Þessu komst ég að þegar forsætisráðherrar Norðurlandanna ræddu um heimsmálin og norræna samvinnu í þætti sem sýndur var nýlega í ríkissjónvarpinu.

Þetta var eiginlega eins og að sitja í teboði hjá fyrirmyndarfjölskyldu þar sem rætt var um vammausa forfeður og niðja. Þann tíma sem freisting þessi hélt mér við ímbann kepptust viðmælendur við að lofsama norræna samvinnu og tína til hluti sem hinir norrænu gætu kennt heimsbyggðinni.

Þessi norræna samvinna kemur mér fyrir sjónir, og líklega fleirum sem ekki áttu sæti við þetta hringborð, eins og átak í að hafa



hömlur á lýðnum. Eftirlit, reglur og bönn virðast nefnilega sanna gildi sitt á hinum Norðurlöndunum áður en það bitnar svo á óhefluðum Íslendingum. Eina ópólitíska Íslendinginn sem ég hef heyrt fara fögrum orðum um norræna samvinnu var félagi minn sem átti norska ástkonu. Slíkt samstarf var hins vegar ekki til umræðu hjá ráðherrunum.

Þar held ég að skýringin sé komin á þessum leiðindum. Umræður þeirra sem mega ekki vamm sitt víta eru hábölváðar. Vinur er sá er til vamma segir en slíkur vinur fær ekki að sitja við norræna hringborðið frekar en að koma í teboð hjá fyrirmyndarfjölskyldunni. Það gerir ekkert til, hann hefur það bara ágætt á meðan með ástkonunni.

## EKKI MISSA AF



**20.10 Talið í söngvakeppni 2008** SJÓNVARPIÐ



**21.25 My Baby's Daddy** STÖÐ 2



**22.50 The People vs. Larry Flynt** STÖÐ 2



**00.55 Scary Movie 3** STÖÐ 2



**01.55 NBA-körfuboltinn** STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)  
**17.20 Táknálsfréttir**  
**17.25 Spæjarar** (14:26)(Totally Spies)  
**17.50 Bangsímón, Tumi og ég** (20:26)  
**18.15 Ljóta Betty** (Ugly Betty) (e)  
**19.00 Fréttir**  
**19.30 Veður**  
**19.35 Kastljós**  
**20.10 Talið í söngvakeppni 2008** (3:3) Upphitun fyrir Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem fram fer í Belgíu 20.-24. maí.  
**20.40 Ungir flóttamenn** (The Young Runaways) Bandarísk bíómynd frá 1968 um þrjá unglinga sem strjúka að heiman, hver af sinni ástæðu. Leikstjóri er Arthur Dreifuss og meðal leikenda eru Brooke Bundy, Kevin Coughlin, Lloyd Bochner og Patty McCormack.  
**22.15 Leikarar (The Actors)** Bresk bíómynd frá 2003 um tvo leikara sem reyna að beita leikarhæfileikum sínum til að koma sér úr vandræðum. Leikstjóri er Conor McPherson og meðal leikenda eru Michael Caine, Dylan Moran, Michael Gambon, Lena Headey og Miranda Richardson. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.  
**23.45 Spilling** (Touch of Evil)(e) Sígilid bíómynd eftir Orson Welles frá 1958 um morð, mannrán og spillingu í bæ á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó. Meðal leikenda eru Charlton Heston, Janet Leigh og Orson Welles. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlök**

## BÍÓ

**06.00 I Heart Huckabees**  
**08.00 Raise Your Voice**  
**10.00 Buena Vista Social Club**  
**12.00 Fjölskyldubíó: Búi og Símon**  
**14.00 Raise Your Voice**  
**16.00 Buena Vista Social Club**  
**18.00 Fjölskyldubíó: Búi og Símon**  
**20.00 I Heart Huckabees** Stjórnum hlaðin gamanmynd frá 2004.  
**22.00 16 Blocks**  
**00.00 Date Movie**  
**02.00 Melinda and Melinda**  
**04.00 16 Blocks**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**  
**08.15 Oprah**  
**08.55 Í finu formi**  
**09.10 Bold and the Beautiful**  
**09.30 La Fea Más Bella**  
**10.15 Homefront**  
**11.15 Standoff**  
**12.00 Hádegisfréttir**  
**12.45 Neighbours**  
**13.10 Wings of Love**  
**13.55 Wings of Love**  
**14.45 Punk'd**  
**15.25 Bestu Strákarnir** (e)  
**15.55 Galdrastelpurnar**  
**16.18 The Fugitives**  
**16.43 Ben 10**  
**17.03 Smá skritnir foreldrar**  
**17.28 Bold and the Beautiful**  
**17.53 Neighbours**  
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**  
**18.30 Fréttir**  
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**  
**19.30 The Simpsons**  
**20.00 America's Got Talent** Leitinn að hæfileikaríkasta fólkinu í Ameríku er hafin enn á ný. Hraður og fjölbreyttur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna.  
**21.25 My Baby's Daddy** Gamanmynd um þrjá vini sem þurfa skynndlega að full-orðna og axla ábyrgðar þegar kærustur þeirra verða allar óléttar. Aðalhlutverk: Eddie Griffin, Anthony Anderson, Tom „Tiny“ Lister Jr.  
**22.50 The People vs. Larry Flynt** Sannsöguleg verðlaunamynd um klámmögúlinn Larry Flynt sem átti í þrálátum málaferlum við bandarísk yfirvöld. Aðalhlutverk: Woody Harrelson, Courtney Love, Edward Norton.  
**00.55 Scary Movie 3** Fyndin hryllingsmynd þar sem margar af vinsælustu stórmyndum síðari ára fá það óþvegið. Aðalhlutverk: Anna Farris, Charlie Sheen, Pamela Anderson, Denise Richards.  
**02.15 U.S. Seals 3: Frogmen** Hasarmynd um sérveitarmenn hjá bandaríska sjóhernum. Aðalhlutverk: Bentley Mitchum, Tyler Christopher, John Simon Jones.  
**03.45 America's Got Talent**  
**05.10 The Simpsons**  
**05.35 Fréttir og Ísland í dag** (e)  
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ**

## SPORT

besta sætið

**07.00 Landsbankadeildin 2008** FH - IA  
**17.55 Landsbankadeildin 2008** FH - IA  
**19.45 Landsbankamörkin 2008** Öll mörkin skoðuð úr 2. umferð Landsbankadeildar karla.  
**20.35 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótariðinni og tímabilið framundan skoðuð.  
**21.00 Spænski boltinn** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.  
**21.30 Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu** Fréttabáttur um Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðuðar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.  
**22.00 World Supercross GP**  
**22.55 World Series of Poker 2007** Á Heimsnótariðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaþorðinu og keppa um stórar fjárhæðir.  
**23.45 World Series of Poker 2007**  
**00.35 Snowcross World Championship**  
**01.00 Harlem Globetrotters: The team that changed the world** Þáttur sem gerður var um þetta fræga sýningarlið sem ferðast hefur um heiminn og sýnt listir sínar.  
**01.55 NBA-körfuboltinn** Úrslita-keppnin. Bein útsending frá leik í úrslita-keppni NBA. Utah - LA Lakers

## SPORT 2

enski boltinn

**17.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Derby og Reading í lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar.  
**19.05 Bestu leikirnir** Sýnt frá stórbrotnum leik Tottenham og Aston Villa frá því fyrir í vetur. Sóknarknattpyrna af bestu gerð.  
**20.50 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnumar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.  
**21.20 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar. Liverpool - Newcastle, 96/97.  
**21.50 PL Classic Matches** Nottingham Forest - Man. Utd., 98/99.  
**22.20 10 Bestu / Upphitun** Hitað upp fyrir þættina „10 bestu“. Amari Björnsson fær til sín góða gesti í myndver.  
**23.10 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hvernar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

## SKJÁREINN

**07.30 Game tívi** (e)  
**08.00 Rachael Ray** (e)  
**08.45 Vörutorg**  
**09.45 Óstöðvandi tónlist**  
**16.15 Vörutorg**  
**17.15 Snocross** (e)  
**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gömsæta rétti.  
**18.30 Jay Leno** (e)  
**19.20 One Tree Hill** (e)  
**20.10 Survivor: Micronesia** (11:14) Sextánda þáttaröðin í vinsælustu raunveruleika-seríu allra tíma. Nú eru það tíu eldheitar aðdáendur þáttanna sem fá að spreya sig gegn tíu vinsælum keppendum úr fyrri Survivor-seríum.  
**21.00 Svalbarði** Þorsteinn Guðmundsson fær til sín góða gesti.  
**22.00 Lipstick Jungle** (e)  
**22.50 The Eleventh Hour** (3:13) Dramatísk þáttaröð sem gerist á sjónvarpsstöð og aðalsöguheftum eru fréttamenn og pró-dúsentar á fréttaskýringabætti. Yfirmenn stöðvarinnar eru ósáttir með áhorfið og ráða unga og glæsilega konu til að hafa yfirumsjón með framleiðslunni og það fellur misvel í kramið hjá gömlu fréttahaukunum.  
**23.40 Professional Poker Tour** (20:24) Erfiðasta og skemmtilegasta pókermót í heimi. Á meðal keppenda eru lifandi goðsagnir í pókerheiminum. Keppt er á fimm mótum í flottustu spilavítum heims þar sem allt lagt undir.  
**01.10 Brotherhood** (e)  
**02.10 Law & Order: Criminal Intent** (e)  
**03.00 World Cup of Pool 2007** (e)  
**03.50 C.S.I.** (e)  
**04.30 C.S.I.** (e)  
**05.10 Vörutorg**  
**06.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

# LITIR, LÍF & ENDALAUST ÚRVAL

Verslanir Kringlunnar eru fullar af nýjum og spennandi sumarvörum. Komdu og finndu eitthvað sumarlegt til að gleðja þig eða aðra.

**Opið til 19 í dag og 10-18 á morgun**

## Kringlan

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19:55

America's Got Talent

Leitin að hæfileikaríkasta fólkinu í Bandaríkjunum stendur sem hæst og nú fara áheyrnarprufurnar fram í Chicago. Þættirnir koma úr smíðju höfundna American Idol og So You Think You Can Dance og dómarnir Pierce Morgan og David Hasselhoff hafa fengið frábæran liðstyrk því Sharon Osbourne er nýr dómari. Kynnir í þáttunum er sjálfur Jerry Springer. Hér er á ferð hraður og fjölbreyttur skemmtipáttur fyrir alla fjölskylduna.



VIÐ MÆLUM MED Svalbarði

SKJÁR EINN KL. 21.00

Spríklandi ferskur skemmtipáttur í umsjón Þorsteins Guðmundssonar sem fær til sín góða gesti. Hljómsveitin Svalbarði spilar dillandi danstónlist ásamt söngkonunni Ágústu Evu Erlendsdóttur sem einnig bregður sér í ýmis gervi með Þorsteini í nýstárlegum leiknum atriðum.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.05 Morgunvaktin
- 06.40 Veðurfregnir
- 06.50 Bæn
- 08.00 Morgunfréttir
- 09.05 Óskastundin
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Sagnaslóð
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Vitt og breitt
- 14.03 Stjörnukikir
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Útvarpsagan: Lesarinn
- 15.30 Dr. RÚV
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregnir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Pollapönk
- 20.30 Lífið sækir fram
- 21.10 Flakk
- 22.07 Veðurfregnir
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Litla flugan
- 23.00 Kvöldgestir
- 00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks

16.30 Hollyoaks

17.00 Wildfire

17.45 X-Files

18.30 The Class Nýr gamanþáttur úr smíðju þeirra sem framleiddu Friends og Mad About You.

19.00 Hollyoaks Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

19.30 Hollyoaks

20.00 Wildfire Þriðja þáttaröðin um hana Kris sem var í byrjun send nauðug á búgarð í sveit en þar féll hún fyrir hestamennskunni og þá sérstaklega kappreiðarhestinum Wildfire.

20.45 X-Files Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirmáttúrleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.

21.30 The Class

22.00 Bones Brennan og Booth snúa aftur í nýrri seríu af spennuþættinum Bones.

22.45 ReGenesis Sérdeild innan lögreglunnar í Toronto sem sérhæfir sig í glæpum af lífefna- og lífeðlisfræðilegum toga.

23.30 Rock School Gene Simmons úr hljómsveitinni Kiss er mættur í annað sinn og tekur nú að sér að gera agalausa og kjaffora unglinga að alvöru rokkurum.

00.20 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Mér finnst... Raunveruleikasjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaus um allt sem þeim dettur í hug. Umsjónarkonur eru Ásdís Olsen og Kolfína Baldvinsdóttir.

21.00 Skoðanaskipti Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi ræðir um borgarmenningu við gesti sína.

21.30 Íslands Safari Þáttur í umsjón Akeem Richard Oppong, formanns Íslands Panorama. Hann ræðir við gesti sína um fjölmenningu og fjölþjóðlegt samfélag.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Ærlig talt 10.35 Aftenshowet 11.05 Aftenshowet 2. del 11.25 Vildmarkens datter 11.50 Rabatten 12.20 Elsker dig for evigt? 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.15 Optaktsudsendelse til det Europæiske Melodi Grand Prix 14.00 Boogie Listen 15.00 Kim Possible 15.25 F for Får 15.30 Fredagsbio 15.45 Benjamin Bjørn 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Disney Sjov 18.00 Tivolivarieté 2006 19.00 TV Avisen 19.30 Basic 21.05 Hvor hjertet er 23.00 Boogie Listen

NRK 1

10.00 NRK nyheter 10.10 Tinas mat 10.40 Columbo 11.55 Sjukehuset i Aidenstfield 12.45 Giro d'Italia direkte: 7. etappe 15.30 Oddasat - Nyheter på samisk 15.45 Historien om ... 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Mille og Martin 16.05 Mamma Mirabelle viser film 16.20 Charlie og Lola 16.30 Safari Europa 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Norge rundt 17.55 Michael Palins nye Europa -Ved reisons slutt 18.50 20 spørsmål 19.20 Detektimen: Kalde spor 21.00 Kveldsnytt 21.20 Hotell Babylon 22.10 Adresse Beograd 22.40 Magnet i full symfoni 23.35 Country jukeboks med chat

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Annes trädgård 10.45 Inför Eurovision Song Contest 2008 11.45 Glasklart 12.45 Veronica Mars 13.30 Sixties 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 I trädgården med Camilla Plum 15.30 Plus sommar 16.00 Hotell Kantarell 16.30 Rasmus på luffen 17.00 Bobster 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Så ska det låta 19.00 Var fan är mitt band? 19.30 Kill Bill: Vol. 1 21.20 Rapport 21.30 Kulturmyheterna 21.45 Morgonsoffan 22.15 Roadkill 23.50 Sändningar från SVT24



24 mörk skoruð í fyrstu umferð Landsbankadeildarinnar

„Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is var langfyrstur með mörkin í fyrstu umferð Landsbankadeildarinnar. Boltavakt visir.is og Fréttablaðsins verður á öllum leikjum sumarsins í Landsbankadeild karla. Öll mörk, spjöld og helstu atriði leikjanna verða í beinni textalýsingu. Visir.is er öflug frétt- og upplýsingaveita í stöðugri sókn sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir liðandi stundar fljótt og örugglega. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja visir.is.



## HVAD VAR ÉG AÐ SPÁ?



„Raunar hélt ég aldrei að ég kæmist áfram í keppninni. Maður er allinn þannig upp, eitthvað séríslenskt, að búast alltaf við því versta.“

Sigrún Eðvaldsdóttir, fíðluleikari í DV 1990, um Sibelius-keppnina þar sem hún lenti í þriðja sæti.

„Ég var glöð að hafa þennan hugsunarhátt því það bjargaði mér frá því að gera mér óraunhæfar væntingar á þessum tíma. En í dag hef ég lesið The Secret sem segir að maður eigi að sjá sigurinn fyrir sér og þannig verði hann að veruleika. Nú reyni ég að temja mér það,“ segir Sigrún nú.

|    |    |    |    |    |    |
|----|----|----|----|----|----|
| 1  |    | 2  | 3  | 4  | 5  |
| 6  | 7  |    | 8  |    |    |
| 9  |    | 10 |    | 11 |    |
| 12 |    |    | 13 |    |    |
|    | 14 |    |    |    | 15 |
| 16 |    |    | 17 |    |    |
| 18 |    | 19 |    | 20 |    |
| 21 |    |    |    |    |    |

## LÁRÉTT

2. eiga 6. mannpvaga 8. meðal 9. blaður 11. tveir eins 12. afspurn 14. gistiús 16. mun 17. víður 18. skurðbrún 20. klaki 21. pottréttur.

## LÓÐRÉTT

1. eins 3. skammstöfun 4. sumbl 5. styrkur 7. sammála 10. arinn 13. sígað 15. andaðist 16. kirna 19. tveir eins.

## LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. sömu, 3. al, 4. fyllir, 5. af, 7. samhuga, 10. stó, 13. at, 15. tít, 18. egg, 20. ís, 21. rag, 17. íll, 12. umtal, 14. hótél, 16. ku, 17. háfa, 6. ós, 8. lvi, 9. mas.

## VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8.

- 255.
- Jón bóndi.
- Sif Aradóttir.

**Takk!**

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...  
...góðar fréttir fyrir umhverfið

## Dóri DNA semur ástarljóð fyrir Dísu

„Ég reyndi við þetta í fyrra en komst þá ekki að. Núna hafðist þetta hins vegar eftir langt og strangt inntökupróf,“ segir rapparinn góðkunnir Dóri DNA. Hann mun setjast á skólabeck í haust í Listaháskólanum og læra þar Fræði og framkvæmd; námsbraut sem hefur heldur betur slegið í gegn hjá listskapandi Íslendingum að undanförnu. Dóri fór í bókmenntafræðina í HÍ á síðasta ári en fann sig ekki almennilega enda víðurkennir hann að hugurinn hafi alltaf stefnt á Listaháskólann í þetta nám. „Ég held að þetta sé mjög skemmtilegt og hlakka mikið til. Við verðum þrír strákar í tíu

manna hópi þannig að kynjahlutöllin eru ekki alveg jöfn,“ bætir Dóri við.

Hann er þó ekki búinn að leggja textasmíðina á hilluna en á frumraun Bryndísar Jakobsdóttur, Dísa, er að finna ljóð þar sem rapparinn sýnir á sér nýja og öllu mýkri hlið. Lagið ber nafnið Ljáu mér eyra og hljómaði fyrst í kvikmyndinni Veðramót sem var einmitt leikstýrt af móður Dóra, Guðnýju Halldórsdóttur. Miðað við textann er ljóst að brotin hjörta og táraflóð eru ekki langt undan. Og þótt Dóri vilji ekki ganga svo langt segir hann að oft sé gott að yrkja sig út úr tilfinningaflækjum. „Er maður

ekki annars alltaf að yrkja um ástina?“ Ljóðið hefur hins vegar vakið verðskuldaða athygli og hrósaði Valgeir Guðjónsson honum meðal annars fyrir góðan texta. „Þetta er kannski ekki mitt besta ljóð en textinn er vissulega með þeim kjarnytari sem ég hef fest á blað.“ -fgg



Á LEIÐ Í LISTAHÁSKÓLA Dóri DNA ætlar að setjast á skólabeck og nema Fræði og framkvæmd í Listaháskóla Íslands.

## TRÉKYLLISVÍK: FRÆGUR MAÐUR AÐ SUNNAN STAL SIGRINUM

## Hrafn Jökulsson vinnur ljósmyndasamkeppni

„Ég hef gaman af því að taka ljósmyndir en af því að ég hef unnið með mjög mörgum góðum ljósmyndum veit ég hversu mikið er ólært,“ segir Hrafn Jökulsson, hlédrægur en stoltur sigurvegari í ljósmyndasamkeppni.

Úrslit myndasamkeppninnar Göngur og réttir á Ströndum 2007, sem Sauðfjársetur á Ströndum stóð fyrir í samvinnu við strandir.is, voru nýverið kynnt. Mörg hundruð myndir bárust í keppnina, var kosið milli sex þeirra sem í úrslitum voru og bárust hundruð atkvæða. Hrafn stóð uppi sem sigurvegari en hann náði að fanga augnablikið. Jón Brynjar Kjartansson, rétt að verða 7 ára, í smalamennsku. Hrafn býr í Trékyllisvík í Árneshreppi og tekur við verðlaunum og víðurkenningu fyrir sigurinn við opnun Sauðfjársetursins í Sævangi á sjómánadaginn sem er 1. júní.

„Ég hef verið að dunda mér við ljósmyndun síðustu árin og einmitt tekið mikið af myndum hér á Ströndum,“ segir Hrafn spurður um þessa nýju og óvæntu hlið sem hann sýnir nú á sér. Hrafn líkar dævel í sveitinni. „Við hjónin verðum hér að óbreyttu að minnsta kosti ár til viðbótar. Árneshreppur er dásamlegur staður, eins og ég vissi reyndar fyrir, náttúran margbrotin og ægífögur og mannlífið skemmtilegt. Mér er sagt að veturinn hafi verið óvenjulega hryssingslegur og sólin sést ekki hér í þrjá mánuði. Myrkur og stormar angra mig lítið, þó ég gangi ekki alveg jafn langt og sumir inúftar sem halda hátför til að fagna þegar sumri lýkur og blessaður veturinn tekur við,“ segir Hrafn.

Hann sendi frá sér bók sem fór hátt í síðasta jólabókaflóði. Þar sem vegurinn endar seldist í hátt í tíu þúsund eintökum og nú er verið að dreifa henni í kiljuformi í bókabúðir. Hrafn er byrjaður að bauka við nýja bók sem kannski kemur út í



VERÐLAUNAMYND HRAFNS Hrafn hafði sigur í ljósmyndasamkeppni og nær að gripa augnablikið: Jón Brynjar að verða 7 í smalamennsku.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRAFNS

haust. „Hún er ekki beinlínis framhald af Þar sem vegurinn endar, en einhverjir þræðir liggja á milli. Ég er að rannsaka sitthvað hjá mínu fólki, allt aftur á 13. öld. Þegar ég vil teygja úr mér geng ég á reka í Stóru-Ávík, skrepp í kaupfélagið eða leik við kettina.“

Kettirnir eru þrír og heita Bernharð, Óskar og Kúrt. Fyrstu stafnirnar mynda BÓK, en það er tilviljun. „Ég var mjög glaður og innilega þakklátur yfir móttökunum sem bókin mín fékk. Hún er minn ódur til Árneshrepps og til bernskunnar og ástarinnar. Þetta er þess vegna mjög persónuleg bók, þó ekki sé hún jätningabók eða kviðristurit. Ég settist ekki niður til að skrifa metsölu-bók, en það gladdi mig auðvitað mikið að hún skyldi rata til svo margra.“ jakob@frettabladid.is

HRAFNS JÖKULSSON þar sem vegurinn endar gekk vel þótt ekki væri það kviðristurit. Hrafn er nú byrjaður á næstu bók.

## Sjónvarpskonur selja fötin sín í Kolaportinu

Fjöldi fólks leggur leið sína í Kolaportið um hverja helgi til að selja, kaupa eða bara skoða eitthvað af því dóti sem í boði er. Í hópi sölumanna á morgun verða nokkur kunnugleg andlit en þá munu þrjár núverandi og fyrrverandi sjónvarpskonur bjóða notuð föt af sjálfum sér til sölu. Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, fyrrverandi sjónvarpskona og núverandi ritstjóri Skessuhorns, verða saman með sölubás og á öðrum bás verður Anna Rakel Róbertsdóttir í sölu-stellingum, ásamt vinkonu sinni, hárgreiðslukonunni Þórhildi Ýri Jóhannesdóttur, sem einnig hannar föt undir merkinu Tóta Design.

„Við höfum verið að taka allt í gegn heima og mála svo ég réóst í að fara í gegnum skápana. Það fylgja ansi mikil fatakaup þessari vinnu sem ég er í svo ég ákvað bara að fara með þetta og prófa að selja það. Vonandi getur einhver notað það sem ég er kannski orðin leið á,“ segir Ragnhildur Steinunn, sem segir kenna ýmissa grasa í

þeim fatapokum sem hún mun hafa meðferðis á morgun. „Þetta eru alls konar föt, allt frá jogging-göllum upp í einhverja kjóla og föt sem ég hef notað í sjónvarpinu,“ útskýrir Ragnhildur, sem tilheyrir reyndar fastagestahópi Kolaportsins. „Ég kaupi náttúrulega alltaf harðfiskinn minn í Kolaportinu og svo kaupi ég mikið af fötum þar líka. Gamla kjóla af krúttlegum konum og svona,“ segir hún og hlær við. „Ég hef samt aldrei farið að selja þar áður og hlakka bara mikið til að standa þarna í einn dag. Það er svo mikil stemming þarna,“ segir hún.

Kolaportið er opið frá 11-17 um helgar.

- sun

HREINSAD TIL Í SKÁPUNUM Þær Ragnhildur Steinunn, Sigrún Ósk og Anna Rakel verða á meðal sölumanna í Kolaportinu á morgun, en margir kannast við andlit þeirra af sjónvarpskjánum.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Capacent sendi frá sér funheitar áhorfstölur í gær sem hljóta að vera verulegt áhyggjuefni þeim Páli Magnússyni og Þórhalli Gunnarssyni hjá Ríkissjónvarpinu. Eftir mikið flug í vetur virðist fuglign magalentur því áskriftarsjónvarpið Stöð 2 er komið upp að hlið Sjónvarpsins í áhorfi í mínútum talið og hlutdeild þegar litíð er til aldursins 12 til 80 ára. Á aldursbilinu 12-49 ára, þangað sem auglýsingagögar horfa helst, er Stöð 2 komin fram úr með 345 mínútur á móti 297 mínútum RÚV og hlutdeildin er 33,5 á móti 28,9 prósentum. **Pálmi Guðmundsson**, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, lyftir brúnum meðan tölur sýna að áhorf á RÚV hrynur um 28 prósent milli vikna.



Þótt **Egill Helgason** með sitt Silfur hjá RÚV tengi frí sín frí þingmanna (sem þó halda því fram að þótt þingið starfi ekki séu þeir ekki í frí) heldur **Sigmundur Ernir Rúnarsson** ótrauður áfram með þátt sinn Mannamál. Næsti aðalgestur hans er forvitnilegur í þetta falli því sá er enginn annar en **Arni Magnússon**, fyrrverandi ráðherra Framsóknarflokksins, sem hvarf óvænt og skyndilega úr stjórnmálum fyrir tveimur árum og hefur ekki sést síðan. Hann fór til starfa hjá Glitni og er ekki vitað hvort hann er einn þeirra 255 sem fengu uppsagnarbréf en Sigmundur ætlar að spyrja út í það og hvers vegna hann hætti í pólitík. -jbg



Model 88 með örmum  
**24.800,-**



Hvítur með eikar fótum



Svartur með eikar fótum



Svartur með brúnum fótum

Hæð: 89 sm.  
Leður: Hvítt og svart.

Model 89 án arma  
**16.800,-**



Svartur með brúnum fótum



Hvítur með brúnum fótum



Svartur með eikar fótum

Hæð: 89 sm. Þyngd: 4,8 kg.  
Leður: Hvítt, svart og brúnt.  
Einnig til hvítur m. eikar fótum og brúnn m. eikar- og br. fótum

Model 05  
**17.800,-**



Hvítur með eikar fótum



Svartur með brúnum fótum



Brúnn með eikar fótum

Hæð: 100 sm. Þyngd: 5,9 kg.  
Leður: Hvítt, svart og brúnt.  
Einnig til hvítur m. br. fótum svartur m. eikarfótum, brúnn m. br. fótum

Model VB1  
**18.800,-**



Svartur með eikar fótum



Hvítur með brúnum fótum



Svartur með brúnum fótum

Hæð: 103 sm. Þyngd: 5,7 kg.  
Leður: Hvítt, svart og brúnt.  
Einnig til hvítur m. eikar fótum brúnn m. eikar- brúnum fótum

**OPIÐ VIRKA DAGA 10-18  
LAUGARDAGA 11-16**



**15%  
afsláttur!**

Kakan tungusófi / Model: 670  
Leður: Hvítt, svart og rautt.  
Verð 279.000,-

300x195 sm.

**HEIMA mood**  
**HÚSIÐ heima**  
*Öndregi*



**BAKPANKAR**  
Bergsteins  
Sigurðssonar

## Grillir í sumar

Hamingjan þarf ekki að fara með himinskautum, segir í ágætri bók. Það eru orð að sönnu og sést sjaldan jafn greinilega á Íslandi og um kvöldmatarleytið á sólríkum sumardögum, þegar svalir, bakgarðar, verandir og pallar íða af lífi. Þá felst hamingjan í að standa fyrir framan snarkandi gasgrill, með sólgleraugu og opna bjórflösku, og horfa á logana læsa sig í sérvalið nautakjöt úr einhverju kjötborðinu. Íslenska hamingjan, í sinni tærustu mynd, hefur tvær kryddlegnar hliðar, kviknar við mikinn hita og varir í um það bil tíu mínútur – fimm á hvorri hlið.

Á seinni hluta 20. aldar var kola-grillið hin helgu vé karlmennskunnar og nálægt því áttu konur og veifiskatar ekkert erindi. Hinn riddaralegi fyrirsjáttur var eitt-hvað á þá leið að olíumettuð bruna-lyktin væri ekki konum sæmandi og gerði fingerðum lungum þeirra jafnvel illt. Raunverulega ástæðan var vitaskuld hið opinbera leyndarmál að konur væru liðónýttir grillarar sem kynnu ekki að tendra í kolum og ættu að halda sig við meðlætið.

**MENN** sem að öðru leyti komu aldrei nálægt matseld breyttust í meistarakokka í grennd við grillið, vissu nákvæmlega hvernig átti að stafla kolum til að ná hámarksfuna og hversu mikill safi væri eftir í lærisneiðunum út frá blæbrigðum snarksins einu saman. Ekkert var þeim ofviða, þeir gátu grillað allt: lamb, sveppi, banana ... þeir hefðu grillað skyr og harðfisk hefði einhver manað þá til þess.

**HARÐGERÐUSTU** karlmenntu urðu meyrari en nýslátraður heim- alningur við það eitt að finna lykt af brennandi kolum. Vírburstinn var þeirra veldissproti. En svo kom gasið sem frelsaði konur úr viðjum kartöflusalatsins og kryddsmjör- sins og þær tóku til óspilltra mál- anna við að raða grænmetisspjót- um og lúðu á teinana. Eins og hendi væri veifað varð grillið hin göfuga matargerðarlist smáborgarans, eins og einhvers staðar stendur; það rekur enda smíðshöggjö á heil- aga þrenningu hins íslenska sum- ars: sól, hiti, grill.

**GRILLBOÐ** eru nefnilega tákn- mynd þess að loksins hafi orðið langþráð endaskipti á hlutunum. Grámóskan hefur vikið fyrir tær- bláum himni og grænum gróðri, ylurinn og birtan koma að ofan, brúnkan er ekta, við höfum fengið frí frá þinginu. Grillið er með öðrum orðum brennipunktur kjör- aðstæðna á Íslandi, í orðsins fyllstu merkingu. Og full ástæða til að vegsama þær þá sjaldan við verðum þeirra aðnjótandi.

**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er föstudagurinn 16. maí,  
138. dagur ársins.

| Sólarupprás    | Hádeggi | Sólarlag |
|----------------|---------|----------|
| Reykjavík 4.09 | 13.24   | 22.42    |
| Akureyri 3.24  | 13.09   | 22.47    |

Heimild: Almanak Háskólans



## Fljótandi lúxushótel

–Spennandi ævintýraferðir á framandi slóðum

| Midjarðarhafið og Barcelona  | Austur-Karíbahaf   | Vestur-Karíbahaf   |
|--|--|--|
| 5. - 19. september <b>Uppselt</b>  | 9. - 20. september <b>Laus sæti</b>  | 16. - 27. september <b>Uppselt</b>   |
|  |  |  |
| Verð frá 309.632,-*<br>á mann í tvíbýli í ytri klefa með svölum<br>Fararstjóri: Kristinn R. Ólafsson     | Verð frá 237.314,-*<br>á mann í tvíbýli í ytri klefa með svölum<br>Fararstjóri: Kjartan Trausti Sigurðsson | Verð frá 222.276,-*<br>á mann í tvíbýli í ytri klefa með svölum<br>Fararstjóri: Lilja Jónsdóttir   |
| Lífsstíls og dekurferð:<br>New York og Karíbahaf   | Skemmtisigling:<br>New York og Bermuda   | Fjölskylduferð:<br>Bahama og Orlando   |
| 7. - 21. nóvember <b>Örfá sæti laus</b>  | 17. - 24. október <b>Laus sæti</b>   | 6. - 14. febrúar 2009 <b>Laus sæti</b>   |
|  |  |  |
| Verð frá 302.588,-*<br>á mann í tvíbýli í ytri klefa með svölum<br>Fararstjóri: Bjargey Aðalsteinsdóttir | Verð frá 234.608,-*<br>á mann í tvíbýli í ytri klefa með svölum<br>Fararstjóri: Bjargey Aðalsteinsdóttir   | Verð frá 199.856,-*<br>á mann í tvíbýli í ytri klefa með svölum<br>Fararstjóri: Björk Jakobsdóttir |

Að fara í skemmtisiglingu er eins og að fara í margar ferðir því á hverjum morgni vaknar maður á nýjum og spennandi áfangastað. Skip Royal Caribbean sigla um öll heimsins

höf og um bord eru veitingasalir, barir, kaffihús, líkamsrækt, heilsulindir, leikhús, bíó og flesta daga er boðið upp á nýjar skoðunarferðir í nýju landi. Hafðu samband og kynntu þér málið á [www.uu.is](http://www.uu.is)

